allt
Stefanía Aradóttir:
Nýtur lífsins í Húsabakkaskóla
• nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Vignir Snær Vigfússon:
*Eurovisionlagið er ekki stolið*
• blæs á allar sögusagnir
SÍÐA 34 ▶

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. apríl 2005 – 112. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000
vísir


**MIÐVIKUDAGUR**



**52 MILLJARÐA KOSTNAÐUR** Örorka kostar landsmenn rúma fimmtíu milljarða króna árlega samkvæmt nýrri skýrslu sem heilbrigðisráðherra og forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands kynntu í gær. Ungir öryrkjar eru meira en helmingi fleiri en í nágrannalöndunum. **Sjá síðu 2**

**BIÐLA TIL FRAKKA** Leiðtogar Frakklands og Þýskalands, Jacques Chirac forseti og Gerhard Schröder kanslari, sneru saman bökum í gær í átaki til varnar stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins. **Sjá síðu 2**

**Á VONARVÖL** Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu segir rekstur hennar á vonarvöl þar sem ríkið styðji starfsemina ekki. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu utanríkisráðherra á Alþingi í gær sem sagði ráðuneyti sitt ákveða sjálft hvernig fé til mannréttindamála skyldi varið. **Sjá síðu 10**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART MEÐ KÖFLUM** Smáskúrir á Vestfjörðum og þokusúld við norðaustur- og austurströndina annars þurrt. Hiti 4-13 stig mildast suðvestan til. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**DÍNAMIT FRUMSÝNT** Leikritið Dínamít eftir Birgi Sigurðsson verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Leikritið fjallar um þýska heimspekinginn Friedrich Nietzsche.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 28 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |


82%

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

# Má takmarka eftirlaunarétt

**Í lögfræðiáliti um eftirlaunalög segir að heimilt sé að takmarka eða fella niður eftirlaunaréttindi ráðamanna sem gegna launuðu starfi.**

**EFTIRLAUNAMÁLIÐ** Heimilt er að takmarka eða fella niður eftirlaunaréttindi ráðamanna sem gegna launuðu starfi.

Þetta kemur fram í lögfræðiáliti sem Karl Axelsson og Lilja Jónasdóttir hæstaréttarlögmenn unnu að beiðni Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.


HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

Þrátt fyrir að eftirlaunaréttindi njóti verndar samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar telja lögmennirnir að heimilt sé að takmarka réttindin að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Gera verði greinarmun á takmörkun eða niðurfellingu réttinda að hluta annars vegar og niðurfellingu réttinda í heild sinni hins vegar.

Eftirlaunaréttindi verða þó aðeins takmörkuð eða skert með skýlausri lagaheimild og verður hún að vera reist á málefnalegum sjónarmiðum.

Lögmennirnir segja að í stað þess að tala um skerðingu eða niðurfellingu réttinda sé nær að tala um frestun á töku eftirlauna í þessu samhengi. Strangt til tekið sé ekki verið að skerða eða fella niður rétt heldur eingöngu að fresta því að hann öðlist gildi.

Þá segir að tilgangur eða markmið eftirlaunagreiðslna sé að tryggja rétthöfum framfærslu þegar þeir hafa látið af störfum. Rétthafi sem gegnir öðru starfi þarf ekki að njóta greiðslna úr ríkissjóði sér til framfærslu.

Lögmennirnir telja þó að ekki ætti að hrófla við eftirlaunaréttindum þeirra sem þegar þiggja þau. Það sé þó ekki ótvírætt óheimilt.

Halldór og Davíð Oddsson utanríkisráðherra funduðu um málið eftir ríkisstjórnarfund í gær og í kjölfarið sendi Halldór forsætisnefnd Alþingis lögfræðiálitið. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn höfðu haft deildar meiningar um hvaða áhrif breytingarnar gætu haft á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Halldór sagði í fréttum Stöðvar 2 að málið yrði ekki afgreitt á næstu dögum því hvort er eð yrði ekki hreyft við virkum réttindum.

Davíð Oddsson sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að hann ætti eftir að kynna sér lögfræðiálitið.

Þegar Davíð var spurður um ummæli Halldórs í fréttum Stöðvar tvö fyrr um kvöldið, að hann útilokaði ekki að málið yrði skoðað betur, svaraði utanríkisráðherra: „Þú þarft ekkert að segja mér hvaða skoðun Halldór hefur, ég umgengst hann ekkert minna en þú.“


DAVÍÐ ODDSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er samhljómur innan þingflokks Framsóknarflokksins um að búa eigi svo um í lögum að ráðamenn geti ekki verið á tvöföldum launum.

Gert er ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram í upphafi haustþings.

- sda

sjá síðu 4


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞÚSUNDIR UNDIRSKRIFTA** Svava og Sigríður Björnsdætur, fulltrúar forvarnarverkefnisins Blátt Áfram afhentu í gær Bjarna Benediktssyni formanni allsherjarnefndar Alþingis 14.000 undirskriftir. Þær eru til stuðnings frumvarpi Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns um afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum.

Afhentu þingmönnum 14 þúsund undirskriftir:

# Vilja afnema fyrningu

**STJÓRNMÁL** Forystumenn forvarnaverkefnisins Blátt áfram afhentu allsherjarnefnd Alþingis í gær 14 þúsund undirskriftir þar sem hvatt er til þess að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki.

Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, segir koma til greina að vísa málinu til dómsmálaráðuneytisins þar sem unnið er að aðgerðaáætlun til að sporna gegn kynferðisofbeldi. Hann segir hins vegar ekki koma til greina að samþykkja frumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar um að afnema fyrningar í kynferðisbrotamálum gegn börnum.

Sjá síðu 6

Ibrahim al-Jaafari heggur á hnútinn:

# Ráðherralistinn er loksins tilbúinn

**BAGDAD, AP** Ibrahim al-Jaafari verðandi forsætisráðherra Íraks hefur loksins náð að setja saman ráðherralista sinn. Þar með lýkur tæplega þriggja mánaða langri stjórnarkreppu í landinu sem verkaði sem olía á eld uppreisnarmanna.

Þótt úrslit írösku kosninganna í janúar hafi verið allskýr þá hefur gengið erfiðlega að mynda ríkisstjórn í landinu. Í gær tókst hins vegar að höggva á hnútinn en þá gekk Ibrahim al-Jaafari, leiðtogi kosningabandalags sjía, á fund Jalal Talabani forseta og kynnti honum ráðherralista sinn. Fallist Talabani á tillögurnar getur íraska stjórnlagaþingið greitt atkvæði um stjórnina á næstu dögum.

Sjálfur listinn hefur ekki verið gerður opinber en að líkindum fær sjíabandalagið flest ráðuneytanna 32 í sinn hlut. Kúrdar, súnníar og kristnir skipta afgangnum á milli sín. Enda þótt flokkur Iyad Allawi, fráfarandi forsætisráðherra, hafi fengið 40 þingsæti í kosningunum fær hann engin ráðherraembætti því al-Jaafari taldi mikilvægara að gera súnníum hærra undir höfði. ■


MYND AP

**FRÁ ÍRASKA ÞINGINU**
Þingmenn greiða atkvæði um ráðherralista al-Jaafari þegar Talabani forseti hefur lagt blessun sína yfir hann.




MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



## SPURNING DAGSINS

*Jens, er lífið skemmtilegt?*

**„Já, ef í því felst að menn séu að auka kaupmátt ráðstöfunartekna. Annars eru reyndar brekkur í þessu.“**

Jens Andrésson er formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana. Hann sagði í Fréttablaðinu í gær að líf sitt snerist um kjarasamninga.

Chirac og Schröder:

# Ákalla Frakka um samþykkt sáttmála

**FRAKKLAND, AP** Leiðtogar Frakklands og Þýskalands, Jacques Chirac forseti og Gerhard Schröder kanslari, sneru saman bökum í gær í átaki til varnar stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins. Vöruðu þeir báðir franska kjósendur við því að hafna sáttmálanum er þeir ganga til þjóðaratkvæðis um hann í lok maí. Slíkt myndi skapa mikla kreppu í Evrópusamvinnunni og spilla áhrifum Frakka innan sambandsins sem þeir áttu mótandi þátt í að búa til.

Chirac og Schröder og fleiri ráðherrar úr ríkisstjórnum beggja áttu viðræður í París í gær í nafni reglulegs samráðs þjóðanna sem lengi hafa verið nefndar driffjöður Evrópusamrunans.

„Ef við segjum „nei“ verðum við ábyrg fyrir að rjúfa 50 ára uppbyggingarstarf,“ sagði Chirac á blaðamannafundi. Hann bætti við að sáttmálinn myndi, í gildi genginn, gera „Frakkland sterkara í Evrópu og Evrópu sterkari í heiminum“.

Chirac hefur lagt talsvert mikið undir í baráttunni fyrir samþykkt sáttmálans. Hann myndi ekki segja af sér ef svo skyldi fara að meirihluti kjósenda færi ekki að ráðum hans. Það var hans ákvörðun að vísa málinu í þjóðaratkvæði. Hafni Frakkar sáttmálanum kann það að verða kjósendum í öðrum löndum hvatning til að fella hann einnig. Öll ESB-ríkin 25 verða að staðfesta sáttmálann til að hann geti gengið í gildi. ■



**TAKA HÖNDUM SAMAN**
Jacques Chirac Frakklandsforseti og Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, treystu böndin í París í gær.

Fundinn sýkn saka:

## Braut glas á dyraverði

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra sýknaði í gær mann af ákæru um að hafa brotið bjórglas á höfði dyravarðar og rispað hann með því á hægri kinn. Dyravörðurinn krafðist rúmlega 360 þúsund króna í bætur.

Maðurinn kvað um óviljaverk hafa verið að ræða, allt hafi gerst hratt og honum brugðið þegar dyravörður greip í hönd honum. Vísa átti honum út af staðnum fyrir að sulla úr glasi sínu yfir konu og ónáða gesti skemmtistaðarins Vélsmiðjunnar á Akureyri. Bótakröfu dyravarðarins var vísað frá dómi. **- óká**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**SKÚR LÁTINN BRENNA** Að höfðu samráði við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði ákvað Slökkvilið höfðuborgarsvæðisins að leyfa skúrgarmi í norðubæ Hafnarfjarðar að brenna seinni partinn í gær. Tilkynnt var um eldinn fyrir klukkan fimm en frágangi á brunastað var að ljúka upp úr klukkan níu. Talið er að kveikt hafi verið í skúrnum.

**EINN Á SLYSADEILD** Eldri maður var fluttur á slysadeild eftir árekstur tveggja bíla við Akralind í Kópavogi síðdegis í gær. Tilkynnt var um slysið klukkan fimmtán mínútur gengin í fimm. Að sögn vakthafandi læknis á slysadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss reyndist maðurinn lítið sem ekkert meiddur og var hann sendur heim að skoðun lokinni.

### KJARAMÁL

**SAMKOMULAG STAÐFEST** Fjármálaráðherra staðfesti í gær samkomulag við stéttarfélög BHM um kjarasamning. Eitt félag stóð utan samkomulagsins en ráðherra vék frá skilyrði um samþykki allra félaga.

# Kostnaður vegna örorku 52 milljarðar

**Áætlað er að heildarbætur til öryrkja hafi numið 18 milljörðum króna árið 2003. Tapaðar vinnustundir vegna örorku jafngilda 34 milljörðum króna. Ungir lífeyrisþegar hér eru 136 prósentum fleiri en í nágrannalöndunum.**

**LÍFEYRISMÁL** Yngstu lífeyrisbótaþegarnir hér á landi voru um 136 prósent fleiri heldur en annars staðar á Norðurlöndum, árið 2002.

Þetta kemur fram í skýrslunni Fjölgun öryrkja – orsakir og afleiðingar, sem Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands tók saman að beiðni Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt skýrslunni hefur öryrkjum fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Sérstaka athygli vekur að mun fleiri ungmenni innan 19 ára aldurs þiggja hér lífeyri af einhverju tagi en annars staðar á Norðurlöndum. Á milli 40 og 49 ára virðist hlutfall öryrkja vera svipað hér og annars staðar á Norðurlöndum. Eftir fimmtugt snýst dæmið hins vegar við og þá verður örorka mun algengari í grannlöndunum en hér.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram að ef útgjöld vegna örorkulífeyris yrðu þau sömu í framtíðinni og árið 2004 má ætla að áfallnar skuldbindingar kerfisins nemi um 165 milljörðum króna miðað við 3,5 prósent ávöxtunarkröfu. Augljóst er að ef örorkulífeyrisþegar eru að yngjast þá mun það leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni. Þannig myndi eins árs hækkun á líftíma meðalbóta leiða til um 6,5 milljarða hækkunar á áföllnum skuldbindingum.

Útgjöld hins opinbera vegna málaflokksins hafa vaxið úr 3,8 milljörðum króna. árið 1990 í um12,7 milljarða árið 2003. Að hluta til má rekja þessa aukningu til 82 prósent fjölgunar bótaþega, en um 18 prósent útgjaldaaukningarinnar stafa af hækkun bótagreiðslna að raunvirði. Ef útgjöld almenna lífeyrissjóðakerfisins eru talin með má ætla að heildarbætur til öryrkja hafi numið um 18 milljörðum króna árið 2003. Að sama skapi nam áætlaður kostnaður samfélagsins vegna tapaðra vinnustunda vegna örorku tæpum fjórum prósentum af landsframleiðslu árið 2003, sem varlega áætlað jafngildir tæplega 34 milljörðum króna á föstu verðlagi. **jss@frettabladid.is**



**ÁSTÆÐUR**
Hertar kröfur á vinnumarkaði og hækkun örorkulífeyris umfram atvinnuleysisbætur eru atriði sem talin eru hafa áhrif á fjölgun öryrkja.

Börn í leikskóla:

## Drengirnir eru fleiri

**DAGVISTUN** Í árslok 2004 sóttu tæplega 17 þúsund börn leikskóla hér á landi að því er fram kemur í Hagtíðindum Hagstofunnar. „Leikskólabörnum hefur fjölgað um 25 frá fyrra ári eða um 0,15 prósent sem er mun minni fjölgun en undanfarin ár. Hlutfallslega fleiri drengir en stúlkur sækja leikskóla, eða 80,6 prósent drengja og 79,1 prósent stúlkna á aldrinum 1 til 5 ára,“ segir í Hagtíðindum.



**Á MÁNAGARÐI**

Starfandi leikskólar voru 261 talsins og hafði fækkað um 6 frá fyrra ári. „Fækkunin stafar af því að leikskólar hafa hætt starfsemi eða verið sameinaðir öðrum leikskólum. Alls sóttu tæplega 1.500 börn nám í 28 einkareknum leikskólum.“ **- óká**

### HÉRAÐSDÓMUR

**STAL FRÁ VINNUSTAÐNUM** Maður sem játaði að hafa stolið 164 þúsund krónum úr kassa á skemmtistaðnum Setrinu á Akureyri, þar sem hann starfaði, var í gær dæmdur í mánaðarfangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Fram kemur í dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra að maðurinn hafi játað brot sitt greiðlega og ekki sætt refsingu áður.

**BÍLLINN EKKI BÆTTUR** Héraðsdómur Norðurlands eystra vísaði í gær frá bótakröfum vegna bifreiðar sem ölvaður ökumaður ók á trétröppur á Húsavík þannig að bíllinn taldist ónýtur eftir. Ökumaðurinn var sviptur ökuréttindum í ár og gert að greiða 130 þúsund króna sekt. Fram kom í málsskjölum að bifreiðin hafði kostað 790 þúsund krónur en gögn vantaði með skaðabótakröfunni.






Heilbrigðisráðherra um fjölgun öryrkja:

# Sumir sækja ef til vill í hærri bætur

**LÍFEYRISMÁL** „Það getur verið að eitthvað af fólki sé að þrýstast á milli kerfa hjá okkur þar sem örorkubæturnar eru hærri heldur en atvinnuleysisbætur,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra um þá miklu aukningu sem orðið hefur á fjölgun öryrkja á allra síðustu árum. Hann sagði að hættan væri sú að þeir sem ættu í tímabundnum erfiðleikum festust inni á örorkubótunum. Þá væru komnar upp spurningar um endurhæfingu og hvernig atvinnulífið væri í stakk búið til að taka við þessu fólki. Einnig þyrfti að athuga hvort leiðin í gegnum matið væri of auðveld.

„Ég vil undirstrika að við viljum hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda,“ sagði ráðherra. „En ef þessi þróun heldur áfram þá verður alltaf erfiðara að sækja kjarabætur fyrir öryrkja, sem þurfa sannarlega aðstoð.“

Ráðherra kvaðst hafa hrokkið við þegar hann hefði séð hversu stór hluti ungmenni voru af heildarfjöldanum. Hann kynnti skýrsluna á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. Þar var ákveðið að nefnd fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamála, félagsmála- og fjármálaráðuneytis færu yfir hana og skiluðu um miðjan júní áliti um hvernig brugðist skyldi við. **-jss**

### EVRÓPA

**TSJERNOBYL-SKJÖLDURINN ÓTRAUSTUR** Rússneskur embættismaður segir að steypuhvelfingin sem reist var utan um Tsjernobylkjarnorkuverið sé farin að láta á sjá. Hrynji hvelfingin muni geislavirkt ryk dreifast um mjög stórt svæði. Nítján ár voru í gær síðan Tsjernóbyl-slysið átti sér stað.

**PÚTÍN LEGGUR LAND UNDIR FÓT** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, er í heimsókn í Mið-Austurlöndum og kom í gær til Egyptalands. Hann er fyrsti Kremlarleiðtoginn til að heimsækja landið í hartnær 40 ár. Með heimsókninni reynir Pútín að auka áhrif sín á friðarumleitanir á svæðinu

**RISAÞORSKUR ÚR BARENTSHAFI** Þorskur sem vóg 56 kíló óslægður var dreginn úr Barentshafi nýverið og telja norskir fjölmiðlar þetta stærsta þorsk sem veiðst hefur frá upphafi vega. Áætlað er að þorskurinn hafi verið 40 til 50 ára gamall.


„Ef ég væri ríkur"
VIÐBÓTARSPARNAÐUR
Maður þarf ekki að hafa fundið upp rennilásinn til þess að vera ríkur eða hafa einkarétt á þotuhreyflum. Einungis með því að leggja pening í viðbótarlífeyrissparnað Allianz getur þú skapað þér digran sjóð til þess að hafa í bakhöndinni á efri árunum. Það er aðeins einn lífeyrissjóður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun – það er Allianz.
Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is
Allianz
– stendur með þér

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 26.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,30 | 63,60 |
| Sterlingspund | GBP | 120,62 | 121,20 |
| Evra | EUR | 82,14 | 82,60 |
| Dönsk króna | DKK | 11,03 | 11,15 |
| Norsk króna | NOK | 10,09 | 10,15 |
| Sænsk króna | SEK | 8,98 | 9,03 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,89 | 96,47 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**113,30 +0,72%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðkönnun Alþýðusambands Íslands á verði lausasölulyfja í höfuðborginni:

# Mikill verðmunur milli verslana

**NEYTENDUR** „Það kom okkur sem könnunina gerðum talsvert á óvart hversu ótrúlegur munur var á milli verslana,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, en hún ber ábyrgð á verðkönnun þeirri er ASÍ framkvæmdi meðal lyfjaverslana þann 20. apríl og sýnir að rúmlega 70 prósenta munur getur verið á verði sama lyfs milli staða.

Kannað var verð á 22 algengum tegundum lausasölulyfja og reyndist verslunin Lyfjaver með lægsta verðið í flestum tilvikum. Lágverðsverslunin Apótekið bauð ódýrasta verðið í einum flokki en hefðbundin apótek reyndust í dýrari kantinum. Garðs apótek reyndist til að mynda með hæsta verð í tíu flokkum af 22.

Mesti verðmunurinn reyndist vera á verkjatöflum og ofnæmislyfjum en munur á hæsta verði og því lægsta reyndist í öllum tilfellum skipta tugum prósenta.

Er þetta fyrsta verðkönnunin af þessu tagi sem ASÍ framkvæmir en Henný Hinz segir niðurstöðurnar gefa til kynna þörf á að endurtaka slíkar kannanir í framtíðinni. -aöe

| ALLT VERÐ Í KRÓNUM: | Lægsta verð | Hæsta verð | Meðalverð |
|---|---|---|---|
| Parkódin töflur 10.stk. | 329 | 385 | 363 |
| Íbufen töflur 400 mg. 30 stk. | 523 | 710 | 657 |
| Paratabs töflur 500 mg. 30 stk. | 195 | 334 | 283 |
| Hjartamagnyl 75 mg. 50 stk. | 389 | 498 | 463 |
| Panodil töflur 500 mg. 30 stk. | 245 | 335 | 304 |


FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**EKKI SAMA HVAR VERSLAÐ ER**
Mikill verðmunur er á lyfjum milli verslana samkvæmt nýrri könnun ASÍ. Getur þar munað allt að 70 prósentum á einni og sömu vörunni.

Vopnaeftirlit:

## Engin vopn voru í Írak

**WASHINGTON, AP** Charles Duelfer, formaður vopnaleitarhóps Bandaríkjamanna í Írak skilaði lokaskýrslu sinni um gereyðingarvopnaeign Íraka. Niðurstaða hans er að engin slík vopn sé þar að finna og engar vísbendingar séu um að Írakar hafi flutt gereyðingarvopn sín til Sýrlands skömmu fyrir innrásina vorið 2003.


**CHARLES DUELFER**

Duelfer varar hins vegar við að fjöldi íraskra vísindamanna búi yfir þekkingu um hvernig smíða eigi hættuleg vopn og því sé mikilvægt að koma í veg fyrir það.

Írakar áttu umtalsverðar birgðir af efnavopnum á níunda áratugnum en þeim var að líkindum öllum eytt á þeim tíunda. ■

### KÍNA

**FUNDAÐ MEÐ TAÍVÖNUM** Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Taívan hélt í gær til Kína þar sem hann mun á næstu dögum ræða við þarlenda ráðamenn. Vonast er til að heimsóknin muni draga úr spennu á milli ríkjanna en aðeins eru fáar vikur síðan Kínaþing samþykkti hernað gegn eyríkinu, lýsti það yfir formlegu sjálfstæði.

**HANDTÖKUR Í SHANGHAI** Yfirvöld í Shanghai handtóku í gær 42 menn fyrir óspektir en þeir höfðu tekið þátt í mótmælum gegn Japönum sem staðið hafa yfir að undanförnu. Hinir handteknu lýstu iðran yfir að hafa brotið lög en yfirvöld gengu þó ekki svo langt að fordæma sjálf mótmælin.

# Áunninn réttur er stjórnarskrárvarinn

**Fordæmi er fyrir skerðingu áunninna réttinda með breytingum á biðlaunarétti ríkisstarfsmanna segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor. Atli Gíslason lögmaður segir lög um lífeyri þingmanna og ráðherra meingölluð.**

**STJÓRNMÁL** „Menn þurfa náttúrlega að fara varlega þegar kemur að lífeyrisréttindum,“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor. Hann segist ekki hafa skoðað sérstaklega mögulegar breytingar á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra, en telur þó nýlegan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu veita ákveðna vísbendingu.

Í október komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að svipta fyrrverandi sjómann lífeyrisréttindum án þess að bætur kæmu fyrir. Hann segir sérstaka ástæðu til aðgátar þegar lífeyristaka er hafin. „Eitt er að eiga sér áunninn lífeyri og annað þegar menn fara að taka hann.“ Hann bendir á að þegar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru sett hafi biðlaunaréttur verið skertur. „Ég veit ekki betur en Hæstiréttur hafi staðfest að það hafi staðist eignarréttarákvæði og því ljóst að hægt er að skerða þennan rétt þó áunninn sé. Það er hins vegar erfiðara að gera það ef menn eru byrjaðir að fá lífeyrinn.“

„Áunninn réttur er talinn stjórnarskrárvarinn eignarréttur og ekki talið að honum sé hægt að breyta aftur í tímann án þess að bætur komi fyrir,“ segir Atli Gíslason, lögmaður, sérfræðingur í vinnurétti og varaþingmaður Vinstri-grænna. Hann segist þeirrar skoðunar að frumvarp um lífeyrisréttindi ráðherra og þingmanna „hefði betur aldrei verið samþykkt“ og segir gagnrýnivert hversu lítinn undirbúning málið hafi fengið. „Við erum almennt ekki með góða löggjafarstarfsemi. Inn eru keyrð mál með stuttum fyrirvara og fá litla umfjöllun,“ sagði hann og kvað annan hátt á í þeim löndum sem við berum okkur saman við. „Núna virðist Halldór hins vegar ætla að vanda sig við að breyta þessu og það er vissulega fagnaðarefni. Lögin eru meingölluð, að menn séu komnir á fullan lífeyri starfandi hjá ríkinu á fullum launum. Það er ekki eðli lífeyrisgreiðslna að borga mönnum lífeyri fyrr en þeir eru komnir af vinnumarkaði.“

Atli segir hins vegar umdeilanlegt hvort dómur Mannréttindadómstólsins frá því í október hafi mikið fordæmi. „Ekki miðað við forsendur hans sem snerust um á hve fáum breytingin bitnaði. Almennar skerðingar geta gengið bótalaust, ef lífeyrissjóður stendur illa er til dæmis lagaskylda að bregðast við.“

olikr@frettabladid.is


**EIRÍKUR TÓMASSON**
Eiríkur bendir á að þegar sett voru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi biðlaunaréttur verið skertur.

**ATLI GÍSLASON**
Atli segir að lög um lífeyrisgreiðslur til æðstu embættismanna ríkisins „hefðu betur aldrei verið samþykkt“.


FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**HARÐUR ÁREKSTUR**
Fólksbílnum sem kom úr austurátt á Listabraut var ekið inn að Verzlunarskóla Íslands, í veg fyrir strætisvagninn, sem kom frá Kringlumýrarbraut.

Strætó í árekstri:

## Þrír fluttir á slysadeild

**LÖGREGLA** Þrír voru lagðir inn á sjúkrahús til skoðunar og frekara eftirlits eftir árekstur fólksbíls og strætisvagns við Listabraut í Reykjavík í gærmorgun. Fólkið var allt í fólksbílnum, en að sögn vakthafandi læknis á slysadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss ekki talið mjög slasað, en lemstrað, bæði með skurði og sár. Í strætisvagninum sluppu ökumaður og tveir farþegar hans lítið meiddir. Ökumaðurinn og farþeginn leituðu til slysadeildar en voru sendir heim að lokinni skoðun.

Talið er að fólksbílnum hafi verið ekið í veg fyrir strætisvagninn sem var að koma frá Kringlumýrarbraut. Bíllinn er mikið skemmdur eftir áreksturinn. -óká

### LÖGREGLA

**Á 169 Í KÓPAVOGI** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði ofsaakstur rúmlega tvítugs pilts á Reykjanesbraut um miðnæturbil í aðfaranótt þriðjudags. Ungi maðurinn var vel yfir tvöföldum hámarkshraða, sem er 70 kílómetrar á klukkustund, en hann ók á 169 kílómetra hraða. Að sögn lögreglu má hann búast við hárri sekt auk ökuleyfissviptingar. Þá voru í gær fimm til viðbótar stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í Kópavogi.




## Veðrið

**BESTA VEÐRIÐ Í REYKJAVÍK!**
Það gæti orðið þokkalega sólríkt í henni Reykjavík og reyndar víðar vestan til á landinu. Einnig gæti Kirkjubæjarklaustur og svæðið sunnan Vatnajökuls komið sterkt inn. Sýnist þó að einna notalegast verði þetta í höfuðborginni, hlýtt og bjart.

**NÆSTA HELGI?**
Það verður víðast hæg norðlæg eða breytileg átt. Heldur kólnandi, einkum norðan til, og þar verður hætta á einhverjum slydduéljum. Bjartara verður syðra einkum á sunnudag.


Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Víðast nokkur vindur.

### Föstudagur




Allhvasst á Vestfjörðum, annars hægari.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | París | 18°C hálfskýjað | Alicante | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 14°C léttskýjað | Berlín | 14°C skýjað-skúr | Milano | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Amsterdam | 14°C hálfskýjað | New York | 16°C skýjað |
| Helsinki | 12°C léttskýjað | Madrid | 25°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C skýjað |
| London | 14°C hálfskýjað | Barcelona | 19°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 30°C skýjað-skúr |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Glæsilegur jeppi á frábæru verði

# 2.690.000 kr.

## KIA Sorento LX 2,4 l bensín

**KIA Sorento** hefur allt sem alvörujeppi þarf að hafa. Hann er í fullri stærð, hefur hátt og lágt drif, er rúmgóður og með öllum þægindum sem jeppamenn nútímans krefjast. Það eina sem greinir hann frá keppinautunum er þetta ótrúlega verð.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag.
Það er ekkert skrítið, þegar hægt er að bjóða svona gæði á þessu verði.

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**

Í nýrri könnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power í Bretlandi fyrir bílablaðið WhatCar? varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur, sem er hæsta einkunn. Könnunin náði til 90 þúsund bíleigenda í Bretlandi.

**Njóttu þess að vera á nýjum bíl!**

KIA MOTORS

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Flatahrauni 31 • Hafnarfirði • sími 555 6025 • www.kia.is



## KJÖRKASSINN

*Á að þvinga fámenn sveitarfélög til að sameinast fjölmennari sveitarfélögum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 50,3% |
| Nei | 49,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga allir þingmenn að upplýsa um eigna- og hagsmunatengsl sín?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

73 biðu bana í lestarslysinu í Amagasaki:

# Ekki er talið að fleiri finnist á lífi

**AMAGASAKI, AP** Nú er talið að 81 hafi týnt lífi í lestarslysinu í Japan í fyrradag. Ljóst þykir að óvarkárni og reynsluleysi lestarstjórans hafi valdið slysinu.

Tveimur mönnum var bjargað úr flaki lestarinnar í gærmorgun en ekki er búist að fleiri sé þar að finna á lífi. Enn á eftir að ná 14-15 líkum út úr flakinu.

Hiroki Hayashi, nítján ára, þurfti að dúsa í rúman sólarhring í bílflaki sem lestin ók á. „Ég finn til, ég get þetta ekki lengur," sagði hann í símtali við móður sína nokkrum mínútum eftir slysið.

Lögregluyfirvöld réðust til inngöngu á skrifstofur lestarfyrirtækisins í gær í leit að vísbendingum um að vanræksla hefði átt sér stað. Flest virðist hins vegar benda til þess að óvarkárni og reynsluleysi hins 23 ára gamla lestarstjóra hafi valdið slysinu. Í ógáti sleppti maðurinn einni biðstöð og varð að snúa við. Því seinkaði lestinni og til að sleppa við áminningu ók lestarstjórinn ungi á ofsahraða. Slysið er hið versta í Japan í meira en fjóra áratugi. ■




GRAFÍK/AP

Skotárás á Ítali:

## Engin sátt um tildrögin

**ÍRAK** Rannsóknarnefnd bandaríska hersins hefur skilað skýrslu um atburðinn í síðasta mánuði þegar ítalskur leyniþjónustumaður féll fyrir skotum bandarískra hermanna þegar hann fylgdi blaðakonunni Giuliana Sgrena til flugvallarins í Bagdad en hún hafði verið gísl mannræningja. Niðurstaða hennar er að hermennirnir hafi ekki brotið af sér heldur hafi Ítalirnir virt stöðvunarmerki að vettugi.



GIULIANA SGRENA

Sgrena lýsti í gær vanþóknun sinni á skýrslunni, bifreiðinni hafi verið ekið á löglegum hraða þegar skothríð hófst fyrirvaralaust. Hún segir það algert hneyksli ef ítölsk stjórnvöld kyngja skýrslunni mótbárulaust. ■

Hæstiréttur:

## Skákað í skjóli IP-tölu

**DÓMSMÁL** Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar á mánudag þurfa IP-fjarskipti ekki að láta af hendi til lögreglu upplýsingar um ákveðna IP-tölu sem tengist innbroti á heimasíðu tölvuverslunarinnar Task 9. febrúar síðastliðinn. Sendur var fjöldapóstur með klámi á 1.300 netföng verslunarinnar og forsíðu breytt þannig að þar birtist klámmynd.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem Hæstiréttur staðfesti, segir að brotið beinist ekki að ríkum almannahagsmunum eða einkahagsmunum sem réttlætt geti rannsóknarúrræði á borð við að upplýsa hver var að baki IP-tölunni. **- óká**

# Fyrningarfrumvarp nýtur ekki stuðnings

**Formaður allsherjarnefndar segir einsýnt að ekki sé hægt að styðja frumvarp í óbreyttri mynd um afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum. Hann telur koma til álita að vísa því til dómsmálaráðuneytisins.**

**ALÞINGI** Formaður allherjarnefndar, Bjarni Benediktsson, segir að það komi mjög til álita að frumvarpi um fyrningarákvæði í almennum hegningarlögum verði vísað til dómsmálaráðuneytisins. Hann segir einsýnt að ekki sé hægt að styðja frumvarpið, sem Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður Samfylkingarinnar lagði fram, í óbreyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki.

Bjarni sagði að allsherjarnefnd hefði fengið umsagnir um frumvarpið. Þá hefðu borist ábendingar frá dómsmálaráðuneytinu um að þar væri í vinnslu aðgerðaáætlun til að sporna gegn kynferðisofbeldi, þar sem sjónum yrði meðal annars beint að kynferðisofbeldi gegn börnum. Allsherjarnefnd myndi nú hyggja að því hvort svigrúm yrði á síðustu dögum þingsins til að fara nánar yfir þær athugasemdir sem borist hefðu og ljúka meðferð frumvarpsins eða hvort kynni að vera skynsamlegra að fela dómsmálaráðuneytinu að taka þessi umræddu atriði til athugunar samhliða öðru því sem þar yrði fjallað um við vinnslu aðgerðaráætlunarinnar. Óneitanlega væri nokkur skörun milli umrædds frumvarps og þeirrar vinnu sem stæði fyrir dyrum í ráðuneytinu. Trúlega yrðu til í ráðuneytinu tillögur í kjölfar vinnunnar, sem síðan yrðu lagðar fyrir þingið í formi frumvarps. Bjarni kvaðst nú mundu kalla eftir upplýsingum um stöðu aðgerðaráætlunarinnar.



**FÓRU Á FUND ALLSHERJARNEFNDAR**
Svava og Sigríður Björnsdætur, fulltrúar forvarnarverkefnisins Blátt Áfram fóru í gær á fund allsherjarnefndar Alþingis og afhentu 14.000 undirskriftir þar sem mælt er með því að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum verði afnuminn.

„Það tekur tíma að klára meðferð þessa máls því athugasemdirnar benda til þess að við þurfum að huga að ýmsum atriðum. Það verður því að koma í ljós hver örlög þess verða á þessu ári," sagði Bjarni. „Gagnrýnt hefur verið í þessu frumvarpi að það geri ekki greinarmun á kynferðisbrotum sem vægari refsing liggur við og hinum sem þyngri refsing liggur við. Bent hefur verið á að varlega þurfi að fara í að skapa innbyrðis ójafnvægi í hegningarlögunum varðandi fyrningarreglur sem gilda um hina ýmsu brotaflokka. Rauði þráðurinn í þeim hefur verið sá, að einungis þau brot sem varða þungri refsingu komi til álita sem ófyrnanleg brot. Frumvarpið gengur gegn þeirri meginreglu laganna. Þá er tiltölulega skammt liðið síðan fyrningarreglum vegna þessara brota var breytt."

**-jss@frettabladid.is**



**RÝNT Í AFKOMUTÖLUR**
Atvinnumálin voru ofarlega í hugum fundarmanna á aðalfundinum og mikið rætt um þau tækifæri sem framundan eru á Húsavík.

Verkalýðsfélag Húsavíkur:

## Góð afkoma

**AÐALFUNDUR** Rekstur Verkalýðsfélags Húsavíkur gekk vel í fyrra og skiluðu allir sjóðir félagsins hagnaði. Aðalfundur félagsins var haldinn síðastliðinn sunnudag og var Aðalsteinn Á. Baldursson endurkjörinn formaður félagsins en hann hefur verið formaður þess frá árinu 1994.

Samkvæmt ársreikningum félagsins stendur félagið á sterkum grunni. Verkalýðsfélag Húsavíkur er eitt af stöndugri verkalýðsfélögum landsins, þrátt fyrir að félagsmenn greiði lægstu félagsgjöld sambærilegra félaga á Norður og Austurlandi, segir Aðalsteinn. **- kk**

## LÖGREGLA

**MAÐUR STALST Á GÆS** Seinni partinn á mánudag stóð lögreglan á Höfn í Hornafirði mann að meintum ólöglegum gæsaveiðum og haldlagði bæði vopn mannsins og afla. Þegar hann náðist var maðurinn með sex gæsir. Lögregla áréttaði að hún fylgdist með þessum hlutum, enda hæfist ekki gæsaveiðitímabil fyrr en 20. ágúst.

**TÍU STÖÐVAÐIR** Tíu voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á Eyrarbakkavegi í gær. Lögreglan á Selfossi sagði að sá sem fór hraðast hefði mælst á 131 kílómetra hraða á klukkustund.






Framsóknarmenn birtu nýjar reglur sínar:

# Opinberuðu eignir og hagsmunatengsl

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Framsóknarflokksins hefur birt opinberlega upplýsingar um fjárhag, eignir, hagsmuni og tengsl þingmanna flokksins í samræmi við reglur sem þingflokkurinn hefur sett sér. Þar kom fram að sjö þingmanna flokksins eiga hlutabréf í fyrirtækjum og fjórir þeirra að auki stofnfjáreign í kaupfélögum.

Þingmenn Framsóknarflokks verða hér eftir að upplýsa, ekki síðar en 1. apríl ár hvert, um hlutabréf og stofnfjáreignir sínar, fasteignir aðrar en eigið íbúðarhúsnæði, sjálfstæða atvinnustarfsemi og aukastörf utan þings auk þess greina á frá boðsferðum og gjöfum að verðmæti meira en 20 þúsund krónur. Upplýsingarnar hafa verið birtar á vef Framsóknarflokksins og að auki fór þingflokkur flokksins fram á að upplýsingarnar yrðu birtar á vef Alþingis.



**NÝJU REGLURNAR KYNNTAR**
Jónína Bjartmarz, Hjálmar Árnason þingflokksformaður, Magnús Stefánsson og Dagný Jónsdóttir kynntu nýju reglurnar.

Jónína Bjartmarz, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði best að setja reglurnar eins og þingflokkurinn samþykkti þær til að ná fram markmiði sínu um gegnsæi. **- bþg**




# SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




























## EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING




Svefn & heilsa

*Verið velkomin*

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hvað heitir aðstoðarutanríkisráðherrann bandaríski sem kom hingað til lands til viðræðna við embættismenn?*

**2** *Hversu mörg börn eru talin þvinguð til hermennsku samkvæmt nýrri skýrslu Save the Children?*

**3** *Hvað heitir þorp starfsmanna Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Áfengisráðgjafar skrifa þingmönnum:

# Segja áfengisfrumvörp skaðleg

**ÁFENGISMÁL** Félag áfengisráðgjafa varar eindregið við afleiðingum þess að frumvörp um lækkun áfengiskaupaaldurs og afnám einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, verði að lögum. Áfengisráðgjafarnir telja afleiðinguna muni verða þá að auka heildarneyslu áfengis og barnadrykkju í landinu.

Þetta kemur fram í ályktun sem félagið hefur sent þingmönnum og ráðherrum. Félagið bendir á stóraukinn áfengisvanda í Evrópu samkvæmt fréttum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Jafnframt lýsir það áhyggjum sínum vegna þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í áfengismálum þjóðarinnar undanfarin ár. Telur félagið frumvörpin sem liggja nú fyrir alþingi ekki til þess fallin að snúa þessari þróun við. -jss



**Í ÁFENGISVERSLUN**
Varað er við afleiðingum þess að tvö frumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi verði að lögum.

Breskur svikari:

# Skipulagði falsbrúðkaup

**BRETLAND** Bresk kona, Jaswinder Gill hefur verið dæmd í tíu ára fangelsi fyrir að hafa svikið yfir 120 milljónir króna út úr indverskum körlum í makaleit.

Svikamylla Gill var óvenju útsmogin. Hún taldi bresk-indverskum konum trú um að hún væri ritstjóri brúðkaupsvörulista og fékk þær til að sitja fyrir á myndum íklæddar brúðarkjólum. Myndirnar sendi hún indverskum vonbiðlum sem greiddu henni á aðra milljón króna fyrir að skipuleggja ráðahaginn. Sumir þeirra ruku til Bretlands og bönkuðu upp á hjá konunum sem áttu sér einskis ills von. ■



MYND AP

**REIÐI Í LOME**
Stuðningsmaður stjórnarandstöðunnar í Tógó mundar sveðju í götumótmælum í höfuðborginni Lome í gær.

Kosningar í Tógó:

# Sonurinn réttkjörinn

**TÓGÓ, AP** Yfirvöld í Vestur-Afríkuríkinu Tógó lýstu því yfir í gær að sonur einræðisherrans sem stjórnaði landinu í fjóra áratugi væri réttkjörinn arftaki föður síns í embætti forseta landsins. Tilkynningin vakti reiði hjá mörgum Tógómönnum og til háværra mótmæla kom á götum höfuðborgarinnar Lome.

Faure Gnassingbe, sonur Gnassingbe Eyadema sem dó í byrjun febrúar sl. eftir nær 39 ár á valdastóli, fékk sextíu af hundraði atkvæða í forsetakosningum sem fram fóru í landinu á sunnudaginn, að því er formaður yfirkjörstjórnar, Tchangai Walla, tilkynnti. Helsti frambjóðandi stjórnarandstöðunnar, Bob Akitani, fékk 38 prósent að sögn Walla. Akitani hefur farið huldu höfði frá því um helgina af ótta um líf sitt. Stuðningsmenn hans segja gróf kosningasvik hafa verið stunduð af fulltrúum stjórnarflokksins. ■

# Axlar ábyrgð en hafnar afsögn

**Stjórnmálaskýrendur telja málfimi Joschka Fischer hafa bjargað honum frá því að þurfa að segja af sér vegna hneykslismáls sem sérskipuð þingnefnd er að rannsaka.**

**ÞÝSKALAND** Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands og forvígismaður þýskra græningja, tók á sig alla ábyrgð á mistökum síns ráðuneytis í „áritanamálinu“ svonefnda, er hann á mánudag sat í tólf tíma fyrir svörum sérskipaðrar rannsóknarnefndar þýska þingsins.

Þetta hneykslismál, sem verið hefur Fischer og ríkisstjórninni fjötur um fót síðustu mánuði, snýst um mistök við útgáfu vegabréfsáritana í sendiráðum Þýskalands í Austur-Evrópu. Fischer stóð þó fast á því að mistökin væru þess eðlis að þau gæfu alls ekki tilefni til að hann segði af sér

Rannsóknarnefndin var sett á fót til að upplýsa málið, en hneykslið vakti upp efasemdir í röðum stjórnarandstöðunnar um að ráðherranum væri sætt í embætti. Fyrir fimm árum fyrirskipaði Fischer, sem þá var á sínu öðru starfsári í utanríkisráðherraembættinu, að reglur um útgáfu vegabréfsáritana skyldu rýmkaðar. í kjölfarið varð auðveldara fyrir íbúa Austur-Evrópulanda að komast til Þýskalands – og þar með inn á allt Schengensvæðið – og að sögn nýttu úkraínskir glæpamenn sér það meðal annars til stunda mansal og smygl á fólki til Þýskalands og þaðan áfram vítt og breitt um Vestur-Evrópu.



**ÖLL SPJÓT Á FISCHER**
Þýski utanríkisráðherrann var upplitsdjarfur er hann hitti fréttamenn að loknum tólf tíma fundi með rannsóknarnefnd þýska þingsins í fyrrakvöld.

Fundur Fischers með rannsóknarnefndinni, sem var sjónvarpað beint, hófst á nærri tveggja tíma eintali ráðherrans þar sem hann rakti málið frá sínum sjónarhóli og útskýrði í löngum útúrdúr hugsunina að baki þeirri utanríkisstefnu sem fylgt hefði verið í ráðherratíð hans. Að hann skyldi hafa komist upp með slíka einræðu er í augum stjórnmálaskýrenda merki um það hvernig mælska Fischers hjálpaði honum til að koma vel út úr þessari yfirheyrslu í augum flestra sem fylgdust með henni.

Frammistaða hans varð þó ekki til að þagga niður í röddum sem krefjast afsagnar hans. Fréttavefur Der Spiegel hefur eftir Wolfgang Schäuble, varaþingflokksformanni kristilegra demókrata, að ráðherrann hefði árum saman leitt hjá sér vísbendingar sem komið hefðu fram um misnotkun hinna rýmkuðu áritanareglna. Hann hefði hins vegar kosið að gera ekkert í málinu fyrr en í óefni var komið.

Stjórnarflokkunum, jafnaðarmönnum og græningjum, var mikið í mun að fjölmiðlaumræða um þetta mál yrði að baki þegar kosningar í fjölmennasta þýska sambandslandinu, Nordrhein-Westfalen, fara fram þann 22. maí, en niðurstaðan úr þeim gæti orðið forboði um örlög sambandsríkisstjórnarinnar í Berlín. Næstu sambandsþingkosningar fara fram haustið 2006.

audunn@frettabladid.is






FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MARSERAÐ HEIM**
Sýrlenskir hermenn kvöddu líbanska félaga sína með virktum í gær. Víst er þó að þorri Líbana er feginn því að sýrlenska herliðið er horfið á braut.

Tilfinningaþrungin stund í Bekaa-dalnum:

# Síðustu sýrlensku hermennirnir farnir

**MASNAA, AP** Síðustu sýrlensku hermennirnir sneru heim frá Líbanon í gær. Þar með lýkur tæplega þrjátíu ára langri hersetu Sýrlendinga í landinu.

Liðsflutningar Sýrlendinga hafa staðið yfir síðustu vikur en þeim lauk formlega í gær þegar kveðjuathöfn var haldin í landamærabænum Masnaa.

Líbanskir og sýrlenskir herforingjar lögðu blómsveig að minnismerki um hersetuna og skiptust á heiðurspeningum. Að því búnu óku síðustu 250 hermennirnir yfir landamærin.

Yfirvöld í Damaskus tilkynntu Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að herflutningunum væri lokið og mun hann senda erindreka sinn á næstu vikum til landsins til að sannreyna það.

Sýrlenskt herlið hefur verið í Líbanon síðan 1976 og eftir að borgarastyrjöldinni lauk þar 1990 hefur liðið tryggt hagsmuni stjórnvalda í Damaskus og bandamanna þeirra. Þegar Rafik Hariri, forsætisráðherra Líbanon, var ráðinn af dögum í febrúar reis hins vegar upp alda mótmæla gegn hernáminu, bæði í Líbanon og erlendis.

Ættingjar líbanskra fanga í haldi Sýrlendinga kröfðust þess í gær að ástvinir þeirra yrðu látnir lausir og kom til skæra á milli þeirra og lögreglu í Beirút í gær. ■




Kährs
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

parket

# DAGAR

Vorum að fá 15.000 fermetra
af gæða Kährs parketi á sérstöku tilboðsverði.

Eik normal, þriggja stafa með viðarlæsingu
Verð: kr. 3.290 m$^2$ staðgr.

Eik plankaparket, tveggja stafa með viðarlæsingu
Verð: kr. 3.990 m$^2$ staðgr.




Borðleggjandi gæði

**Egill Árnason hf**
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



**SKOTIÐ Á LOFT**
Geimflauginni Zenit-3SL var skotið á loft af fljótandi skotpalli í Kyrrahafi í gær. Hún ber fjarskiptagervihnött á sporbaug um jörðu.

Leikvöllur við Sóltún:

# Þarf að girða draslið af

**FRAMKVÆMDIR** Íbúar við Miðtún í Reykjavík eru óánægðir með að Íslenskir aðalverktakar geymi spýtnahrúgu, steypujárn og annað drasl við skúr sinn við Sóltún, því að eldri krakkarnir draga draslið yfir á leiksvæði þarna í grennd.

Reykjavíkurborg hefur þegar komið einu sinni til að laga til á svæðinu en það fór strax aftur í sama horf. Íbúarnir eru nú orðnir langeygir eftir úrbótum og vonast til þess að gripið verði til ráðstafana og helst að ÍAV girði draslið af.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri á umhverfis- og tæknisviði borgarinnar, segir að borgin hafi fyrir einu ári keypt tvö hús ásamt tilheyrandi lóðaréttindum við Höfðatún. Kaupverðið hafi verið greitt með byggingarrétti á Sóltúnsreit við Ármannsvöllinn.

„Ármann er þar ennþá með sitt íþróttahús og ekki farinn þannig að það er ekki hægt að hleypa ÍAV af stað með byggingar. Ég veit ekki hvort þeir eru kannski komnir þangað með tól og tæki til að vera í startholunum,“ segir Ágúst.

Ekki náðist í forsvarsmann ÍAV vegna málsins.

-ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**DRASL Á LEIKSVÆÐI**
Íslenskir aðalverktakar geyma drasl á lóð sinni í grennd við leiksvæði barna við Miðtún og Sóltún.

Brian Segdemore:

## Segir skilið við flokk sinn

**BRETLAND** Brian Sedgemore, þingmaður Verkamannaflokksins til 27 ára, tilkynnti í gær að hann hygðist ganga til liðs við frjálslynda demókrata í mótmælaskyni við meintar lygar Tony Blair forsætisráðherra í Íraksmálinu.

Sedgemore, sem lætur af þingmennsku eftir kosningarnar 5. maí, sagði í samtali við dagblaðið The Independent í gær að fleiri fráfarandi þingmenn flokksins ætluðu að fara að dæmi hans

Ný könnun blaðsins sýnir að þrátt fyrir umræðu síðustu daga fengi Verkamannaflokkurinn 40 prósent atkvæða ef kosið yrði nú, íhaldsmenn 30 prósent og frjálslyndir 21 prósent. ■

### LÖGREGLA

**SIGLINGAR BANNAÐAR** Lögreglan í Reykjavík hafði í gær afskipti af félögum í kajakklúbbi sem æfðu siglingafærni sína á Elliðaám. Lögregla var kölluð til að beiðni Orkuveitunnar sem segir siglingar þar óheimilar. Lögregla tók niður nöfn viðkomandi og spurði ferða, en stöðvaði þó ekki siglingar þeirra á ánni meðan málið er kannað frekar.

### SVÍÞJÓÐ

**FANGELSI FYRIR FORDÓMA** Dómstóll í Stenungssund í Svíþjóð hefur dæmt mann í tveggja mánaða fangelsi fyrir að birta óhróður um homma á heimasíðu sinni. Maðurinn segist aðeins hafa birt það sem Biblían segir um samkynhneigð og að dómstólar eigi ekki að hafa lögsögu yfir Guðs orði. Hann ætlar að áfrýja dómnum.



**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR:**
„Utanríkisráðuneytið greinilega hætt stuðningi við Mannréttindaskrifstofuna.“



**DAVÍÐ ODDSON:**
Utanríkisráðherra sagði að áfram væru tryggðir fjármunir til mannréttindamála og sakaði Steingrím J. Sigfússon um svigurmæli og dylgjur.






# Mannréttindaskrifstofan á vonarvöl

**Utanríkisráðuneytið ætlar að styrkja stöðu sérfræðings hjá Öryggissamvinnustofnun Evrópu í Varsjá. „Ráðuneytið greinilega hætt stuðningi við rekstur Mannréttindaskrifstofunnar,“ segir framkvæmdastjórinn.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt Mannréttindaskrifstofu Íslands að það hyggist úthluta styrkjum til verkefna sem efla mannréttindi á alþjóðlegum vettvangi. Þetta var gert með bréfi dagsettu 20. apríl síðastliðinn. Í bréfinu kemur fram, að ráðuneytið hafi tekið ákvörðun um að styrkja tímabundið stöðu sérfræðings í mannréttindum hjá Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Varsjá. Jafnframt segir að staðan verði auglýst á næstu dögum, hér á landi sem og á vettvangi ÖSE.

Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segist skilja bréfið svo að utanríkisráðuneytið hafi hætt stuðningi við Mannréttindaskrifstofuna. Með þessu er stoðum kippt undan starfseminni og gefið til kynna að stjórnvöld telji ekki mikilvægt að hér á landi starfi sjálfstæð og óháð eftirlitsstofnun á sviði mannréttinda.“

Í upphafi fundar á Alþingi í gær gagnrýndi Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, stjórnvöld harðlega og sakaði utanríkisráðherra um hefarhug í garð skrifstofunnar. Á daginn væri komið að ekki stæði til að efna loforð um rekstrarframlag frá ráðuneytunum tveimur.

Davíð Oddson utanríkisráðherra sakaði málshefjanda um svigurmæli og dylgjur og kvaðst ekki kannast við að hafa svikið nein loforð. Á vormánuðum á síðasta ári hefði verið lagt til af hálfu utanríkisráðuneytisins að framlög til mannréttinda yrðu ákveðin af ráðuneytinu sjálfu.

Ögmundur Jónasson þingmaður VG og Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar sögðu að ríkisstjórnin væri að hefna sín á Mannréttindaskrifstofunni fyrir málefnalega gagnrýni hennar á ýmis stjórnarfrumvörp. Nefnd voru frumvörp á vegum dómsmálaráðherra og fjölmiðlafrumvarpið sem aldrei varð að lögum í fyrra.

Mannréttindaskrifstofan hefur á þessu ári fengið um 2,2 milljónir króna frá dómsmálaráðuneytinu til verkefna sem ráðuneytið ákvarðar sjálft. Áður en stjórnvöld breyttu stefnu sinni nam opinbert framlag til skrifstofunnar átta milljónum króna á ári. Þar af komu 1,2 milljónir í hlut Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

johannh@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON:**
„Hneisa að standa þannig að mannréttindamálum.“




# Opnum nýjan
## og glæsilegan sal 1. júlí

Breytingar standa yfir



**Nýr sýningarsalur**

Vegna breytinga á húsnæði Ingvars Helgasonar verður söludeildin staðsett í norðurenda hússins þar til við opnum **nýjan og glæsilegan** sýningarsal í júlí.




**Móttaka**
Nýir bílar

**Notaðir bílar**

**Nýr salur**
Lokaður vegna breytinga.
Opnar aftur 1. júlí.

Fíton/SÍA FI12839

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00 |
|---|---|---|

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA SIGRÍÐUR VALDEMARSDÓTTIR HJÁ KLÚBBNUM GEYSI

# Er að flytja til Danmerkur



„Ég er að hætta störfum og að flytja til Danmerkur þar sem ég ætla að breyta til og prófa eitthvað nýtt," segir Anna Sigríður Valdemarsdóttir, framkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis, sem er klúbbur fyrir fólk sem á eða hefur átt við geðræn veikindi að stríða.

Hún hefur ekki ákveðið hvað hún tekur sér fyrir hendur ytra en býst við að vinna í tengslum við menntun sína sem er iðjuþjálfun. „Svo á ég mér framtíðardrauma um að fara í listmeðferðarnám sem tengist því sem ég hef fengist við."

Anna Sigríður stóð að stofnun Klúbbsins Geysis á sínum tíma, drög vöru lögð að stofnunni 1997 og starfsemin hófst 1999. Hún kveður því klúbbinn með söknuði. „Það verður erfitt að hætta en ég kveð á góðum tíma því hér er allt í blóma, frábærir félagar og frábært starfsfólk."

Anna Sigríður og fjölskylda ætla að setjast að á bóndabæ sínum á Jótlandi sem reistur var 1860 en maður hennar er danskur og er því að komast á sínar heimaslóðir. „Hann saknar veðráttunnar frá Danmörku," segir Anna Sigríður og hlær þegar bent er á að veðrið í Reykjavík sé nú með slíkum endemum að vart þurfi að fara út fyrir landsteinana til að komast í blíðu.

210 félagsmenn eru í Klúbbnum Geysi og byggja þar upp sjálfstraust og hæfni til að takast á við lífið og tilveruna.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**KÍLÓIÐ AF ÞORSKKVÓTA KOSTAR UM 125 KRÓNUR**

*Heimild: SM kvótaþing*

## SJÓNARHÓLL

**Á AÐ SEINKA STRÁKUNUM?**



MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON

### *Ungviðið apar allt eftir*

Umboðsmaður barna hefur mælst til þess að Stöð tvö seinki sýningum á sjónvarpsþættinum Strákarnir þar til síðar á kvöldin þegar yngri sjónvapsáhorfendur eru komnir í háttinn. Í þáttunum láta æringjarnir Sveppi, Auddi og Pétur öllum illum látum og þykir hefðun þeir oft ekki til eftirbreytni.

„Ég horfi alltaf á þessa þætti og finnst þeir oft skemmtilegir, en finnst að það eigi að seinka þeim," segir Magnús Hlynur Hreiðarsson garðyrkju- og blaðamaður. Magnús á þrjá drengi, fjögurra, sjö og þrettán ára. „Þeir yngri apa allt eftir og eru farnir að halda alls konar keppnir sem valda usla á heimilinu. Ég hugsa að það væri ágætt að hafa þáttinn á milli tíu og ellefu þegar maður er búinn að svæfa."

Að sögn Magnúsar blanda synir hans ógeðsdrykki í gríð og erg, bregða náunganum og flengja afa og ömmu. „Þeir hafa ekki farið sér að voða enn, en þetta stefnir í óefni."

# Hugmyndasmiðir framtíðar

**Nokkrir hugmyndasmiðir við raunvísinda- og verkfræðideild Háskóla Íslands kynntu afrakstur vetrarins í gær. Þar mátti meðal annars líta kaffivél sem býr til Irish coffe, internetstýrðan skotpall og vélvædda barnagælu.**

„Árangurinn kemur á óvart á hverju ári," segir Magnús Oddsson, einn af kennurum námskeiðsins Tölvustýrður vélbúnaður sem er þverfaglegt námskeið við Háskóla Íslands. Nemendur héldu kynningu á prófverkefnum sínum í gær og segir Magnús hópinn í ár einstaklega góðan.

Fjölbreyttar hugmyndir komu frá hópunum fimm sem tóku þátt í námskeiðinu og vöktu sumar talsverða athygli. Fyrsta má nefna internetstýrðan skotpall sem þeir Bergur Benediktsson, Þorsteinn Sigursteinsson og Jón Atli Magnússon hönnuðu. Skotpallurinn er fyrir haglabyssu og stjórnað yfir internetið eftir vefmyndavél. Hugmyndin vaknaði þegar Jón Atli var einu sinni sem oftar á refaveiðum. Þar sem oft verður töluvert kalt að liggja undir svefnpoka að bíða eftir tófunni datt honum í hug að kannski væri bara betra að sitja heima og fá upplýsingar um refinn í gegnum netið. Sérstaklega þar sem rebbi sást stundum ekki dögum saman. Hugsunin á bak við pallinn var því sú að tófuskyttur gætu vaktað nokkur greni í einu heiman að frá sér.

Andri Guðmundsson og Gunnar Sigvaldi Hilmarsson eðlisfræðinemar hönnuðu kaffivél sem getur einnig blandað hinn fræga áfenga drykk Irish coffee. Þeir hönnuðu tengibretti sem hægt er að tengja við hefðbundnar vélar þar sem viskí, sykur, súkkulaði og rjómi er skammtað í réttum hlutföllum í kaffiglasið og síðan hrært í blöndunni. Svo vel tókst til hjá þeim félögum að þeir hyggjast fara á Irish coffee hátíð sem haldin er á Írlandi á hverju ári í heimabæ upphafsmanns drykkjarins.

Barnagælan svokallaða er tæki sem fest er á barnavagn og sér til þess að vagninum sé ruggað ef barnið fer að gráta en sendir SMS skeyti ef það hættir ekki innan ákveðins tíma. Hugmyndasmiðirnir Arngrímur Einarsson, Fjóla Jóhannesdóttir og Glenn Olov Aake Zetterström, segjast ekki hafa fundið tækið upp vegna vandamála heimafyrir en þau hafi hins vegar fengið mjög góðar viðtökur. ■



**BARNAGÆLA** Fjóla Jóhannesdóttir og Arngrímur Einarsson við sköpunarverk sitt sem á að róa grátgjörn börn. Ef þau láta þó ekki sinnast sendir tæknivæddur barnavagninn skilaboð til umsjónarmanna til að láta vita að barnið láti ófriðlega.



**IRISH COFFEE** Andri Guðmundsson og Gunanr Sigvaldi Hilmarsson með árangur erfiðisins í glasi. Fyrir aftan þá er kaffivélin góða sem bruggar hinn göruga drykk sem smakkast að sögn kennara þeirra félaga bara ágætlega.



**TÖLVUVÆDD HAGLABYSSA** Bergur Benediktsson, Þorsteinn Sigursteinsson og Jón Atli Magnússon voru einbeittir þegar þeir undirbjuggu kynningu sína á internetstýrða skotpallinum. Haglabyssan er á armi inni í kassanum og gæti nýst vel kuldafælnum refaskyttum.


„Umhverfisvænir" flokkunarkassar fyrir þá sem vilja geyma eða endurvinna...

Fáanlegir í 7 litum:
- Rauður: Málmur
- Blár: Pappír
- Gulur: Plast
- Grænn: Gler
- Brúnn: Lífrænt
- Grár/Glær: Ýmislegt



Verð á kassa
1.597 kr.

Verð með VSK.

Nýr opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

TUNGLIÐ RV2040

Fyrir þá sem vilja flokka



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Pétur og Páll í Manchester:

# Álftagerðisbróðir á Old Trafford

Pétur Pétursson, söngvari og einn Álftagerðisbræðra fór í sannkallaða pílagrímsför. Hinn 9. mars varð hann sextugur og í tilefni þess gáfu systkini hans og fjölskyldur þeirra honum ferð til Englands að sjá Manchester United taka á móti Newcastle á Old Trafford um síðustu helgi.

Pétur er forfallinn United-maður. „Ég er búinn að halda með þeim síðan guð má vita hvenær. Maður man eftir nöfnum á borð við Bobby Charlton, George Best og Mark Hughes frá árum áður.“ Pétur hélt út með mági sínum, Páli Leóssyni, sem hefur farið oft út áður og þekkir hvern krók og kima í Manchester. Félagarnir hituðu upp með því að sjá Everton gera jafntefli við Birmingham á heimavelli. Síðan héldu þeir til Manchester og fóru í kynnisferð á Old Trafford. „Þetta var stórkostlegt. Völlurinn er glæsilegt mannvirki og margt að sjá,“ segir Pétur.

Á sunnudaginn var komið að stóru stundinni og Pétur varð síður en svo fyrir vonbrigðum. „Við fengum frábæran leik og hagstæð úrslit. Wes Brown skoraði sannkallað gullmark og tryggði mínum mönnum 2 – 1 sigur.“

Þetta var fyrsta ferð Péturs á leik í ensku deildinni og hann lýsir henni sem stórkostlegri í alla staði. „Það eru miklar líkur á því að ég fari í aðra svona ferð. Það væri þess vel virði.“

-bs



**PÉTUR OG PÁLL FYRIR FRAMAN OLD TRAFFORD** Pétur segir Old Trafford glæsilegt mannvirki þar sem margt er að sjá. Ekki spillti fyrir að hann fékk að sjá sína menn sigra Newcastle.



**TEYGJA, STRÁKAR** Liðsmenn íraskra sérsveita teygja á stífum örmum eftir líkamsrækt.

Styrktartónleikar MS félagsins:

# Rottugengið leggur lið

Rottugengið, sem söngvararnir Geir Ólafsson og Páll Rósinkrans skipa, efnir til hljómleika á Broadway annað kvöld ásamt stórsveit undir stjórn Ólafs Gauks Þórhallssonar.

Allur ágóði tónleikanna rennur til MS félagsins, sem að sögn Geirs vill gleymast. „Þetta er eitt af mörgum málefnum sem þarf að styrkja og vekja athygli á. Þetta félag má sín lítils og alltaf eru fleiri og fleiri af yngri kynslóðunum að greinast með MS. Þess vegna verðum við að hjálpa og láta þá sem glíma við sjúkdóminn vita að þeir eru ekki gleymdir.“

Rottugengið og stórsveitin flytja sem fyrr lög Frank Sinatra, Dean Martin og Sammy Davis jr. og að auki dansa nemendur Listdansskóla Íslands.

Að sögn Geirs verða tónleikarnir teknir upp og sendir til Las Vegast til áheyrnar fyrir klúbbeigendur en hann hefur hug á að komast að með sýningu sína á einhverjum stóru klúbbanna í spilaog glysborginni.

- bþs



**PÁLL RÓSINKRANS** Skipar annan helming Rottugengisins.

Sæfari í slipp:

# Ísum bara meira

Grímseyjarferjan Sæfari er komin í slipp og liggja því siglingar milli lands og eyju niðri í um viku.

Óttar Jóhannsson oddviti hefur ekki þungar áhyggjur af ferjuleysinu, frekar en öðru í lífinu. „Við lifum þetta af,“ segir hann. „Það er hins vegar spurning hvað við gerum við fiskinn ef hægt er að róa en það hefur verið bræla að undanförnu. Annars hafa menn bjargað sér með því að sigla bátunum í land með aflann eða bara ísa meira en vanalega til að geyma fiskinn betur.“

Óttar segir að helstu lífsnauðsynjar séu fluttar flugleiðina út í eyju og því væsi ekki um nokkurn mann.

Sæfari kemst aftur á flot í byrjun maí.

- bþs



**ÓTTAR ODDVITI JÓHANNSSON** „Við lifum þetta af.“

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt frá því í gær að Björg Guðmundsdóttir hefði komist í landslið strætisvagnastjóra í ökuleikni fyrst kvenna. Hún hefur hins vegar kvenna oftast keppt og meðal annars unnið til silfurverðlauna í liðakeppni.





HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU - VIÐSKIPTAFRÆÐI

Kynningarfundur fimmtudaginn **28. apríl kl. 17:15** á þriðju hæð Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2



Háskólanám með vinnu (HMV) er ætlað einstaklingum sem hafa öðlast reynslu í atvinnulífinu og vilja sækja sér háskólamenntun á sviði viðskipta samhliða vinnu. Í boði er 90 eininga nám til BSc prófs og 45 eininga diploma-nám. Unnt er að ljúka BSc-námi á rúmum þremur árum eða tíu önnum, en diploma-námi er hægt að ljúka á tæpum tveimur árum eða fimm önnum. Í diploma-námi er val um tvö áherslusvið: Stjórnun, markaðsfræði og alþjóðaviðskipti, eða fjármál og rekstur. Kennsla fer fram milli klukkan 16 og 20 þrjá daga í viku.

*Nánari upplýsingar veitir:*
*Kristín Leopoldína Bjarnadóttir, deildarfulltrúi BSc náms.*
*Sími: 599 6284*
*Netfang: krlb@ru.is*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

**Virk Samkeppni**

**Kjúklinga mánar**
**389** kr./pk.

**Wagner Pizzur**
**299** kr./stk.

**Meira úrval**

**30% AFSLÁTTUR**

**Gourmet grísakótilettur léttreyktar**
**1.105** kr./kg.

**Krónuskinka**
**198** kr./pk.

**Samkeppni**

**Vínber rauð**
**99** kr./kg.

**Tómatar**
**99** kr./kg.

**Opið alla daga**

**ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ**



eira
val
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
25%
AFSLÁTTUR
SS hunts BBQ svínakótilettur
1.161
kr./kg.
Myllu Fjölkorna brauð
149
kr./stk.
Goða pylsur 10 stk.
299
kr./pk.
Náttúra
Epla safi
Náttúru eplasafi
49
kr./1 l.
Krónu salernispappír 12 rl.
198
kr./pk.
KRÓNUPAPPÍR
Nýr valkostur
Krónu
ikkulaðikex
99
kr./pk.
FS ýsuflök frosinn
395
kr./kg.
Náttúru frosinn smábrauð 12stk.
199
kr./pk.
X-tra sjampó
149
kr./500 ml.
X-tra hárnæring
149
kr./500 ml.
Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

360 gráður

FBL-GREINING: ÁTÖKIN Í GARÐASÓKN

# Samstarfsmenn deila

Átök hafa kraumað innan Garðasóknar síðustu ár. Upp úr sauð þegar djákninn las upp kvörtunarbréf á fundi og óskaði eftir aðstoð sóknarnefndar í viðskiptum við sóknarprest.

**Yfir hverju kvartaði djákninn?**
Sóknarprestur tæki ákvarðanir um störf hennar og samstarf við RKÍ án samráðs við hana. Hann tæki ákvarðanir um fundi og gæfi ekki einu sinni upplýsingar um störf hennar eða spyrði eftir þeim. Sóknarprestur hefði ákveðið tímasetningu fyrir þjónustu hennar með prestum og skráð í Kirkjutíðindum án samráðs við hana. Hann hefði sagt þetta viðmið en þannig hafi það ekki verið í reynd. Hann hefði ákveðið námskeið og slegið af önnur án samstarfs eða samráðs.

**Hvaða stöðu hafa prestarnir?**
Sóknarprestur hefur lagalega forstöðu í prestakallinu. Hann er skipaður af ráðherra að fenginni niðurstöðu valnefndar. Sóknarprestur ber hina lagalegu ábyrgð og tekur til dæmis ákvarðanir um afnot af kirkju. Við hlið sóknarprests starfar prestur og er hann skipaður af biskupi. Djákni er starfsmaður sóknarnefndar og sér til dæmis um kærleiksþjónustu í sókninni. Sóknarprestur, prestur og djákni eru samstarfsmenn og starfa hlið við hlið. Yfir prestum og djáknum er prófastur. Hann greiðir úr ágreiningi.

**Hver er fyrri samskiptavandi presta?**
Séra Flóki Kristinsson, sóknarprestur í Langholtskirkju, lenti í deilum við Jón Stefánsson organista og kórinn í Langholtskirkju á tíunda áratugnum. Hann var sendur utan en er nú sóknarprestur á Hvanneyri.
Séra Ólafur Oddur Jónsson, sóknarprestur í Keflavíkurkirkju, lenti í deilum við sóknarnefndina en málið leystist farsællega og er séra Ólafur Oddur enn í dag sóknarprestur við Keflavíkurkirkju.
Séra Gunnar Björnsson lenti í deilum við sóknarnefndina í Fríkirkjunni í Reykjavík um 1988. Hann fór að Holti í Önundarfirði en og er nú farsæll sóknarprestur á Selfossi.
Séra Torfi Hjaltalín Stefánsson á Möðruvöllum í Eyjafirði er nú í doktorsnámi í Svíþjóð.



# Biskup bíður

**Stuðningsmenn séra Hans Markúsar Hafsteinssonar, sóknarprests í Garðasókn, hyggjast í dag reyna að ná tali af kirkjumálaráðherra til að leita eftir stuðningi hans. Ráðherra hefur lagalega heimild til að grípa inn í deiluna en ólíklegt þykir að hann geri það. Sóknarpresturinn getur áfrýjað úrskurði úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar fram til 5. maí. Á meðan bíður biskup.**

Stuðningsmenn séra Hans Markúsar Hafsteinssonar, sóknarprests í Garðasókn, hyggjast í dag reyna að ná tali af Birni Bjarnasyni kirkjumálaráðherra til að leita eftir stuðningi hans við sóknarprestinn, til dæmis við að koma sóknarnefndinni frá. Þeir hafa sent frá sér yfirlýsingu um að hann sé farsæll prestur sem reynt sé að bregða fæti fyrir.

Ljóst er að ráðherra hefur lagalega heimild til að grípa inn í deiluna en ólíklegt þykir að hann geri það þar sem kirkjan hefur sjálfstæða stöðu sem ráðherra hefur hingað til virt. Leitað hefur verið til ráðherra í svipuðu máli áður og sendi hann þá biskupi bréf þar sem hann studdi ákvörðun hans.

Annað kvöld verður haldinn safnaðarfundur þar sem úrskurður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar verður útskýrður og málin rædd. Búast má við fjölmenni á þeim fundi.



VÍDALÍNSKIRKJA Í GARÐASÓKN Samskiptavandinn í Garðasókn á að margra mati rætur að rekja sjö ár aftur í tímann eða frá því að þeir tókust á um embætti sóknarprests, séra Örn Bárður Jónsson og séra Hans Markús Hafsteinsson.



FRÉTTASKÝRING
DEILURNAR Í GARÐASÓKN

GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Sóknarpresturinn hefur frest fram til 5. maí til að áfrýja úrskurði úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Á meðan bíður biskup með ákvörðun sína.

Deilur sóknarprestsins og fjórmenninganna í sókninni, Nönnu Guðrúnar Zoega djákna og séra Friðriks J. Hjartar auk Matthíasar G. Péturssonar, formanns sóknarnefndar, og Arthurs Farestveit varaformanns halda því áfram.

### Kraumað í sjö ár

Margir velta fyrir sér hvaða ástæður eru fyrir þeim samskiptavanda sem upp er kominn. Ljóst er að vandinn er gamall og hefur verið að krauma um langt skeið. Mikil átök urðu í sókninni fyrir rúmum sjö árum þegar þeir tókust á um embætti sóknarprests, séra Örn Bárður Jónsson sem nú er sóknarprestur í Neskirkju og séra Hans Markús Hafsteinsson, sem þá hafði starfað sem lögreglumaður um 25 ára skeið og var nýútskrifaður prestur. Séra Hans Markús bar sigur úr býtum í kosningum.

Fyrir í sókninni var Nanna Guðrún Zoega djákni, ráðin af sóknarnefndinni en séra Friðrik J. Hjartar var ráðinn prestur eftir að séra Hans Markús kom til starfa og meðal annars fyrir atbeina séra Hans Markúsar.

Í sóknarnefndinni voru fyrir Matthías G. Pétursson sem nú er formaður sóknarnefndar og Arthur Farestveit sem nú er varaformaður. Stuðningsmenn séra Hans Markúsar telja að þeir hafi verið stuðningsmenn séra Arnar Bárðar og þar sé meðal annars rót vandans. Þeir reyni nú að koma sóknarprestinum frá.

Söfnuðurinn og sóknarnefndin skiptist í tvær fylkingar og ganga ásakanir á víxl. Stuðningsmenn séra Hans Markúsar hafa opnað vefsíðu til að safna undirskriftum honum til stuðnings. Þeir telja sóknarprestinn hafa staðið sig vel í starfi en reynt sé að bola honum frá að ósekju. Réttast sé að halda aðalsafnaðarfund og leyfa söfnuðinum að ráða um þróunina.

### Margt smátt gerir eitt stórt

Séra Friðrik J. Hjartar og Nanna Guðrún Zoega djákni kvarta hinsvegar undan samskiptavanda við sóknarprestinn. Sérstaklega virðist samskiptavandinn vera milli Nönnu Guðrúnar og séra Hans Markúsar sem ekki hefur haft við hana samráð. Upp úr sauð þegar Nanna Guðrún kvaddi sér hljóðs í ársbyrjun 2004 og las upp kvörtunarbréf um samskiptavandann á sóknarnefndarfundi. Kjarni bréfsins er sá skilningur Nönnu Guðrúnar að séra Hans Markús taki geðþóttaákvarðanir um störf hennar án samstarfs og samráðs við hana og ætlist til þess að hún hlaupi til fyrirvaralaust eftir hans hentugleikum án þess að ræða við hana áður. Og það þó að hún heyri ekki undir hann heldur heyri beint undir sóknarnefndina.



SÉRA HANS MARKÚS HAFSTEINSSON



SÉRA FRIÐRIK J. HJARTAR

Séra Hans Markús hefur sagt að gagnrýni Nönnu Guðrúnar hafi komið sér í opna skjöldu. Hann hafi ekki vitað um óánægju hennar og hún hafi ekki kvartað áður yfir samstarfinu við hann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur Nanna Guðrún sig hinsvegar hafa rætt þetta við hann en hann ekki tekið mark á því.

Þá hafa makar beggja látið málið til sín taka með sms-sendingum og ýmsum bréfaskrifum.

Margt smátt gerir eitt stórt. Svo virðist sem samskiptavandinn kristallist í mörgu. Þannig olli það spennu þegar sóknarpresturinn gekk gegn vilja organista, kórfólks og samþykkt sóknarnefndar um tilraunafærslu á orgeli.

Kjarni málsins er kannski sá að sóknarpresturinn þykir ekki hafa vilja til sátta. Það var að minnsta kosti niðurstaða vinnusálfræðings sem biskup fékk til að ná sáttum í Garðasókn. Það er því beðið eftir ákvörðun biskups. ■


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar






DYNAPAC
Traustur tækjabúnaður



Vibratorar og dælur
Valtarar
Malbikunarvélar
Fræsarar

KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is



Vatnsvirkinn
er kominn í SUMARSKAP!
Tilboðin gilda til 30. apríl
Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í rúm 50 ár.
50% afsláttur!
Verð nú 9.995 Verð áður 14.995
Boston
45% afsláttur!
Verð nú 8.995 Verð áður 12.995
Roma
35% afsláttur!
Verð nú 4.995 Verð áður 6.995
Miramar
25% afsláttur!
Verð nú 15.995 Verð áður 19.995
Laguna
20% afsláttur!
Verð nú 9.995 Verð áður 11.995
Missouri
25% afsláttur!
Verð nú 7.995 Verð áður 9.995
Monaco
25% afsláttur!
Verð nú 15.995 Verð áður 19.995
Miami
sanindusa
25% afsláttur!
Verð nú 19.995 Verð áður 24.995
Salerni í gólf/vegg
ferbox sturtuhorn • hurðir • handklæðaofnar
Breidd 70-90 cm
20% afsláttur!
Verðdæmi 24.995 Verð áður 29.995
Adria sturtuhorn
Breidd 70-112 cm
20% afsláttur!
Verðdæmi 21.495 Verð áður 25.995
Zenith rennihurðir
Breidd 70-92 cm
15% afsláttur!
Verðdæmi 22.495 Verð áður 26.995
Boreas rennihurðir
Til í ýmsum stærðum
20% afsláttur!
Verðdæmi 13.995 Verð áður 16.995
handklæðaofnar
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl
VISA MasterCard Léttgreiðslur/Raðgreiðslur
Þekking, reynsla og þjónusta í fyrirrúmi...
...alltaf heitt á könnunni!
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 · 108 Reykjavík · Sími 533 2020 · Afgreiðslutími: Virka daga 8-18 · Laugardaga 10-16

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Reglur um samræmda upplýsingagjöf þingmannna Framsóknarflokksins er framfaraspor

## Siðareglur þingmanna

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa komið sér saman um reglur um samræmda upplýsingagjöf þingmannna flokksins um fjárhag, eignir, hagsmuni og tengsl þingmanna og varaþingmanna. Og framsóknarmenn láta ekki þar við sitja heldur hafa þeir þegar birt þær upplýsingar sem reglurnar taka til á heimasíðu sinni.

Full ástæða er til að fagna þessu framtaki framsóknarþingmanna og óska þeim til hamingju með að hafa riðið á vaðið með þessum hætti. Markmiðið með setningu reglnanna segja þeir vera að stuðla að gagnsæi í íslenskum stjórnmálum og á kynningarfundi sínum um þær sögðust þeir vonast til að fleiri flokkar eða þingmenn fetuðu í fótspor sín.

**„Reglur framsóknarmanna eru því vonandi bara fyrsta skrefið í því sem koma skal, að búnar verði til alhliða og almennar siðareglur fyrir þingmenn sem sitja á Alþingi Íslendinga.**

Sífellt fleiri stéttir og starfshópar hafa sett sér siðareglur undanfarin ár og reglur framsóknarþingmannanna eru í raun liður í þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár og áratugi. Lengi hefur verið rætt um tengsl Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra við tiltekin sjávarútvegsfyrirtæki og hefur það væntanlega ýtt á þingmenn Framsóknarflokksins að verða fyrstir til að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Þingsályktunartillaga Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna um siðareglur fyrir alþingismenn sem þegar liggur fyrir í þinginu er liður í sömu þróun. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur einnig samþykkt að fara þess á leit við forsætisnefnd Alþingis að settar verði almennar reglur um upplýsingagjöf þingmanna um eignir og hagsmunatengsl auk þess sem þingflokkurinn hefur samþykkt hugmynd að reglum, í sama anda og reglur framsóknarþingmanna, sem forsætisnefnd geti haft til hliðsjónar í þessum störfum. Og frá vinstri grænum er komin yfirlýsing um að sambærilegar upplýsingar og þær sem liggja fyrir frá framsóknarþingmönnunum verði birtar.

Umræða og vinna við samningu siðareglna þingmanna er sem sagt komin á fulla ferð og ber að fagna því. Reglur framsóknarmanna eru því vonandi bara fyrsta skrefið í því sem koma skal, að búnar verði til alhliða og almennar siðareglur fyrir þingmenn sem sitja á Alþingi Íslendinga, siðareglur sem eru víðari en drengskaparheit það sem þingmenn vinna þegar þeir setjast á Alþingi, reglur sem taka meðal annars til eigna- og hagsmunatengsla þeirra.

Framtaki framsóknarmanna ber að fagna og umræðunni allri um siðareglur þingmanna. Hún gefur tilefni til að ætla að óðum styttist í þann dag að íslenskir stjórnmálamenn geri ekki bara grein fyrir sínum eigin fjárhags- og hagsmunatengslum heldur geri þeir með sama hætti hreint fyrir sínum dyrum varðandi fjármál flokka sinna, opni bókhald þeirra og upplýsi bæði um tekjur og gjöld og geri þar með kjósendum sínum kleift að átta sig á hagsmunatengslum stjórnmálaflokkanna, þar sem þau eru til staðar. Annað er í raun óboðlegt. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skraddarasnið

Steingrímur J. Sigfússon fór mikinn á Alþingi í gær vegna Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hann og fleiri gagnrýndu Davíð Oddsson utanríkisráðherra harkalega fyrir að leggja Mannréttindaskrifstofu Íslands ekki neitt fé til að reka skrifstofuna á þessu ári. Stjórnarandstæðingar töldu Davíð vera í hefndarhug vegna óþekktar skrifstofunnar í ýmsum málum.
Minni athygli vakti í umræðunum að utanríkisráðuneytið hefur engu að síður tekið frá fé til mannréttindamála og hyggst nú fjármagna stöðu sérfræðings í mannréttindamálum hjá Öryggissamvinnustofnun Evrópu í Varsjá. Í bréfi til Mannréttindaskrifstofunnar kemur fram að staðan verði auglýst á næstu dögum hér á landi og víðar. Ef allt er sem var í íslenskri pólítík þarf umsækjandi að hafa verið þingmaður og í réttum flokki ef hann á að hafa einhverja von um stöðuna.



### Var þetta sagt í gær? Eða fyrradag?

Fróðir menn hafa frá fyrstu tíð talið stjórnmálaflokka vera öflugasta tækið til að ná völdum og halda úti ákveðnum málstað. Til þess að hann verði sigursæll verða flokksmennirnir að vera samhuga, breiða út skoðanir flokksins og reyna á allan hátt að auka þeim fylgi: „Það myndast trúarsetningar, sem ætlast er til að allir flokksmenn fylgi og hver sem fer að hugsa sjálfstætt um málin og kemur fram með ágreiningsatriði við skoðanir flokksstjórnarinnar, verður brátt vargur í véum, því hann er hættulegur fyrir samheldnina, dregur úr trúaráhuganum og leysir sundur í stað þess að binda saman. Það eru talin svik við flokkinn að halda fram öðrum skoðunum en þeim sem koma heim og saman við stefnu hans. Þar sem svona er í garðinn búið, þá er ekki von að stjórnmálaflokkar verði neinar gróðrastöðvar frjálsar hugsunar um þjóðmálin og rannsóknar á þeim. Aðaláhuginn snýst um það að halda saman, vinna sigur á öðrum flokkum, ná í völd og halda þeim. Þar með verða flokkshagsmunirnir brátt aðalatriðið í baráttunni.“ Þetta var ritað af Dr. Guðmundi Finnbogasyni árið 1924 og birtist í riti sem hann nefndi Stjórnarbót. Ekkert er nýtt undir sólinni.

johannh@frettabladid.is

# Dýr þörf fyrir falsaða sögu

Í DAG
KÍNA OG JAPAN



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Engir menn á jörðinni kunna eins vel að búa til friðsæla staði og Japanir. Þótt Yasukuni-skrínið í Tokyo sé fjarri því að vera fegurst japanskra hofa er það engu að síður svo unaðssamur staður að hofið þætti einstakur dýrgripur í flestum borgum heimsins. Yasukuni er hins vegar hatað um stóran hluta Asíu og deilur um það eru til miðju í átökum sem hafa mikla þýðingu fyrir alþjóðleg stjórnmál og viðskipti. Þróun á sambandi Kína, hins rísandi stórveldis, og Japan, næststærsta hagkerfis heimsins, gæti haft meiri áhrif á skipan stjórnmála og viðskipta í heiminum næstu áratugi en ófriðurinn í Miðausturlöndum. Deilurnar um Yasukuni-hofið og um sögukennslu fyrir japönsk börn snúast á yfirborðinu um átök fyrri tíma. Í reynd eru þær hluti af vaxandi átökum um pólitísk og efnahagsleg völd á mannflesta svæði jarðarinnar. Vaxandi efnahagsmáttur Kínverja hefur víðtæk áhrif um allan heim og hefur djúpstæð áhrif á stefnumörkun fyrirtækja og ríkisstjórna um öll Vesturlönd. Við jaðra hins nýja heimsveldis eru áhrifin lík landskjálfta.

Yasukuni-hofið er sagt hýsa anda tveggja og hálfrar milljónar manna sem féllu í stríðum Japana á nokkrum áratugum til loka síðari heimsstyrjaldarinnar. Nöfn mannanna eru skráð í hofinu og andar þeirra eru sagðir gæta japönsku þjóðarinnar. Á meðal þessara manna eru dæmdir stríðsglæpamenn og fjöldi herforingja sem báru beina ábyrgð á dauða milljóna manna í fjöldamorðum japanska hersins og í hroðalegum fangabúðum úti um hálfa Asíu. Sú mynd sem menn fá af stríðum Japana með því að heimsækja hofið og safn við hlið þess er hins vegar sú að Japanir hafi verið knúnir til að heyja stórar styrjaldir og þurfi síður en svo að skammast sín fyrir þessi stríð. Ekki er að sjá að Japanir hafi sjálfir borið nokkra ábyrgð á tilraunum sínum til að leggja undir sig hálfa heimsbyggðina eða á dauða þeirra tuga milljóna manna sem guldu fyrir þetta með lífi sínu. Hof í miðri Berlín sem sagt væri geyma sálir fallinna Þjóðverja, og þar á meðal Hitlers og annarra leiðtoga nasista, væri evrópsk hliðstæða við Yasukuni-hofið. Safn um hetjudáðir þýsku stormsveitanna væri önnur hliðstæða og sú þriðja væri ef kanslari Þýskalands mætti prúðbúinn í heimsókn þarna á hverju ári. Af hugsun um þessar hliðstæður geta menn ímyndað sér hverjar tilfinningar Kínverja, Kóreumanna og íbúa Suðaustur-Asíu eru til japanskra leiðtoga sem heimsækja skrínið og leyfa útgáfu kennslubóka sem hvítþvo Japana af ábyrgð á helför tugmilljóna Asíumanna.

**„Þróun á sambandi Kína, hins rísandi stórveldis, og Japan, næststærsta hagkerfis heimsins, gæti haft meiri áhrif á skipan stjórnmála og viðskipta í heiminum næstu áratugi en ófriðurinn í Miðausturlöndum.**

Þótt Japan sé annað stærsta hagkerfi heimsins hafa Japanir aldrei náð pólitískum áhrifum í Asíu. Bandalag Asíuríkja með Japan í forustusveit og japanska yenið sem akkeri í viðskiptum hefur aldrei verið mögulegt vegna þeirrar djúpu tortryggni sem mætir Japönum um alla álfuna. Japanir eru þreyttir á sérkennilegri stöðu lands síns og óskir um pólitísk áhrif til jafns við efnahagsleg hafa farið mjög vaxandi á síðustu árum. Krafa Japana um fast sæti, helst með neitunarvaldi, í öryggisráði SÞ er dæmi um þetta. Í stað þess að gera upp fortíðina, sem gæti opnað Japönum áður lokaðar leiðir til áhrifa í Asíu, hafa Japanir lent inni í öngstræti nýrrar þjóðernishyggju sem eins og öll þjóðernishyggja byggir á fölsunum á sögunni.

Japanir þurfa ekki annað en að líta til Þýskalands til að sjá hve gerólíka stöðu Japan hefði getað fengið í heimsmálunum ef þjóðin hefði gert upp sögu sína með ábyrgari og skynsamlegri hætti. Veik staða Japana í Asíu er um sumt fagnaðarefni fyrir bæði Kínverja og Bandaríkjamenn. Hún auðveldar Kína að mynda bandalög í Asíu og eykur svigrúm ríkisins með ýmsum hætti. Um leið hafa Japanar aftur snúið sér til Bandaríkjanna, en áhugi Japana á sambandi landanna minnkaði um tíma, og líta svo á að vegna einangrunar sinnar í Asíu sé þeim nauðsynlegt að treysta sem mest samstarfið við Bandaríkin. Þetta eykur enn á tortryggni Kínverja og margra annarra Asíuþjóða í garð Japana en sambandið við Japan er lykill að áframhaldandi áhrifum Bandaríkjanna í Austur-Asíu. Afsökunarbeiðni Koizumis á fundi Asíulanda í síðustu viku hjálpaði Japönum lítið því Koizumi er tíður gestur í Yasukuni. ■

Miðvikudagskvöldið 27. apríl

Landsfundur undirbúinn í kvöld

SffR heldur félagsfund í kvöld til að undirbúa þátttöku félagsins í landsfundi Samfylkingarinnar í vor, 20.–22. maí.
**Fundurinn er haldinn á Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 20.**

Á dagskrá:
*Kjör fulltrúa SffR á landsfundinn – sagt frá skipulagi landsfundar – reifuð málefni sem þar á að ræða – umræður um okkar hlut á landsfundinum.*

Fundurinn er opinn öllum félögum í SffR
– nýir félagar sérstaklega velkomnir!

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 5.13 | 13.25 | 21.40 |
| AKUREYRI 4.47 | 13.10 | 21.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**nám o.fl.**
Námskeið í útsaumslist
BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
**Í dag er miðvikudagur 27. apríl, 117. dagur ársins 2005.**

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eitt af því sem Stefanía lærir í skólanum er að sauma á saumavél og það þykir henni bráðskemmtilegt.

# Góðir hálsar sungu í samveru á sal

***Stefanía Aradóttir í Árgerði er einn af 56 nemendum Húsabakkaskóla í Svarfaðardal, að leikskólabörnum meðtöldum. Í gær gerðu nemendur sér dagamun, voru í samveru á sal, héldu upp á afmæli allra aprílbarna og gistu svo í skólanum.***

„Það er alltaf svona hátíð einu sinni í mánuði í bekknum, þá förum við út í lítinn sal í félagsheimilinu Rimum og stundum syngjum við, það er kallað „söngur á sal“ en nú var „samvera á sal“. Þá söng kórinn Góðir hálsar og ég er í honum og svo lásu krakkar úr 7. og 8. bekk upp. Við vorum að halda upp á bókadaginn. Svo var kaffiveisla til að fagna öllum afmælunum í apríl, meðal annars mínu því ég átti afmæli þann 18. Svo fengum við að gista. Það er alltaf gistidagur einu sinni í mánuði en aðra daga förum við heim klukkan hálf tvö.“

-En er nóg af rúmum eða liggið þið í flatsæng á gólfunum?

„Það er gist í rúmum því einu sinni voru krakkarnir hér í heimavist. Þá dvöldu þau hér í hálfan mánuð og voru svo heima í hálfan mánuð og stunduðu heimanám. Þess vegna er vist uppi á efstu hæð og í öðru húsi við hliðina.“

-Eru vorprófin byrjuð í Húsabakkaskóla?

„Ég veit ekki hvenær þau byrja en ég var í náttúrufræðiprófi á mánudaginn og er að fara á föstudaginn í kristinfræðipróf.“

-Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?

„Það eru smíðar, hannyrðir og íþróttir. Við erum nýbyrjuð að læra að sauma á saumavél í hannyrðatímunum. Það er mjög gaman,“ segir Stefanía, sem er í fjórða bekk skólans. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í námi*

**Hláturæfing** verður haldin í húsakynnum heilsumiðstöðvarinnar Maður lifandi við Borgartún í dag og hefst klukkan 17.30. Æfingin er á vegum Hláturkætiklúbbsins og stendur í um það bil 45 mínútur. Eftir æfinguna getur fólk keypt sér lífrænt ræktaðan mat. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



**Lokaverkefni** nemenda við Verkmenntaskólann á Akureyri verða til sýnis í Skipagötunni frá og með morgundeginum. Sýningin verður opin á föstudag frá 16 til 18, á laugardag frá 14 til 18 og á sunnudag frá 14 til 16.

**Morgunverðarfundur** Félagsfræðingafélags Íslands fer fram í fyrramálið og er yfirskriftin að þessu sinni „Er foreldrahlutverkið hindrun í atvinnulífinu – jafnvel fyrir pabba? Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, fjallar um upplifun yfirmanna, Gísli Hrafn Atlason mannfræðingur fjallar um fæðingarorlofstöku karla og Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur fjallar um álag í og utan vinnu. Það kostar 1.500 krónur inn og er morgunverður innifalinn. Fundurinn hefst á Grand Hóteli klukkan 8.15.

FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI
BYRJAÐU NÚNA!

ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR



WWW.MENNTAVEFURINN.IS

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**Lesið undir próf**

Bestum árangri er náð þegar próflesturinn er vel skipulagður. Einnig skiptir máli að fá góða hvíld, hreyfingu og að borða næringarríka og holla fæðu ásamt því að vera jákvæður og bjartsýnn.






**Ég er á leiðinni...**

**40 erlendir skiptinemar koma til Íslands í ágúst n.k. Þeir bíða spenntir eftir að heyra frá íslensku fósturfjölskyldunum sínum.**

**Er fjölskylda þín ein af þeim?**

Viljið þið kynnast
... nýjum viðhorfum?
... framandi menningu?
... nýrri sýn á land og þjóð?

**Ef svo er gefst ykkur færi á að taka á móti erlendum skiptinema næstu 5–10 mánuði.**

AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti
Ingólfsstræti 3, 2. hæð
Sími 552 5450
www.afs.is









Ríkey Kristjánsdóttir kennir hand- og myndmennt við barnaskóla Seyðisfjarðar og heldur handmenntanámskeið. Ríkey rekur einnig Hótel Ölduna á Seyðisfirði ásamt sambýlismanni sínum og opnaði í haust verslunina Draumhús, sem selur indverska muni og er einnig vinnustofa Ríkeyjar.

# Tímabært að gefa útsauminum gaum

***Heimilisiðnaðarfélag Íslands gengst fyrir útsaumshelgi um næstu helgi. Aðalkennarinn er Ríkey Kristjánsdóttir, handavinnukennari og stóráhugamanneskja um íslenskan útsaum.***

Heimilisiðnaðarfélag Íslands stendur fyrir útsaumshelgi um næstu helgi. Útsaumshelgin hefst á fyrirlestri Ríkeyjar Kristjánsdóttur, textílhönnuðar og handmenntakennara, um íslenskar útsaumsgerðir. „Í framhaldinu verður svo námskeið í útsaumi þar sem meðal annars verður farið yfir sögu útsaums á Íslandi, helstu útsaumsgerðir, hlutverk, áhöld og efni, vinnuaðferðir, munsturgerð og hönnun og framtíð útsaums miðað við þróun síðustu ára. Gerðar verða nokkrar saumaprufur og kenndar gamlar aðferðir.“

Ríkey Kristjánsdóttir útskrifaðist sem handavinnukennari frá Haandarbejdets Fremmes Seminarium í Kaupmannahöfn vorið 2003 með útsaum sem aðalvalfag og textílhönnun sem aukavalfag. „Það var fyrst og fremst áhugi á útsaumi sem dreif mig áfram og mér fannst sérstakt að geta valið útsauminn sem aðalvalgrein,“ segir Ríkey um ástæðu þess að hún valdi þennan skóla. Ríkey segist frá barnæsku hafa haft mikinn áhuga á handavinnu. „Mér finnst líka eins og útsaumur sé deyjandi list og fannst tímabært að ungar konur lærðu um útsaum,“ heldur hún áfram. Að mati Ríkeyjar hafa Íslendingar ekki gefið þessari listgrein nægilegan gaum og sem dæmi nefnir hún að enginn útsaumur er kenndur við Listaháskólann. „Útsaumur er að mínu mati bara annað verkfæri til að mála mynd.“

Frá því að námi lauk hefur Ríkey kennt hand- og myndmennt við Barnaskóla Seyðisfjarðar og haldið handmenntanámskeið, en hún rekur auk þess Hótel Ölduna á Seyðisfirði ásamt sambýlismanni sínum og opnaði í haust verslunina Draumhús þar sem seldir eru indverskir munir og er einnig vinnustofa Ríkeyjar.

Guðrún Sigurðardóttir textílkennari verður leiðbeinandi á námskeiðinu ásamt Ríkeyju. Guðrún hefur haldið mörg námskeið og er einnig mikil áhugamanneskja um útsaum. Þær Ríkey hyggjast halda samstarfi sínu um útsaumsnámskeið áfram og halda námskeið víðar um landið.

Fyrirlestur Ríkeyjar verður á föstudagskvöldið 29. apríl klukkan 20 og námskeiðið sjálft verður haldið laugardag og sunnudag. Kennt verður í tveimur hópum, kl. 9-13 og 14-18. Námskeiðið verður í húsnæði Heimilisiðnaðarfélags Íslands, Laufásvegi 2. Upplýsingar og skráning er hjá Heimilisiðnaðarfélaginu í síma 551 7800 og 895 0780. Verð á fyrirlesturinn er kr. 1.000 kr. og námskeiðið kostar kr. 10.000. ■



Á námskeiðinu um helgina verða þátttakendur margs vísari um hefðbundinn íslenskan útsaum.





## Þúsund börn njóta stuðnings

STARFANDI LEIKSKÓLAR Á LANDINU ÖLLU ERU 261 OG LEIKSKÓLABÖRNIN NÁLGAST 17 ÞÚSUND.

Tæplega 17 þúsund börn, eða 16.710, sóttu leikskóla hérlendis undir lok síðasta árs samkvæmt Hagtíðindum. Leikskólabörnum fjölgaði um 25 í fyrra frá fyrra ári og er það mun minni fjölgun en fyrri ár. Hlutfallslega sækja fleiri drengir leikskóla en stúlkur. Starfandi leikskólar á landinu öllu voru 261 í desember sl. og hafði fjölgað um sex frá árinu 2003. Viðverutími barna á leikskólum er langur og dvelja nú þrjú af hverjum fjórum börnum í leikskólanum í sjö stundir eða lengur daglega. Tæplega þúsund börn njóta sérstaks stuðnings í leikskólanum og hefur þeim fækkað um 100 frá árinu 2003.



Kátir krakkar á Mánagarði gæða sér á hefðbundnum íslenskum mat.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ýmislegt er brallað í sumarbúðunum og hægt að finna eitthvað við allra hæfi. Svanhildur Sif Haraldsdóttir stýrir sumarbúðunum Ævintýralandi þar sem skilyrðislaus virðing er borin fyrir börnunum.

# Spennandi námskeið í sumarbúðum

***Sumarbúðirnar Ævintýraland á Hvanneyri bjóða upp á heilmörg spennandi námskeið fyrir börnin og ætti engum að leiðast. Birgitta Haukdal mætir á svæðið.***

„Á fyrsta degi kynnum við námskeiðin mjög vel fyrir börnunum en þau eru á námskeiðum í tvær stundir á hverjum degi,“ segir Svanhildur Sif Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri sumarbúðanna Ævintýralands á Hvanneyri. Hún segir fjölbreytt námskeið í boði í sumarbúðunum; svo sem í kvikmyndagerð, leiklist, myndlist, tónlist, dansi, íþróttum, hestamennsku, ævintýraferðum, skyndihjálp og grímugerð.

„Vissulega þykir börnunum oft erfitt að velja og stundum elta þau bara vinina. Fjölbreytnin er svo mikil að engum ætti að leiðast hjá okkur.“

Um verslunarmannahelgina verða í boði sérstök námskeið fyrir börn á aldrinum 12 til 14 ára. „Við höldum inni flestum námskeiðunum og bætum við umhirðu húðar, förðun, þolfimi og tískusýningu og fleira. Auk þess erum við með karókíkeppni þar sem alvaran er mun meiri en hjá þeim yngri,“ segir Svanhildur og bætir við að auk þess sé alltaf einhver landsfrægur aðili með forvarnarspjall við börnin, en í ár mun Birgitta Haukdal mæta á svæðið.

Hugmyndafræði sumarbúðanna byggir á skilyrðislausri virðingu fyrir börnum.

„Hver hópur heldur jafnan hádegisfund með sínum umsjónarmanni. Þessir fundir eru hugsaðir til að efla samstöðu og samhug og sjá hvort öllum líði ekki vel hjá okkur. Valdir eru leikir til að efla sjálfstraustið og börnin læra bæði að hrósa öðrum og sjálfum sér. Við reynum að sá góðum fræjum hvar og hvenær sem við getum,“ segir Svanhildur.

Upplýsingar um sumarbúðirnar er að finna á vefsíðunni sumarbudir.is.

*kristineva@frettabladid.is*







# Dansað í Loftkastalanum

***Nemendasýning dansstúdíós World Class fór vel fram.***

Nemendasýning dansstúdíós World Class í Laugum var haldin með pompi og prakt á sumardaginn fyrsta í Loftkastalanum. Þar sýndu nemendur, allt frá fjögurra ára aldri og upp úr, listir sínar við mikinn fögnuð viðstaddra.

Yngstu nemendurnir sýndu dans og leiki með bolta en þeir eldri sýndu annars vegar jazzfunk og freestyle og hins vegar salsa en nemendurnir og kennarar stúdíósins hafa unnið hörðum höndum við að skipuleggja sýninguna síðan um áramót. Þema sýningarinnar var dansgleði og lét hún ekki á sér standa. ■





Meðal þeirra sem sýndu listir sínar var Íslands- og Reykjavíkurmeistari í Freestyle, Eva Óliversdóttir.

Í lok sýningarinnar hópuðust allir nemendur og kennarar upp á svið og klöppuðu fyrir hver öðrum.


## 12 klst. námskeið
### í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu

**MYNDAVÉLIN:** Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG

**MYNDATAKAN:** Myndbyggingarreglur. Myndataka – almennt, landslandsmyndatökur, næturmyndatökur, norðurljósamyndatökur, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.

**LJÓSMYNDASTÚDÍÓ:** Myndataka - Portrett í Studíói. Notkun ljósa í stúdíói, mismunandi lýsing, notkun flassmælis, hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.

**TÖLVAN:** Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.

**PHOTOSHOP:** Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

**Hópur A 9., 11. og 12. maí** **Hópur B 23., 25. og 26. maí** **Verð kr. 14.900.**

**Skráning og nánari uppl. á ljosmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson**





Líkamsrækt

RopeYoga

Nýtt heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann þar sem miðjan – *kviður og bak* – gegnir lykilhlutverki.

**Ný 8 vikna námskeið hefjast 4. og 10. maí**

**Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 6:15, 7:15, 8:20 og 10:00.**

**Mánudagar, miðvikudagar og fimmtudagar kl. 13:30.**

***Vertu velkomin í okkar hóp!***

www.jsb.is

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 810-05

# allt - sem þig vantar

| SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22 | TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19 | AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17 |
|---|---|---|---|---|

brimborg

Taktu bíl

VW Golf, skrd. 01/1998 ek. 84.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Elantra station, skrd.08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo 440 GLE, skrd. 08/1994, ek. 180.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 350.000 kr. Tilboð 250.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo XC90, skrd. 03/2003, ek. 47.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr. Einn með öllu 100% lán. S. 515 7000.

BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 7.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Corolla 4x4, skrd. 05/1999, ek. 110.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000,- kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Rav4, Skrd. 07/2000, ek. 94.000 km. 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr. Tilboð 1.350. 000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo, skrd. 05/1995, ek. 123.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Sirion CX, skrd. 08/1998, ek. 65.000 km. 1000cc, beinskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 379.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy Outback H-6, skrd. 08/2002, ek. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 3.150.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S70, skrd. 02/1999, ek. 100.000 km, 2500cc, sjálfskiptur, leður/rússkinn og m.fl. Ásett verð 1.390.000,- kr. 100% lán. S. 515 7000.

SsangYoung Rexton, skrd. 07/2002, ek.45.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Daewoo Musso Grand Lux, skrd. 10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Clio, skrd. 06/2000, ek. 65.000 km, 1200cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Honda Accord station, skrd. 04/2004, ek. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara SX station, skrd. 02/2003, ek. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.230.000 kr.100% lán. S. 515 7000.

Subaru Forester, skrd.01/1999, ek. 104.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.030.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Avensis Sol station, skrd. 11/2004 ek. 4.000 km , 1800 cc , sjálfskiptur. Ásett verð 2.770.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford KA skrd. 09/2000 ek. 53.000 km, 1300 cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 430.000 kr 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr. 9/2003 ek. 18.000 km, 2500 cc, sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 kr. Tilboð 3.590.000 kr 100 % lán. S. 515 7000.

Volvo S80 LPT-Turbo, skrd. 11/2002, ek. 52.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 11/2002, ek. 90.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Peugeot 406 station, skrd. 10/1999, ek. 100.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Suzuki Sidekick, skrd. 01/1992, ek. 222.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus H/S station, skrd. 10/2000, ek. 71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane Sport T, skrd. 11/2004, ek. 10.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Van, skrd. 10/2003, ek. 21.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Avensis, skrd. 03/2003, ek. 43.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Lanos Hurricane, skrd. 09/2002, ek. 37.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf 4x4 station skrd. 08/1997, árgerð 1998, ek. 163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Mazda Demio, skrd. 06/1999, ek. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Fiesta Trend, skrd. 01/2003, ek. 42.000 km, 1400cc, Beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Astra station, skrd. 10/1999, ek. 105.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. Tilboð 820.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Kia Sorento V6, skrd. 02/2003, ek. 36.000 km, 3500cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen C3.skrd. 10/2002, ek. 25.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Vectra CD station skrd. 04/1998, ek. 126.000 km, 1600cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 12/2002, ek. 25.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr. Tilboð 1.660.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Transit 300 M rúta, skrd. 02/2002 ek. 97.000 km, 2000cc, Turbo-diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr S. 515 7000.

Citroen C2, skrd. 10/2004, ek. 4.000 km, 1360cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

Nissan Primera GX station, skrd. 05/1999, ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Charade CX, skrd. 05/1998, ek. 83.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

MMC Lancer GLXi station , árgerð 1996, skrd.10/1995, ek:147.000 km, beinskiptur. Ásett verð 530.000 kr Tilboð 399.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 27. apríl 2005 – 4. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur



**Veiðifélög**
Milljarðs króna múrinn rofinn 12



**Tryggvi Páll Friðriksson**
Markaður með myndlist er vanmetinn og verð mun hækka 14

**General Motors**
Flaggskip í vanda 6




## Karl kaupi Gott fólk

Reynt að bjarga rekstrinum.

Til stendur að Karl Wernersson, stjórnarmaður í Íslandsbanka, leggi inn nýtt hlutafé í auglýsingastofuna Gott fólk og eignist fyrirtækið. Er það liður í að bjarga stofunni frá gjaldþroti og halda rekstrinum áfram.

Gunnlaugur Þráinsson, eigandi og framkvæmdastjóri Góðs fólks, segir fyrirtækið í svokölluðum frjálsum nauðasamningum. Ein forsendan fyrir innkomu Karls sé að birgjar felli niður hluta af skuldum Góðs fólks gegn því að fá hluta þeirra greiddan. Verið sé að endurskipuleggja fjárhag fyrirtækisins með það fyrir augum að reisa reksturinn við. Takist samningar við birgja leggi Karl nýtt hlutafé inn í reksturinn.

Gangi þetta eftir er samkvæmt heimildum Markaðarins stefnt að því að fyrrum eigendur Góðs fólks eigi þess kost að kaupa sig smátt og smátt aftur inn í fyrirtækið. Karl verði langstærsti hluthafinn til að byrja með, muni eiga um tvo þriðju hluta fyrirtækisins, og innkoma hans byggi aðallega á því að bjarga rekstrinum. **- bg**

---

## Íslensku bankarnir: Á topp tvö þúsund

Íslensku viðskiptabankarnir þrír komast á lista tímaritsins Forbes yfir tvö þúsund stærstu fyrirtæki heims.

Efst íslensku fyrirtækjanna er KB banki sem var um áramót í sæti 1.033 á listanum. Við val á listann er horft til veltu, eigna, markaðsvirðis og hagnaðar. Miðað við spár greiningardeilda um vöxt og hagnað KB banka á nýliðnum ársfjórðungi má gera ráð fyrir að hann sé nú þegar kominn í hóp þúsund stærstu fyrirtækja í heimi.

Landsbankinn kemur næstur í röð bankanna og er í 1.529 sæti og Íslandsbanki er í 1.712 sæti. Á toppi listans trónir fjármálafyrirtækið Citigroup og næst í röðinni er General Electric. **- hh**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Góð uppgjör** | Uppgjör fyrstu félaganna hafa verið að birtast í Bandaríkjunum og eru mörg þeirra yfir væntingum. Google og Ericsson skiluðu betri tölum en sérfræðingar höfðu spáð fyrir.

**Hækkun fasteigna** | Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði að meðaltali um 2,4 prósent í mars frá febrúar. Til samanburðar nam hækkunin um 5 prósentum bæði í janúar og febrúar milli mánaða.

**Nýherji hagnast** | Nýherji reið á vaðið og birti fyrsta uppgjörið eftir fyrsta ársfjórðung. Félagið hagnaðist um 26 milljónir króna sem er mun betri árangur en á sama tímabili í fyrra.

**Sjóvá selt** | Íslandsbanki seldi eignarhaldsfélaginu Þætti tvo þriðju hluta í Sjóvá. Íslandsbanki heldur eftir þriðjungi. Söluverðið var 17,5 milljarðar og hagnaður Íslandsbanka um 3,4 milljarðar.



**Spenna í Íslandsbanka** | Gengi Íslandsbanka hefur hækkað vegna væntinga um valdabaráttu í hluthafahópnum. Harðar deilur eru milli meirihluta stjórnar Íslandsbanka og Straums vegna sölu á Sjóvá til félags í eigu Karls Wernerssonar.

**Stjórnarbylting í SPH** | Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar var felld í stjórnarkjöri á aðalfundi sjóðsins. Nýja stjórnin boðar útrás og bættan rekstur SPH.

**Úrvalsvísitalan hækkar** | Ekkert lát er á hækkun úrvalsvísitölunnar, sem hefur hækkað um fimm prósent í apríl. Úrvalsvísitalan fór yfir 4.100 stig í vikunni en bankarnir og fjárfestingafélögin, sem vega þar þungt, hækkuðu öll.

# Meðalstofnfjárhlutur metinn á fimmta tug milljóna

Stofnfjárbréf eru ekki nema brot af eigin fé sjóðsins en fjárfestar gætu verið tilbúnir að borga mjög hátt verð til að komast yfir sparisjóðinn.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hallarbyltingin í Sparisjóði Hafnarfjarðar (SPH) í síðustu viku tók á sig skýrari mynd á mánudaginn þegar tilkynnt var að Magnús Ægir Magnússon, reyndur innanbúðarmaður, tæki við sparisjóðsstjórastöðunni af Birni Inga Sveinssyni, sem hafði verið við stjórnvölinn í tæpa fjóra mánuði. Nýja stjórnin hefur boðað breytingar í rekstri sjóðsins og ætlar að stækka sjóðinn. Eru þessi stjóraskipti einn liður í þeim áætlunum.

Aðeins 47 stofnfjáreigendur eru í SPH og hefur því verið hægara sagt en gert að komast inn í hópinn. Útvöldum Hafnfirðingum hefur verið boðið að gerast eigendur stofnfjár og litlar breytingar verða á hópnum. Uppfært stofnfé sjóðsins var um 15,4 milljónir í byrjun árs en eigið fé SPH var á sama tíma yfir þrír milljarðar króna. Gríðarleg verðmæti liggja því í þessum stofnfjárbréfum þar sem stofnfjáreigendur hafa öll yfirráð yfir SPH í hendi sér. Stofnfjárbréf í SPRON, sem gengið hafa kaupum og sölum á stofnfjármarkaði SPRON, hafa verið metin á 70 prósent af eigin fé sjóðsins. Meðaleign hvers stofnfjáreiganda í SPH er 330.000 krónur en það er ekkert óeðlilegt að meta þann hlut á um 45 milljónir króna og allt stofnféð á 2,1 milljarð. Það þýðir að stofnfjáreigandi í SPH sem lagði eina krónu til kaupa á stofnfjárbréfum fær 140 krónur í staðinn.

Þegar þetta er haft í huga er stefna nýrrar stjórnar SPH, sem sér tækifæri í útrás og bættri rekstrarafkomu, vel skiljanleg. Bættur rekstur SPH getur skilað stofnfjáreigendum gríðarlegum ávinningi. Eigið fé sjóðsins hækkar en jafnframt er hægt að hækka stofnféð, annars vegar í formi arðgreiðslna og hins vegar með útgáfu nýs stofnfjár á genginu 1.

Reksturinn hefur valdið vonbrigðum undanfarin ár þó að sjóðurinn hafi skilað hagnaði svo lengi sem elstu menn muna. Stærsta vandamál sjóðsins hefur verið gríðarlegt útlánatap og slök afkoma af hefðbundinni bankastarfsemi.

Ný stjórn sér því tækifæri í því að bæta rekstur SPH með því að vinna betur í hinum hefðbundna bankarekstri, draga úr rekstrarkostnaði og vanda til verka í útlánamálum.

# Morgan Stanley skýrslan birt

Söluferli Símans byggir að verulegu leyti á skýrslunni.

Einkavæðingarnefnd tekur ákvörðun á fundi sínum í dag um hvort birta eigi ráðgjafaskýrslu Morgan Stanley, sem unnin var í tenglsum við undirbúning á sölu Símans. Samkvæmt heimildum Markaðarins má telja öruggt að það verði gert á næstu dögum. Fyrst þurfi að taka út upplýsingar sem varða aðra hagsmuni en ríkisins. Gagnslaust sé að birta þær. Eftir standi ráðgjöf Morgan Stanley við söluna og hægt að bera hana saman við það söluferli sem nú er farið eftir.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagðist nýverið á Alþingi ekki vera andsnúinn því að einkavæðingarnefnd birti skýrslu Morgan Stanley. Nefndin hafi byggt greinargerð um sölu Símans að verulegu leyti á ráðgjöf Morgan Stanley. Það hafi til dæmis verið eindregin ráðgjöf að selja Símann í heilu lagi. Staðfest hefur verið af viðskiptaráðherra að hið minnsta fjörutíu aðilar hafi gefið sig fram við Morgan Stanley, skrifað undir trúnaðarsamning og fengið ítarleg gögn um rekstur Símans. **– bg**



Markaðurinn/Hari

**BERTRAND KAN** Hann vann að ráðgjöf við símasöluna fyrir hönd Morgan Stanley og sagði sömu viðfangsefni koma upp hér og annars staðar.

**Helstu dagsetningar:** ■ 21. mars – formlegt söluumboð fengið ■ 4. apríl – söluferlið fyrst kynnt ■ 8. apríl – fyrstu trúnaðarsamningar afhentir ■ 19. apríl – Leyfileg eignatengsl skilgreind ■ 27. apríl – Einkav.nefnd ræðir skýrslu MS ■ 6. maí – Upphaflegur frestur tilboðsskila ■ 17. maí – núverandi frestur tilboðsskila **Ódagsett:** ■ Skilgreint hvernig valið verði í síðari hluta söluferlisins. ■ Þeir sem fá að skila bindandi tilboðum valdir. ■ Ákveðið hverjum Síminn verður seldur.




10,2%* Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.03.2005–01.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -1% | 6% |
| Atorka | 3% | 4% |
| Bakkavör | 2% | 36% |
| Burðarás | 4% | 20% |
| Flaga Group | -1% | -10% |
| FL Group | 2% | 46% |
| Íslandsbanki | 8% | 22% |
| Kaupþing Bank | 3% | 24% |
| Kögun | 0% | 35% |
| Landsbankinn | 6% | 36% |
| Marel | 0% | 13% |
| Og fjarskipti | -1% | 24% |
| Samherji | - | 9% |
| Straumur | 7% | 27% |
| Össur | 2% | 11% |

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær

# Markaðsvirði fjármálafyrirtækja rýkur upp

Markaðsvirði bankanna og fjárfestingarfélaganna Burðaráss og Straums hafði aukist um 67 milljarða frá aprílbyrjun, er annar ársfjórðungur hófst, og til lokunar markaða þann 25. apríl. Bankarnir hafa leitt hækkunina í Kauphöllinni að undanförnu og er talið að þeir sýni góðar afkomutölur þegar uppgjör fyrsta ársfjórðungs liggja fyrir á næstu dögum og vikum. Einnig er ljóst að mikil spenna er undirliggjandi í Íslandsbanka og Straumi vegna sölunar á 66 prósenta hlut í Sjóvá til félags í eigu Karls Wernerssonar, bankaráðsmanns í Íslandsbanka.

Íslandsbanki, næst verðmætasta félagið í Kauphöllinni, nálgast það að verða 200 milljarða virði. Bankinn hefur hækkað um tæp 10 prósent á fjórðungnum. Straumur hefur þó hækkað langmest eða um 18 prósent og Landsbankinn um 9,7 prósent. KB banki (4,0 prósent) og Burðarás (1,4 prósent) hafa hækkað lítillega. Landsbankinn jók hlutafé sitt um 800 milljónir á tímabilinu sem skýrir að hluta til hækkun á markaðsvirði félagsins en söluverðið var 11,4 milljarðar.



**BROSA BREITT** Björgólfur Guðmundsson stjórnarformaður og Sigurjón Árnason.

Af þessum hækkunum má ráða að hlutabréf eru enn að gefa frábæra ávöxtun. Að öllu óbreyttu stefnir í gríðarlegan gengishagnað margra félaga á öðrum ársfjórðungi. Úrvalsvísitalan hefur hækkað um rúm 5 prósent í apríl. - eþa

# Minni tiltrú

Láglaunafólk og eldra fólk hefur minni tiltrú á efnahags- og atvinnuástandinu í landinu en aðrir hópar. Það veldur því að væntingavísitala Gallup lækkar um 1,7 prósent á milli mánaða samkvæmt morgunkorni Íslandsbanka. Greiningardeild bankans segir að þrátt fyrir lækkunina séu neytendur enn bjartsýnir.

Væntingavísitalan til næstu sex mánaða stendur enn yfir 100 stigum sem segir að neytendur búast við því að aðstæður í efnahags- og atvinnulífinu eigi eftir að batna á þeim tíma. – bg

# Hverjir greiddu hæsta arðinn?

Arðgreiðslur frá félögum, sem skráð eru í Kauphöll Íslands, námu um 25 milljörðum króna fyrir árið 2004. Er þetta metupphæð á íslenskum verðbréfamarkaði. Hæsta arðinn greiddi Síminn en hann nam 6,3 milljörðum króna. Sjö félög ásamt Símanum greiddu yfir einn milljarð í arð, Burðarás, FL Group, Íslandsbanki, KB banki, Landsbankinn og Straumur.

Fjögur félög greiddu 50 prósent eða meira í arð af nafnverði hlutafjár, Síminn (90 prósent), FL Group (50 prósent), KB banki (50 prósent) og Þormóður rammi – Sæberg (50 prósent). - eþa

**MESTU ARÐGREIÐSLUR FYRIRTÆKJA Í KAUPHÖLL**

| Félag | Heildarupphæð arðs |
|---|---|
| Síminn | 6.330 |
| Íslandsbanki | 4.550 |
| KB banki | 3.303 |
| Straumur | 1.890 |
| Landsbankinn | 1.620 |
| FL Group | 1.515 |
| Burðarás | 1.112 |
| Tryggingamiðstöðin | 933 |
| Atorka Group | 832 |
| Þormóður rammi – Sæberg | 650 |
| | 25 milljarðar í arð |

Allar tölur í milljónum króna

# Húsnæði hækkað um 58 milljarða

## Meðalupphæð kaupsamninga 22 milljónir.

Verðmæti íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað minnst um 58 milljarða króna frá áramótum. Jafngildir það 315 þúsund krónum á hvern íbúa á svæðinu samkvæmt Morgunkorni Íslandsbanka.

Samkvæmt fasteignamati ríkisins hækkaði verð íbúða á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til mars á þessu ári um þrettán prósent. Samkvæmt fasteignamati var verðmæti húsnæðisins 447 milljarðar króna um síðustu áramót og gera má ráð fyrir að markaðsverðið sé þó nokkuð hærra. Er þetta því varleg áætlun hjá Íslandsbanka.




Á öllu síðasta ári hækkaði húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu um 23 prósent. Verð í sérbýli hækkaði um meira en í fjölbýli, eða um 35 prósent. Hækkun á íbúðarverði er líka mismunandi eftir svæðum á höfuðborgarsvæðinu. – bg

Háskólanám allt árið!

Viðskiptaháskólinn á Bifröst mun frá og með næsta hausti bjóða þeim nemendum sem það kjósa að ljúka námi til BS eða BA gráðu á tveimur árum í stað þriggja með því að leggja stund á nám allt árið.

Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Stjórnenda og leiðtogaskóli í 87 ár

# Íslensk fyrirtæki borga þriðjung hagnaðar í skatta

## SA vilja draga enn frekar úr skattbyrði íslenskra fyrirtækja

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Skattbyrði íslenskra fyrirtækja er lág á Íslandi í samanburði við nágrannalöndin, samkvæmt nýrri skýrslu Deloitte. Skattbyrði fyrirtækja í verslun, þjónustu, iðnaði og fasteignarekstri var reiknuð út. Aðeins Danmörk var lægri en Ísland og var skattur þar 30 prósent sem hlutfall af hagnaði.

Tekjuskattur fyrirtækja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er rúmlega eitt prósent hér á landi en meðaltalið í OECD löndum Evrópu er mun hærra eða rúmlega þrjú prósent. Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir mismuninn liggja í lægra hagnaðarhlutfalli fyrirtækja hér á landi en í öðrum löndum OECD.

**MEÐALTAL SKATTLAGNINGAR Í VERSLUN, ÞJÓNUSTU OG IÐNAÐI**

| Land | Skattur* |
|---|---|
| Holland | 74% |
| Belgía | 70% |
| Frakkland | 69% |
| Svíþjóð | 63% |
| Noregur | 53% |
| Bretland | 45% |
| Finnaland | 37% |
| Ísland | 35% |
| Danmörk | 30% |

*sem hlutfall af hagnaði



**ÍSLENSK FYRIRTÆKI EIGA AÐ GREIÐA LÁGA SKATTA** Þóra Þorgeirsdóttir, starfsmaður Deloitte, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Skattprósentan sjálf skiptir ekki öllu máli eins og sést á skattbyrði fyrirtækja á Íslandi. Hér á landi er skattprósentan 18 prósent en reiknaður skattur er mun hærri eða á bilinu 33 prósent til 37 prósent. Í Danmörku aftur á móti er skattprósentan 30 prósent og fyrirtækin borga ekkert meira en það.

Samtök atvinnulífsins er ánægð með þær breytingar sem hafa verið gerðar á íslenska skattkerfinu að undanförnum árum en segja að enn megi þó bera betur. Íslensk fyrirtæki eigi að greiða lægstu skattana og vilja þau lækka tekjuskatt úr 18 prósentum í 15 prósent.

Einnig telja Samtök atvinnulífsins brýnt að aðlaga íslenskt skattalög að alþjóðlegum í tilfelli skattlagningar á arð, söluhagnað og þóknana til félaga sem skráð eru erlendis.

Tekjuskattsgreiðslur íslenskra fyrirtækja hafa vaxið ört undanfarin ár þrátt fyrir að skattprósentan hafi lækkað.

Skattahópur Samtaka atvinnulífsins vill meiri umbætur á skattakerfinu og telur að skattaumhverfi á Íslandi þurfi að vera í fremstu röð til að auka samkeppnishæfni landsins.

Markmið skýrslu Deloitte var að komast að raunskattlagningu íslenskra fyrirtækja og var hún unnin í samráði við Samtök atvinnulífsins.

Landsbankinn og Straumur:

# Hlutafjárútboðin skila góðri ávöxtun

Þeir hluthafar sem fjárfestu í hlutafjárútboðum Landsbankans og Straums, sem fóru fram fyrir skömmu, hafa náð afbragðs ávöxtun.

Landsbankinn seldi nýtt hlutafé á ellefu daga tímabili í mars fyrir 11,4 milljarða króna. Útboðsgengið var 14,25 krónur á hlut. Mánuði síðar hafði gengið hækkað upp í 16,4 sem gaf 15 prósent ávöxtun á einum mánuði.

Útboð Straums var fyrir útvalda fjárfesta en í boði voru 700 milljónir króna að nafnverði sem seldar voru á genginu 10. Þeim hluthöfum sem buðust að kaupa hafa náð yfir 21 prósent hækkun þar sem gengi Straums stóð í 12,15 við lok dags þann 25. apríl. - eþa



**KRISTINN BJÖRNSSON, STJÓRNARFORMAÐUR STRAUMS** Gerði góð kaup í hlutafjárútboði Straums á dögunum eins og aðrir af stærstu hluthöfum félagsins. Gengið hefur hækkað yfir 20 prósent á tæpum mánuði.

Frjáls í fjölskylduferðum með AVIS í útlöndum



AVIS bílar í 170 löndum og 5000 stöðum um víða veröld

Kynntu þér AVIS tilboðin á fjölskyldubílaleigubílum, stórum eða litlum áður en þú ferð í sólarlandaferðina með alla fjölskylduna. Pantaðu AVIS bílinn sjálfur á netinu www.avis.is og sjáðu kostnaðinn strax.
Þú getur líka pantað bíl með einu símtali í síma 591 4000.

AVIS Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 591 4000

AVIS Við gerum betur

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS

2005

# MIKILVÆG VIÐURKENNING

KB banki er hreykinn af því að vera fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja til að hljóta Útflutningsverðlaun forseta Íslands. Við óskum 1.660 starfsmönnum okkar hérlendis og erlendis til hamingju og þökkum þeim gott starf.

Íslenski fjármálageirinn hefur náð miklum og dýrmætum árangri á undanförnum árum, jafnt í eigin útrás sem stuðningi við íslenskt atvinnulíf í sókn þess á erlenda markaði. Samhliða hafa miklar framfarir orðið í þjónustu fjármálafyrirtækja við einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi. Við lítum á verðlaunin sem mikilvæga viðurkenningu til atvinnugreinarinnar í heild sinni og framlags hennar til þjóðarhags.

Kærar þakkir.

KB BANKI
– útrás í þína þágu!

ENNEMM / SÍA / NM16091

## SÍF selur Saltkaup

**SÍF hefur selt dótturfélagið Saltkaup til hóps kaupanda sem Jón Rúnar Halldórsson, framkvæmastjóri Saltkaupa, er í forsvari fyrir. SÍF ætlar að söluhagnaður verði yfir 120 milljónir króna (1,5 milljón evra).**

**Forsvarsmenn SÍF hafa staðið að miklum breytingum í rekstrinum en Saltkaup er þriðja félagið sem SÍF selur á stuttum tíma. Í mars tilkynnti félagið um að það hefði selt 55 prósenta hlut í Iceland Seafood International, sem sér um sölu- og markaðsmál SÍF með sjávarafurðir, til Fjárfestingarfélagsins Felda sem er í eigu Mundils ehf., Benedikts Sveinssonar, Kristjáns Þ. Davíðssonar, Bjarna Benediktssonar og Hjörleifs Jakobssonar. SÍF á enn 20 prósent í Iceland Seafood International.**

**Félagið hefur einnig selt Tros í Sandgerði, sem sérhæfir sig í útflutningi á ferskum sjávarafurðum.** - eþa



JAKOB SIGURÐSSON, FORSTJÓRI SÍF SÍF hefur selt Saltkaup og er salan liður í endurskipulagningu fyrirtæksins.




# Asda orðað við Somerfield

Önnur stærsta verslunarkeðja Bretlandseyja, Asda, sem er í eigu Wal-Mart, ætlar jafnvel að skella sér út í slaginn um Somerfield-keðjuna. Asda hefur fengið til liðs við sig verðbréfafyrirtækið Lazard. Financial Times greinir svo frá. Baugur Group og Tchenquiz Group hafa lýst yfir áhuga á að bjóða í Somerfield og ekki munu aðrir en þessir hafa lýst opinberlega yfir áhuga á kaupum á félaginu samkvæmt heimildum Markaðarins. Somerfield er fimmta stærsta verslunarkeðja Bretlandseyja. - eþa

**SOMERFIELD** Asda gæti bæst við í slaginn um Somerfield verslunarkeðjuna. Asda er næststærsta verslunarkeðja Bretlandseyja á eftir Tesco en Somerfield sú fimmta stærsta.

## Gengi og hlutabréfaverð haldast í hendur

### Krónan getur lækkað hratt um leið og hlutabréfaverð.

Hlutbréfamarkaðurinn hefur leitt til hækkunar á gengi krónunnar, segir í MP Molum. Sterk tengsl séu milli verðþróunar á hlutabréfamarkaði og erlendra lántaka því hækkanir á hlutabréfaverði leiði til aukinnar sóknar í lánsfé. MP Molar gera ráð fyrir að hlutabréfakaup á innlendum markaði séu að nokkru leyti fjármögnuð með erlendri lántöku, sem skapar gífurlegt skammtímaflæði fjármagns til landsins. Þar segir einnig að hafa beri í huga að sambandið geti gengið í báðar áttir. Þannig geti gengi krónunnar lækkað hratt um leið og hlutabréfaverð fari að lækka. Það gerðist einmitt veturinn 1999 til 2000, eins og sést á myndinni.

Frá ársbyrjun 2004 hefur hlutabréfaverð hækkað um 90 prósent samhliða því að krónan hefur styrkst töluvert. Í MP Molum er þeirri spurningu varpað fram hvort hið sama geti gerst veturinn 2005 og gerðist veturinn 1999.

MP Molar eru vikulegt fréttabréf MP Fjárfestingarbanka. - dh



# Samskip halda áfram útrás

## Samskip munu flytja um milljón tonn af frosnum fiski á árinu eftir að hafa fimmtánfaldað geymsluhúsnæði fyrir frystivörur. Með þessu verða Samskip eitt helsta fyrirtæki á þessu sviði í Evrópu.

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Samskip hafa keypt frystigeymslur í Hollandi, Noregi og Færeyjum af hollenska flutningafyrirtækinu Kloosterboer. Alls er um að ræða fjórar frystigeymslur, sem rúma samtals 84 þúsund tonn.

Við þetta fimmtánfaldast geymslugeta Samskipa á frystivörum en geymsla þeirra á Íslandi rúmar sex þúsund tonn. Í frétt frá Samskipum kemur fram að eftir kaupin séu Samskip „eitt af leiðandi fyrirtækjum Evrópu í þjónustu við sjávarútveginn, með frystiskip, frystigeymslur, löndunaraðstöðu og gámaflutningastarfsemi“.

Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, kynnti kaupin fyrir starfsmönnum á fundi á mánudag en með þeim opnast miklir möguleikar á þjónustu við sjávarútveginn sem kynntir verða á sjávarútvegssýningunni í Brussel í vikunni.

Fyrir skemmstu tilkynntu Samskip um kaup sín á skipafélaginu Geest en umsvif félagsins í Norður-Evrópu fara hratt vaxandi. „Það eru tvær megináherslur í Samskipum; annars vegar gámaflutningar og hins vegar frystiflutningarnir. Þetta er að aðgreinast meira en áður hefur verið. Við erum að leggja mikla áherslu á frystiflutningana, tengja saman frystiskipin fimmtán sem við erum að reka í Atlantshafinu og inn á þessar helstu hafnir þar sem við bjóðum upp á geymslu, uppskipun og áframhaldandi flutninga um Evrópu og til Asíu,“ segir Ólafur Ólafsson, starfandi stjórnarformaður Samskipa.

Samskip keyptu ekki alla starfsemi Kloosterboer heldur aðeins þann hluta sem Samskipsmenn telja að falli að núverandi rekstri og markmiðum Samskipa. Tvær af geymslunum eru við hafnarsvæðið í Rotterdam þar sem Samskip hafa umfangsmikla starfsemi. Eftir þessi kaup er gert ráð fyrir að flutningar Samskipa á frosnum fiski nemi um einni milljón tonna á þessu ári. Gert er ráð fyrir að velta Samskipa í ár verði um 45 milljarðar króna.

Kaupverð á starfsemi Kloosterboer í frystiflutningum og geymslustarfsemi er ekki gefin upp við kaupin.



Markaðurinn/Valli

**STJÓRNARFORMAÐURINN KYNNIR FRAMTÍÐARSÝN** Ólafur Ólafsson greindi starfsmönnum Samskipa frá kaupunum í Hollandi á mánudaginn.

Eignir lífeyrissjóðanna:

# Eru 1.000 milljarðar króna

Eignir lífeyrissjóðanna fóru yfir þúsund milljarða króna í febrúar síðastliðnum. Erlendar eignir námu þar af um 23 prósent af heildareignum. Sérfræðingar höfðu spáð að markinu yrði ekki náð fyrr en í þessum mánuði en ávöxtun af innlendum hlutabréfum var mun betri á fyrstu mánuðum ársins en áætlað hafði verið. Innlend og erlend hlutabréfaeign var um 37 prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna í lok febrúar. - eþa


## HANDBÓK UM GÆÐASTJÓRNUN

ISO 9000 kjarnastaðlarnir - *hljóma betur saman*



Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:

- *ISO 9000*
- *ISO 9001*
- *ISO 9004*
- *ISO 19011*

Þeir sem eiga þessa bók ásamt handbókinni *ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn*, hafa við höndina þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun.

Pantaðu í síma 520 7150
eða á www.stadlar.is


# Sparisjóður Mýrasýslu stækkar

## Hefur eignast Sparisjóð Ólafsfjarðar.

Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) er orðinn eini stofnfjáreigandinn í Sparisjóði Ólafsfjarðar eftir að hann eignaðist allt stofnfé sjóðsins þann 14. apríl. Kaupverðið er um 240 milljónir króna. Stefnt er að því að sameina Sparisjóð Ólafsfjarðar og Sparisjóð Siglufjarðar, sem er að fullu í eigu SPM, þegar lokið hefur verið við að grafa Héðinsfjarðargöng.

Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri SPM, telur að mikil tækifæri liggi í því að sameina sjóðina. Rekstur Sparisjóðs Ólafsfjarðar hefur farið batnandi og skilaði hann um tíu milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Stjórnendur SPM eru þeirrar skoðunar að hagræða megi í sparisjóðakerfinu á landsbyggðinni og hafa því augun opin fyrir kaupum á fleiri landsbyggðarsjóðum. SPM undirbýr nú opnun starfsstöðvar í Reykjavík fyrir sparisjóðina þrjá en þeir eiga stóran hóp viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu. - eþa



Markaðurinn/Sigurður Bogi

**BORGARNES** Sparisjóður Mýrasýslu hefur eignast allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar og er með augun opin fyrir frekari fjárfestingum á landsbyggðinni. Til stendur að sameina Sparisjóð Ólafsfjarðar og Sparisjóð Siglufjarðar þegar framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng lýkur.

# Íslenskur iðnaður




**Íslenskur iðnaður skipar mikilvægan sess í þjóðlífinu og hann mun í vaxandi mæli standa undir velferð Íslendinga í framtíðinni**

SI
Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

# Enginn puttamatur hjá Wendy's

Síðustu vikur hafa verið nokkuð erfiðar í rekstri bandarísku skyndibitakeðjunnar Wendy's en nú er útlitið orðið bjartara á ný. Kona nokkur komst í fréttirnar þegar hún lýsti því yfir að í kjúklingabitaskammti hennar hefði leynst fingur af manni.

Eins og gefur að skilja var þetta líklega versta martröðin sem hent gat markaðsdeild fyrirtækisins og af einhverjum ástæðum fækkaði heimsóknum á Wendy's umtalsvert í kjölfarið.

Nú hefur komið í ljós að konan var að ljúga og hefur verið handtekin fyrir uppátækið. Anna Ayala, sem stóð fyrir blekkingunni, er frá Las Vegas og er þekkt fyrir svipuð uppátæki sem hún hefur spunnið upp til þess að lögsækja stórfyrirtæki með von um góðan ávinning. - þk




Gjaldþrot Rover:

# Margir vilja kaupa einingar

Meira en tvö hundruð fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að kaupa hluta af starfsemi breska bílaframleiðandans Rover. Þetta segja skiptastjórar fyrirtækisins, sem nú er í gjaldþrotameðferð. Meðal áhugasamra fyrirtækja eru tvö írönsk bílafyrirtæki.

Rover fór í gjaldþrot í byrjun mánaðarins eftir að upp úr slitnaði í samningaviðræðum við kínverskan bílaframleiðanda. Ríflega fimm þúsund manns hafa misst vinnu sína í kjölfar gjaldþrotsins. - þk




**FALL Á FORNFRÆGU FÉLAGI** MG Rover er nú orðið gjaldþrota og slegist er um að selja einingar á sem bestu verði til að hafa upp í skuldirnar.

## Bjart framundan hjá Google

Hlutabréf í Google hækkuðu hratt í síðustu viku í kjölfar þess að fyrirtækið gaf út rekstrarniðurstöður fyrir fyrsta ársfjórðung.

Hagnaður fyrirtækisins á fyrsta ársfjórðungi var rúmlega sex sinnum hærri en á sama tíma í fyrra. Hlutabréfasérfræðingar í Bandaríkjunum eru í óðaönn að breyta spádómum sínum um vöxt félagsins og spá því að hann verði ennþá hraðari en áður var talið.

Google er nú metið á tæplega sextíu milljarða Bandaríkjadala – sem samsvarar um 3.600 milljörðum íslenskra króna. Sérfræðingar spá því nú að hlutabréfaverðið geti hækkað um allt að þrjátíu prósent í viðbót á þessu ári.

## Olía hækkar á ný

Olíuverð hækkar nú á ný eftir að hafa gefið töluvert eftir síðastliðnar vikur.

Í síðustu viku hækkaði olíuverð hratt meðal annars vegna gruns um yfirvofandi skort í kjölfar galla í olíuvinnslustöðvum í Bandaríkjunum.



Upphaf vandans var sprenging í olíuhreinsunarstöð hjá BP í Texas. Síðan hefur fjöldi olíuhreinsunarstöðva hafið viðhaldsvinnu sem áður var ekki gert ráð fyrir. - þk

# Flaggskip bandarísks iðnaðar í vanda

**General Motors er stærsta bílafyrirtæki í heimi. Nú er hins vegar svo komið að það eru fjárfestingar en ekki bílaframleiðsla sem skila öllum hagnaðinum og á síðasta ársfjórðungi tapaði fyrirtækið tæplega sjötíu milljörðum íslenskra króna.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors (GM) er eitt af stærstu fyrirtækjum heims og stærsti framleiðandi bíla í heiminum. Fyrirtækið er auk þess hálfgert þjóðartákn í Bandaríkjunum ásamt Ford. Margt bendir hins vegar til þess að framtíð GM og Ford sé ekki sérlega björt.

Ekki er langt síðan alþjóðleg matsfyrirtæki breyttu mati sínu á gæðum skulda GM og settu skuldabréf frá fyrirtækinu í áhættumesta flokk. Þetta bendir til þess að trú á því að fyrirtækið muni greiða skuldir sínar í framtíðinni hafi minnkað og gefur til kynna að gjaldþrot þessa risavaxna fyrirtækis sé ekki fjarlægur möguleiki.

Stjórnendur GM kvarta mjög undan því að kostnaður við reksturinn sé yfirþyrmandi, meðal annars vegna veglegrar heilsutryggingar og eftirlaunasamninga við starfsmenn. Nú eru aðeins tveir starfandi menn hjá GM fyrir hverja fimm sem greiða þarf eftirlaun. Talið er að þetta hækki verð á hverjum bíl um næstum hundrað þúsund krónur og munar um minna í harðri alþjóðlegri samkeppni.

Sérfræðingar í málefnum bílaframleiðenda draga nú samlíkingar milli bresku bílaverksmiðjunnar Rover, sem fór á hausinn í mánuðinum, og stöðu bandarísku bílarisanna. Fyrir þrjátíu árum var Rover í þriðja sæti á lista yfir stærstu bílaframleiðendur heims. Í kjölfarið lá leiðin lóðbeint niður. Rangar ákvarðanir í framleiðslu, hár kostnaður í framleiðslu og lélegur árangur í markaðssetningu og hönnun grófu smám saman undan Rover. Bandarísku bílaframleiðendurnir gætu horft upp á svipaða þróun. Þeir eru jafnan skrefi á eftir japönskum, þýskum og kóreskum keppinautum hvað varðar nýjungar, auk þess sem framleiðsluferlið er miklum mun hagkvæmara hjá flestum samkeppnisaðilunum. Staða GM er hins vegar að mörgu leyti góð. Fyrirtækið hefur byggt upp gríðarlega öfluga fjárfestingardeild sem í raun greiðir niður bílaframleiðsluna sem ekki stendur undir sér. Þrátt fyrir þetta var tap á GM 1,1 milljarður dala á fyrsta ársfjórðungi. Það samsvarar tæplega sjötíu milljörðum íslenskra króna.

Hlutabréf í GM hafa lækkað um ríflega þriðjung það sem af er ári og um ríflega helming frá því í ársbyrjun 2004.



**HÖFUÐSTÖÐVAR GM Í DETROIT** Veldi General Motors í Bandaríkjunum er óumdeilt en viðvarandi hallarekstur á bílaframleiðslunni getur ekki gengið til lengdar og því telja sumir sérfræðingar í bílaiðnaði að fyrirtækið eigi á hættu að verða gjaldþrota innan fárra ára.

Heimildir: AP, Economist, FT

**Bílategundir sem GM framleiðir: Chevrolet, Pontiac, GMC, Oldsmobile, Buick, Cadillac, Saturn, Hummer, Opel, Vauxhall, Holden, Saab.**

MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR HF.

MR

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 4. hæð, föstudaginn 29. apríl nk. kl. 14.00.

Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

Reykjavík 19. apríl 2005
Stjórnin

SÖGUHORNIÐ

## Fyrsta tölvumúsin kynnt til sögunnar



Þann 27. apríl 1981 kynnti tölvufyrirtækið Xerox, sem þekktast er fyrir ljósritunarvélar, tölvumúsina til sögunnar. Hugmyndin um áþekkan búnað er reyndar mun eldri og er verkfræðingnum Douglas Engelbart eignaður heiðurinn af uppfinningunni. Hann fékk einkaleyfi fyrir tækinu árið 1970.

Upprunalega músin var frumstæð en verkfræðingar hjá Xerox gerðu endurbætur á áttunda áratugnum.

Sagan segir að það hafi verið á sömu tölvusýningu sem þeir Steve Jobs, forstjóri Apple, og Bill Gates, stofnandi Microsoft, hafi séð tölvumúsina í notkun og áttað sig á möguleikunum.

Árið 1984 kom fyrsta Macintosh-tölvan á markaðinn en stýrikerfi hennar byggðist að miklu leyti á notkun músar sem þá var nýlunda í tölvuheiminum. Raunar var Macintosh-tölvan fyrsta einkatölvan sem notaðist við myndræna framsetningu á upplýsingum. Fram að því þurftu tölvunotendur að kunna skil á margvíslegum kóðum til að særa fram aðgerðir tölvunnar. Með myndrænni eða grafískri framsetningu varð miklum mun auðveldara fyrir almenning að nota tölvur.

Windows-stýrikerfið frá Microsoft byggist einnig á myndrænni framsetningu og tók við af DOS-stýrikerfinu. Þeir sem vilja rifja upp hvernig unnið var á tölvur fyrir tíma músarinnar og grafískra stýrikerfa, geta opnað glugga í tölvunni sinni (ef þeir vinna á Windows) sem heitir „Command prompt“ og sjá þá hvernig unnið var á tölvur „í gamla daga“. - þk

# Nýr **Bens** í **kaupbæti**



Ef þú kaupir Range Rover
á listaverði hjá okkur ...





... færðu Mercedes Bens
í kaupbæti!

| Range Rover - Nýr með aukahlutum | |
|---|---|
| Listaverð: | 11.350 þúsund. |
| Okkar verð: | 8.750 þúsund. |
| **Þú sparar:** | **2.600 þúsund**. |

| Mercedes Benz C180 - Nýr með aukahlutum | |
|---|---|
| Listaverð: | 4.330 þúsund. |
| Okkar verð: | 2.990 þúsund. |
| **Þú sparar:** | **1.340 þúsund**. |



Nýr 2005 VW Touarek V6
Listaverð með þessum búnaði:
6.516 þúsund.

Nýr 2005 VW Touarek V6
Okkar verð með sama búnaði:
5.228 þúsund.
**Þú sparar 1.288 þúsund**





Nýr 2005 Renault Master
Millilangur Háþekja
Listaverð án vsk.:
2.562 þúsund.

Nýr 2005 Renault Master
Millilangur Háþekja
Okkar verð: 1.976 þúsund.
**Þú sparar 586 þúsund**





Nýr 2006 Mercedes Benz ML
350 (Nýja útlitið)
Listaverð: ekki komið hjá
umboðsaðila.

Nýr 2006 Mercedes Benz ML
350 (Nýja útlitið)
Okkar verð fyrir bíl hlaðin
aukabúnaði: 5.990 þúsund.



Tveggja ára ábyrgð fylgir öllum okkar bílum.
Hundruðir spennandi tilboða á heimasíðu okkar.

**www.sparibill.is**

SPARIbíll

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

## Firefox sækir á

Í síðasta mánuði sóttu 2,6 milljónir tölvunotenda Firefox-netvafrann, sem er nú næstvinsælasti vafri heims. Explorer-hugbúnaðurinn frá Microsoft ber höfuð og herðar yfir samkeppnina en markaðshlutdeildin hefur smám saman lækkað.

Netnotendur sem hafa mikla tækniþekkingu hafa gjarnan horn í síðu Microsoft og eru því fegnir að geta notað stýrikerfi og hugbúnað frá öðrum framleiðendum. Þessi hópur er talinn vera stærstur hluti þeirra sem nota Firefox frá Mozilla-hugbúnaðarfyrirtækinu en notkunin hefur einnig aukist meðal almennra notenda vegna ótta um öryggisveilur í hugbúnaðinum frá Microsoft. - þk

## BBC á iPod



**Breska ríkisútvarpið lætur ekki að sér hæða þegar kemur að nýjustu tækni. Í síðustu viku tilkynntu stjórnendur BBC nýja þjónustu sem gerir eigendum iPod kleift að hlaða vinsælum útvarpsþáttum niður til hlustunar eftir hentugleik.**

**BBC hafði gert tilraun með nokkra þætti áður en endanlega var tekin ákvörðun um að bjóða upp á þennan kost. Boðið var upp á niðurhal á nokkrum spjallþáttum í fjóra mánuði og á því tímabili var efni hlaðið niður 270 þúsund sinnum.**

**Þetta sannfærði stjórnendur um að áhugi væri til staðar og bráðlega verður hægt að nálgast fimmtán þætti með þessum hætti.** - þk



## Gátan um ópoppaða poppið leyst

Vísindamenn hafa loksins komist að því af hverju sum poppkorn „poppa“ ekki og því kann sá dagur að vera í augsýn þegar poki af poppi inniheldur engar ósprungnar baunir.

Til þess að popp „poppi“ þarf þrýstingur innan kornsins að vera mikill en vísindamenn telja að lausnin á gátunni um ósprungna poppið felist í leka á ytra byrði kornsins sem dragi úr þrýstingnum.

Poppbændur hafa lýst ánægju með niðurstöðurnar og telja þær munu enn bæta gæði poppsins. Talið er að í hágæðapopppoka springi 96 prósent baunanna en rétt rúmlega helmingur í lélegum gerðum. - þk

# Þjófar á þráðlausum netum

**Þúsundir hafa sett upp þráðlaus net á heimilum sínum en margir hirða lítt um öryggið. Þess vegna geta heppnir nágrannar víða komist ókeypis inn á netið.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Útbreiðsla þráðlausra nettenginga á heimilum hefur verið gríðarlega hröð á síðustu misserum með tilheyrandi þægindum í för með sér. Hirðuleysi netverja um öryggismál á þráðlausu neti hefur hins vegar orðið til þess að víða er hægt að tengjast inn á nettengingar annarra án þess að greiða fyrir það.

Í fjölbýlishúsum er algengt að tölvur með þráðlausum kortum geti tengst á þrjú til fjögur þráðlaus net úr samliggjandi íbúðum og þar sem þau eru gjarnan ólæst er hægt að fara inn á tengingarnar og jafnvel hlaða niður miklu magni af gögnum á kostnað nágrannanna.

Ný stýrikerfi í tölvum eru hönnuð til þess að fyrirhöfn notandans af því að tengjast þráðlausum netum sé í lágmarki. Þetta þýðir að gjarnan tengir tölvan sig sjálfkrafa inn á það net sem hefur sterkasta sendimerkið á tilteknum stað án þess að notandinn verði var við það. Þannig geta netverjar tengst óviljandi inn á þráðlaus net ef þau eru ekki læst.

Erlendur Þorsteinsson hjá Frisk segir að ef menn hefðu áhuga á því gætu þeir rúntað um alla Reykjavík með fartölvu og næstum alls staðar fengið aðgang að ólæstri þráðlausri nettengingu. Víða erlendis er þetta stundað markvisst og jafnvel gefin út kort þar sem sést hvar hægt er að komast í ókeypis nettengingu. Erlendur segir að oftast nær sé um tiltölulega saklausa iðju að ræða en það sé þó ekki algilt því dæmi séu til um að aðferðin sé notuð til að stunda iðnaðarnjósnir. Þá fara njósnarar með fartölvur í námunda við fyrirtæki, komast inn á net hjá þeim og eiga þá auðveldara með að brjótast inn í gögn.



**ÁRDÍS JONSDÓTTIR, VÖRUSTJÓRI HJÁ OG VODAFONE** Ekki er mikið um að viðskiptavinir verði fyrir óþægindum vegna þess að aðrir hafi nýtt sér ólæstar nettengingar. Þetta hefur þó komið fyrir. Og Vodafone leggur áherslu á að viðskiptavinir tryggi öryggi.

Hann segist ekki vita af dæmum um slíkar njósnir hér á landi. „Fyrirtæki hafa farið mjög varlega í þráðlaus net og þau sem hafa sett þau upp hafa gert það tiltölulega vel,“ segir Erlendur.

Hér á landi hafi einstaklingar hins vegar lent í þessu. „Hér er rukkað sérstaklega fyrir niðurhal frá útlöndum, sem er nánast einsdæmi í heiminum,“ segir Erlendur. Þetta þýðir að sú iðja að stelast inn á net hjá öðrum getur haft verri afleiðingar en ella.

Árdís Jónsdóttir, vörustjóri fyrir fastlínu og internet hjá Og Vodafone, segir að dæmi séu um að viðskiptavinir hafi fengið háa reikninga eftir að einhver annar hafi stolist inn á tengingar. „Það er ekki hægt að segja að við verðum mikið vör við þetta. Með öllum tækjum sem við seljum látum við fylgja einfaldar leiðbeiningar um læsingu á bæði netkorti og tengingunni og mælum með því að fólk noti að minnsta kosti aðra leiðina en helst báðar saman,“ segir hún.

Hún segir að Og Vodafone leggi höfuðáherslu á að benda fólki á að fara varlega með þráðlausan búnað „svo það sé ekki verið að bjóða öllu fjölbýlishúsinu upp á þráðlausa nettengingu,“ segir hún.




Fréttablaðið/Valli

**VÍÐA HÆGT AÐ KOMAST FRÍTT Á NETIÐ** Fyrir þá sem hafa áhuga á að komast inn á netið en eru of nískir til að kaupa sér aðgang sjálfir er kjörið að rúnta um borgina og finna stað þar sem hægt er að komast inn á netið ókeypis vegna þess að einhver hefur sleppt því að setja öryggislæsingu á kerfið sitt.

# Staðlastríði afstýrt?

**Vera má að neytendur þurfi ekki að velja milli tveggja ólíkra kerfa þegar þeir uppfæra DVD-spilarana sína næst.**

Útlit er fyrir að stærstu aðilarnir í afþreyingariðnaði komi sér saman um nýjan staðal til að framleiða næstu kynslóð af DVD-diskum.

Lengi hefur verið útlit fyrir að framleiðsla á tveimur ólíkum tækjum og diskum færi í gang líkt og átti sér stað þegar notendur þurftu að velja á milli Betamax- og VHS-myndbandstækja í upphafi níunda áratugarins. VHS-tæknin náði yfirburðastöðu en þeir sem veðjað höfðu á Betamax höfðu keypt köttinn í sekknum.

Hátæknifyrirtækin Sony og Toshiba hafa unnið að nýrri DVD-tækni hvort í sínu lagi og í þrjú ár barist fyrir stuðningi við sínar hugmyndir.

Sony hefur barist fyrir svokallaðri Blu-rey tækni en á slíkum diskum er mögulegt að vista allt að fimmtíu gígabæt af gögnum. Toshiba hefur hins vegar mælt fyrir notkun á HD DVD tækni. Með henni er aðeins hægt að vista um þrjátíu gígabæt af efni á hverjum diski en framleiðsla verður ódýrari, meðal annars vegna samnýtingar við núverandi tækni.

Fyrir helgi sendu fulltrúar Sony og Toshiba frá sér yfirlýsingar um að samstarf væri mögulegt um að útbúa nýjan staðal sem kæmi í veg fyrir kostnaðarsama samkeppni. - þk




**ALLIR Á SAMA STAÐLI?** Framleiðendur DVD-spilara vilja afstýra samkeppni á milli tveggja tæknistaðla og vilja ekki upplifa nýja Betamax-VHS baráttu.

# Sjónvarpsþættir á DVD

## Sífellt fleiri gamlir sjónvarpsþættir hafa gengið í endurnýjun lífdaga eftir að hafa verið gefnir út á DVD.

Fyrir nokkrum árum fóru framleiðendur sjónvarpsefnis að sjá tekjumöguleika í sölu nýlegra þátta á DVD-diskum en úrval eldra efnis eykst stöðugt. Flest vinsælasta sjónvarpsefni samtímans er hægt að kaupa á DVD-diskum þar sem heilu árgangarnir af vinsælum þáttum á borð við Friends, Simpsons og 24 fást.

Nú færist í vöxt sala á gömlum „klassíkerum“ á borð við Dallas og Dynasty og nú er hægt að nálgast nokkurn veginn hvaða efni sem er í DVD-útgáfum.

Sem dæmi um þessa þróun má nefna að vitað er til þess að harðkjarnaaðdáendur Miami Vice-þáttana hafi pantað heilu árgangana á DVD-diskum.

Í fyrra óx markaðurinn fyrir sjónvarpsþætti á DVD um 75 prósent og ekkert bendir til þess að bakslag sé í þeirri þróun. - þk



**SJÓNVARPSÞÆTTIR Á DVD** Úrvalið af gömlum klassískum sjónvarpsþáttum á DVD verður sífellt umfangsmeira.

### TÍU SÖLUHÆSTU SJÓNVARPSÞÆTTIR Á DVD Á AMAZON.COM

1. **Gilmore Girls.** Þriðji árgangur.
2. **Dawson's Creek.** Fimmti árgangur.
3. **The West Wing.** Fjórði árgangur.
4. **Seinfeld.** Fjórði árgangur.
5. **I Love Lucy.** Fjórði árgangur.
6. **The Sopranos.** Fimmti árgangur.
7. **That 70's Show.** Annar árgangur.
8. **Friends.** Níundi árgangur.
9. **Chapelle's Show.** Annar árgangur.
10. **Sex and the City.** Sjötti árgangur.



# Ósáttir við nettónlist

**Breska tölvublaðið PC Pro birti í síðustu viku úttekt á stafræna tónlistarmarkaðinum í Bretlandi. Niðurstaðan var sú að neytendur fengju ekki nóg fyrir peningana þegar þeir kaupa tónlist á netinu.**

**Greinarhöfundar segja að verð á tónlistinni sé of hátt og gæði upptökunnar of lítil. Það sem veldur mestum óþægindum er þó flóknar varnir gegn ólöglegri dreifingu. Í mörgum tilfellum gera slíkar ráðstafanir notendum ómögulegt að flytja tónlistina á afspilara á borð við iPod, iRiver og Zen. - þk**

# PSP kemur í haust

Nýja lófatölvan frá Sony, PSP, kemur á markað í Evrópu 1. september næstkomandi. Sala á tækinu er komin af stað í Bandaríkjunum og Japan og hefur gengið vel.

PSP er bæði leikjatölva og margmiðlunarspilari. Um hundrað leikir eru þegar komnir í framleiðslu og margir þeirra gera mönnum kleift að spila í gegnum netið en þráðlaust netkort er innbyggt í PSP. Allt að sextán manns geta tengst saman og spilað saman með því að nota ákveðna stillingu á þráðlausum búnaði tækisins.



Tiltölulega stór skjár er á PSP og hægt er að spila bíómyndir og hlusta á tónlist. Ný tegund af geisladiski, sem geymir þrefalt gagnmagn á við venjulegan disk, gengur í PSP-tölvuna og þar er hægt að geyma bæði bíómyndir og tónlist auk þess sem nettengingin gerir notendum kleift að hlaða efni beint niður af netinu. - þk





**FORSTJÓRI ATORKU** Styrmir Þór Bragason.

# Huldufélagið Atorka

## Verð hlutabréfa Atorku þrefaldaðist á síðasta ári og er markaðsvirði félagsins orðið 17 milljarðar. Atorka fjárfestir bæði í skráðum félögum hér og erlendis. Einnig kaupir félagið fyrirtæki sem hafa gengið illa, í þeim tilgangi að bæta rekstur þeirra.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Atorka Group er fjárfestingarfélag sem hefur vaxið mikið á skömmum tíma. Markaðsvirði félagsins er nú um 17 milljarðar króna og þrefaldaðist gengi þess á síðasta ári. Atorka hefur ekki verið verið á jafn miklu flugi á þessu ári en gengi þess hefur hækkað um fjögur prósent frá áramótum.

Félagið hefur stundum verið nefnt innherjasjóðurinn vegna þess hversu fáir koma að félaginu og litlar upplýsingar berast frá því. Margir töldu að breyting yrði á þegar boðað var til kynningarfundar á sex mánaða uppgjöri félagsins um mitt síðasta ár en síðan hefur enginn fundur verið. Stærstu hluthafar Atorku eru menn sem eru lítið fyrir sviðsljósið og halda sig til hliðar. Fyrirtækið er því ekkert ósvipað eigendum sínum.

Um áramótin voru yfir fimm þúsund hluthafar í Atorku en lítil viðskipti eru með bréf í félaginu. Fjöldi hluthafa skýrist að hluta af því að Atorka hefur yfirtekið skráð félög að undanförnu og hafa hluthafar þeirra fengið allt kaupverð eða hluta borgað í bréfum í Atorku.

Atorka Group var upphaflega stofnað 1990 undir heitinu Íslenski hlutabréfasjóðurinn. Stofnendur félagsins voru Landsbréf og einstaklingar tengdir Landsbréfum. Félagið breytti áherslum og nafni í lok árs 2002. Meðal nýrra áherslna var að hámarka arðsemi félagsins af fjárfestingum í hlutabréfum með virkum afskiptum og stuðningi við þau. Markmið félagsins er að leiða að minnsta kosti þrjú til sex fjárfestingarverkefni á hverjum tíma og að öll verkefni félagsins feli í sér endurskipulagningu rekstrar og fjárhags, samhliða aðstoð við ytri vöxt í formi ráðgjafar við kaup, verðmat og fjármögnun.

### UMBREYTA FYRIRTÆKJUM

Atorka hefur yfirtekið skráð félög sem hafa ekki gengið vel, með það að markmiði að hagræða í rekstrinum. Atorka hefur frá stofnun yfirtekið Afl, Líf og Sæplast og núna er stefnt að yfirtökutilboði í Austurbakka en Atorka eignaðist meirihluta í því fyrirtæki fyrir skömmu.

Atorka er fjársterkt félag og getur því lagt út í stærri fjárfestingar en þessi félög gátu meðan þau voru skráð á hlutabréfamarkað. Með hagræðingu og oft frekari fjárfestingum til að styrkja rekstur þessara fyrirtækja á nokkrum árum ætlar Atorka að auka virði þeirra. Einnig hefur Atorka selt fasteignir og starfsemi út úr Lífi og innleyst hagnað með þeim hætti.

Atorka horfir til þess að hvert verkefni taki að jafnaði þrjú til fimm ár. Á síðasta aðalfundi Atorku var samþykkt að fjölga umbreytingarverkefnum úr þremur til sex í fimm til tíu.

Talað hefur verið um að Atorka hafi keypt félög sem væru ekki spennandi fjárfestingakostir og margir hafa undrast val Atorku á fyrirtækjum. Þegar heildareignir félagsins eru skoðaðar kemur þó í ljós að þessi fyrirtæki eru aðeins lítill hluti af eignasafninu og heildarfjárfesting í umbreytingarverkefnum eftir kaupin á Austurbakka undir fjórum milljörðum.

Arðgreiðsla Atorku var 30 prósent af nafnverði í ár og í fyrra var hún 10 prósent. Markmið félagsins er að greiða út að jafnaði yfir þriggja ára tímabil um 50 til 80 prósent hagnaðar af starfsemi félagsins og að minnsta kosti 50 prósent af innleystum hagnaði hvers árs.

**Stærstu hluthafar Atorku**

| | |
|---|---|
| Landsbankinn í Lúxemborg | 15,00% |
| Skessa | 10,01% |
| Ránarborg | 6,51% |
| Landsbankinn | 5,70% |
| Harðbakur | 5,07% |
| Guðmundur A. Birgisson | 5,05% |
| Mávur | 3,40% |
| Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 3,30% |
| Eagle Investments | 1,80% |

**Helstu eignir Atorku**

| Eign | Áætlað virði* |
|---|---|
| Jarðboranir | 3.500 |
| Low & Bonar | 3.300 |
| NWF | 600 |
| Austurbakki | 800 |
| Umbreytingaverkefni | 3.000 |
| **Samtals:** | **11.200** |

*í milljónum króna**

### HORFT YFIR HAFIÐ

Atorka hyggst beina sjónum sínum til Bretlands og á stóran hlut í tveimur fyrirtækjum þar; Low & Bonar og NWF Group plc. Low & Bonar framleiðir og selur vörur inn á fyrirtækjamarkað. Rekstur félagsins skiptist í þrjár megindeildir; Gólfefnaframleiðslu sem er 39% af tekjum, garn- og vefnaðarframleiðslu sem er 28% af tekjum og framleiðslu á plastvörum sem vegur um 33% af tekjum. Starfsemi NWF Group er aðallega olíudreifing, fóðurdreifing og rekstur vöruhúsa.

Atorka hefur einnig verið að fjárfesta í litlum mæli á íslenska markaðinum og átti meðal annars hlutabréf í KB banka um síðustu áramót.

Atorka hefur aukið áherslur sínar erlendis síðustu misseri. Félagið hefur aukið verulega við eignarhluti sína í NWF og Low & Bonar á síðustu mánuðum. Á sama tíma hafa skammtímafjárfestingar á innlendum hlutabréfamarkaði minnkað mikið og eru tiltölulega litlar sem hlutfall af heildareignum og eigin fé Atorku. Á móti hefur Atorka aukið skammtímafjárfestingar sínar á erlendum mörkuðum, þá helst í Bretlandi. Í skráningarlýsingu Atorku segir að það sé mat stjórnenda fyrirtækisins að tækifæri þess muni að mestu liggja í erlendum verkefnum á næstunni, sem og í endurskipulagningu og stækkun á þeim fyrirtækjum sem Atorka er kjölfestufjárfestir í nú þegar, hérlendis sem og erlendis.

Á listanum hér til hliðar eru helstu eignir Atorku og umbreytingarverkefnin eru talin sér. Til þeirra teljast Líf, Sæplast, Eignarhaldsfélag Lyfjadreifingar, FH8 og Isla.



Fréttablaðið/GVA

**HLUTHAFAR Í ATORKU** Guðmundur á Núpum og Aðalsteinn Karlsson fyrrum eigandi A. Karlsonar.

### EIGENDUR ATORKU

Í apríl 2003 var tilkynnt um samkomulag Atorku og Búnaðarbankans í Lúxemborg, sem nú er Landsbankinn í Lúxemborg, þess eðlis að Búnaðarbankinn keypti 16 prósenta hlut í Atorku. Síðan þá hefur um 15 prósenta hlutur í félaginu verið í eigu bankans en líklega eru nokkrir aðilar á bakvið hlutinn því að engin tilkynning hefur borist um að einhver fari með atkvæðisréttinn sem bréfunum fylgir.

Stærsti eigandi Atorku er Þorsteinn Vilhelmsson og Magnús Jónsson í gegnum þrjú félög sem samtals eiga tæplega 22 prósenta hlut. Þorsteinn, sem er stjórnarmaður í Atorku, er aðaleigandi og stjórnarformaður Skessu, sem og aðaleigandi Harðbaks og Ránarborgar. Magnús Jónsson, starfandi stjórnarformaður Atorku, er framkvæmdastjóri Ránarborgar og Skessu.

Þeir Magnús, Þorsteinn og Aðalsteinn, sem allir sitja í stjórn Atorku, sitja einnig í stjórn Jarðborana en Atorka á 44 prósenta hlut þar. Líklega má rekja hluta hækkunar Atorku á síðasta ári til góðs gengis Jarðborana. Auk þeirra áðurnefndu sitja Karl Axelsson og Lárus Rafn Blöndal í stjórn Atorku.

**Atorka í hnotskurn**

Markaðsvirði um 17 milljarðar

Fjöldi hluthafa yfir fimm þúsund

Hagnaður ársins 2004 tæpir þrír milljarðar


1-9
Ég var látin laus 3. mars.
„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell manninum sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búið að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.
Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“
Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging
*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík og Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is
Hive

# Tekjur veiðifélaga rjúfa m

**Fjársterkir einstaklingar og fyrirtæki kýla upp verðið á laxveiði á Íslandi. Tekjur veiðifélaga hafa hækkað um fjórðung á tveimur árum. Dæmi um að bestu laxveiðiárnar hækki um tugi milljóna á milli ára. Björgvin Guðmundsson segir ekki séð fyrir endann á hækkununum.**



Fréttablaðið/GVA

**RAINIER FURSTI FRÁ MÓNAKÓ** Í ágúst 1982 kom Rainier heitinn fursti frá Mónakó hingað til lands ásamt fjölskyldu sinni. Renndu þeir feðgar fyrir lax í Laxá í Kjós.

## Í fríi frá frægðinni









Fjölmargir frægir útlendingar leggja leið sína til Íslands til að renna fyrir lax. Láta þeir oft lítið fyrir sér fara til að fá frið frá frægðinni í íslenskri náttúru. Samkvæmt könnun sem fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar gerði árið 2003 ætluðu 1,4 prósent þeirra útlendinga sem komu til landsins það ár að renna fyrir lax og tvö prósent að fara í silungsveiði. Af því má ætla að nálægt fimm þúsund erlendir ferðamenn hafi stundað annað hvort laxeða silungsveiði.

Hagfræðistofnun gerði í fyrra ráð fyrir að efnahagsleg áhrif erlendra stangveiðimanna hér á landi næmu 427 til 866 milljónum króna á ári á verðlagi dagsins í dag.

**Nokkrir frægir laxveiðimenn:**

| | |
|---|---|
| Eric Clapton | Laxá á Ásum |
| Karl Bretaprins | Hofsá í Vopnafirði |
| Sam Shepard | Laxá í Dölum |
| Jack Nicklaus | Norðurá |
| Jessica Lange | Laxá í Dölum |
| Rainier fursti | Laxá í Kjós |
| Albert prins | Laxá í Kjós |
| Mick Hucknall | Laxá í Kjós |
| Kiri Te Kanawa | Rangá |
| Kevin Costner | Langá |
| Ted Turner | Norðurá |
| Jane Fonda | Norðurá |

Útlit er fyrir að tekjur veiðifélaga laxveiðiáa á Íslandi fari yfir milljarð króna á þessu ári. Átján bestu laxveiðiár landsins fá um tvo þriðju af þeim tekjum. Nokkrar þeirra hafa hækkað um tugi milljóna frá því í fyrra. Eru Víðidalsá, Ytri-Rangá og Miðfjarðará í þeim flokki. Búið er að semja um töluverða hækkun til viðbótar á öðrum ám á næsta ári.

Þessa niðurstöðu byggir Markaðurinn á úttekt á leigutekjum sem fengnar voru beint frá veiðifélögum helstu laxveiðiáa Íslands. Er sundurliðaðar upplýsingar um tekjur veiðifélaganna að finna í töflu á síðunni. Tekjur vegna álagningar leigutaka, gistingar, fæðis, ferða og búnaðar eru ekki teknar með í þessum tölum.

Umsvif leigutaka aukast á hverju ári og keppast stærri aðilar um bestu árnar. Þeir segja eftirspurnina hafa aukist og fleiri séu tilbúnir að borga háar fjárhæðir til að komast í laxveiði. Góð veiði í fyrra og öflugt efnahagslíf spili stóra rullu í þessari þróun. Það sé úrelt að halda því fram að fjársterkir útlendingar þrýsti verðinu upp, innlend eftirspurn ráði mestu.

### LÚXUS GISTIAÐSTAÐA

Hátt verð á veiðileyfum hefur gert það að verkum að veiðimenn krefjast betri aðstöðu við árnar. Við flestar þeirra eru glæsileg veiðihús sem búið er að byggja upp síðustu misserin. Eldri hús, eins og við Vatnsdalsána, hafa verið stækkuð og ráðgert er að reisa nýtt veiðihús við Blöndu fyrir tugi milljóna króna. Uppábúin rúm, sér baðherbergi, heitur pottur, gufa og heitar máltíðir eru nú sjálfsagður hlutur þegar egnt er fyrir lax í góðum ám.

Einnig er gerð krafa til veiðirétthafa að þeir byggi upp árnar með seiðasleppingum ár hvert, sem getur kostað töluvert. Er kostnaðinum í sumum tilvikum skipt á milli leigutaka og veiðifélagsins. Annar kostnaður veiðifélaga er lagning vega og lagfæring á árfarvegi, meðal annars með byggingu fiskistiga. Samkeppnin birtist því á fleiri stöðum en bara í sjálfu leiguverðinu.

### DAGURINN FIMMTÍU ÞÚSUND

Miðað við úttekt Markaðarins kostar veiðileyfi 45 þúsund krónur á dag sé miðað við meðalverð í sextán stærstu laxveiðiám landsins. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem dr. Sveinn Agnarsson og Þóra Helgadóttir unnu í maí 2004, er miðað við álagning leigutaka á veiðileyfi sé 25-30 prósent. Er þá hægt að segja að leyfi til veiðimanns sé selt að meðaltali á 57 þúsund krónur dagurinn.

Dýrasta laxveiðiáin, sé miðað við leiguverð leigutaka, er Laxá á Ásum. Þar verður að selja daginn á 111 þúsund krónur til að greiða fyrir leigugjöldin. Er þá ekki gert ráð fyrir neinni álagningu. Mestu skiptir að aðeins tvær stangir eru í Laxá á Ásum. Fyrir þær greiðir Árni Baldursson, umsvifamesti leigutaki á Íslandi, tuttugu milljónir króna á ári.

Raunhæft er að gera ráð fyrir að veiði í ám standi að meðaltali í níutíu daga á sumrin og vertíðinni sé skipt í þrjú misdýr tímabil. Álagning fyrstu þrjátíu dagana sé 20 prósent, miðjutímabilið sé selt með 35 prósenta álagningu og síðustu þrjátíu dagarnir með 25 prósenta álagi. Miðað við þetta gætu leigutakar sextán helstu laxveiðiáa landsins verið að hagnast um 150 milljónir króna á ári. Er þá ekki gert ráð fyrir hagnaði af sölu gistirýma þar sem boðið er upp á fæði og aðra þjónustu. Algengt er að það sé innifalið í seldum veiðileyfum til útlendinga en ekki Íslendinga. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru tíu til tólf þúsund krónur á sólarhring algengt verð fyrir slíka þjónustu.

### TÍU MILLJARÐA UMSVIF

Samkvæmt niðurstöðu Hagfræðistofnunar í fyrra námu efnahagsleg áhrif stangaveiði á Íslandi átta til níu milljörðum króna. Bein útgjöld til stangaveiðinnar voru talin vera á bilinu 1,7 til 2,1 milljarður króna. Eru þá meðtalin kaup á veiðileyfum, ferðakostnaður og önnur útgjöld stangaveiðimanna.

Sem dæmi kom fram í norrænni könnun í byrjun árs 2000 að einungis Íslendingar eyddu árlega 594 milljónum króna í bifreiðakostnað tengdan veiðiferðum, um 352 milljónum króna í mat og drykk umfram venjulega neyslu og 190 milljónum í gistingu á verðlagi dagsins í dag. Sambærileg heildartala fyrir útlendinga er 417 milljónir króna. Það er því óhætt að álykta sem svo að bein útgjöld vegna stangaveiði á Íslandi í sumar verði nálægt 2,5 milljörðum króna. Með sömu aðferðum og Hagfræðistofnun beitir er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að efnahagsleg umsvif stangaveiði á Íslandi nemi meira en tíu milljörðum króna í ár.

### MEST VEIÐIST Á VESTURLANDI

Árið 2000 er áætlað að beinar tekjur af stangaveiði hafi numið um það bil fimm prósentum af heildarverðmæti allra landbúnaðarafurða sem framleiddar voru á Íslandi. Til samanburðuar var verðmæti garð- og gróðurhúsaafurða um þrettán prósent af heildarverðmæti alls landbúnaðarins sama ár.




Fréttablaðið/Hari

**ÁRNI BALDURSSON Í LAX-Á** Aðbúnaður verður að vera fyrsta flokks til að réttlæta þetta háa verð. Landeigendur hafa verið að byggja upp glæsileg veiðihús svo tekjurnar fara ekki beint í vasa þeirra.

Árni Baldursson er umsvifamesti leigutakinn:

## Íslendingar ryðja útlendingum frá

„Við erum að verðleggja útlendinga út af markaðnum," segir Árni Baldursson, forstjóri Lax-á og einn umsvifamesti leigutaki laxveiðiáa á Íslandi. Erlendir stangveiðimenn skilji ekki þessar miklu hækkanir á milli ára og neiti að taka þátt í kapphlaupinu. Þeir spyrji hvort ekki megi veiðast vel í eitt ár án þess að verðið skjótist svona snögglega upp.

„Það hafa verið mikil afföll af útlendingum í árnar. Í skörðin fylla Íslendingar sem vilja veiða lax og borga vel fyrir það. Þetta er svolítið skrítið ástand á markaðnum núna," segir Árni. Hann segir að það sé úrelt viðhorf að útlendingar orsaki þessar miklu hækkanir. Fjársterkir einstaklingar og fyrirtæki ýti verðinu upp og leigutakar verði að keppa af alvöru til að geta mætt eftirspurninni. Annars fái einhverjir aðrir árnar og sú uppbygging sem hann og fleiri hafi staðið fyrir verði lítils virði. Hann hafi hafið sinn rekstur árið 1987.

Til merkis um mikil umsvif Árna eru sex ár af þeim sextán sem Markaðurinn gerði úttekt á undir stjórn hans fyrirtækis. Hann leigir mikið af sínum veiðidögum til útlendinga og er það afrakstur margra ára markaðsstarfs ytra. Einnig fara Íslendingar utan á hans vegum að veiða. Í samtölum undanfarna daga við aðila sem tengjast laxveiði á Íslandi hefur meðal annars verið bent á hlut Árna í hækkunum á laxveiðiám síðastliðið ár. Þar hefur hann verið hæstur í mörgum opnum útboðum.

„Við verðum að vera með. Þessir peningar eru til staðar og fólk er tilbúið að borga þetta fyrir laxveiðiárnar," segir Árni. Hann er samt hræddur um að það sama gerist og upp úr 1990 þegar verðið rauk upp eftir góð laxveiðiár. Þá hafi markaður fyrir erlenda veiðimenn, sem flestir voru frá Bandaríkjunum, hrunið. Þeir hafi farið annað enda verðlagningin þá, og kannski nú, einsdæmi í heiminum. Frá árinu 1993 hafi verið byggður upp markaður fyrir veiðimenn frá Evrópu. Nú geri mikil eftirspurn innlendra aðila það að verkum að við verðleggjum þá út af markaðnum líka. Nóg framboð sé af góðum veiðistöðum í heiminum fyrir utan Ísland.

Árni segir sterkt gengi krónunnar ekki lækka verðið til útlendinga. Hingað sé dælt inn fjármagni í stóriðju og ferðaþjónustan í landinu blæði fyrir. Tekjurnar séu að stærstum hluta í erlendum gjaldeyri en kostnaður í íslenskum krónum. Bæði Bandaríkjadollari og evran séu lág, sem þýði færri krónur í tekjur. „Þarna er atvinnuvegunum stórlega mismunað," segir Árni. „Ferðaþjónustan er í dauðateygjunum út af þessu og stjórnvöld hafa engan áhuga á að styrkja hana."

Hann tengir verðþróunina við gott almennt efnahagsástand og segir: „Allt sem fer svona gríðarlega mikið upp slengist venjulega til baka aftur." Ekki sé hægt að áfellast landeigendur fyrir þessa þróun. Margir séu tilbúnir að borga mikið fyrir árnar. Þeir verði svo aftur að fá tekjur til að greiða fyrir leiguna og það þýði hækkandi veiðileyfi.




**TÍU ÞÚSUND FLEIRI LAXAR** Laxveiði hefur sveiflast mikið á milli ára. Hún varð mest árið 1988, þegar um fimmtíu þúsund laxar veiddust. Minnst var laxveiðin árið 1994, þegar um þrjátíu þúsund fiskar veiddust. Á síðustu árum hefur veiðin haldist í rúmlega þrjátíu þúsund löxum og árið 2003 veiddust 34 þúsund laxar á stöng. Hins vegar varð sprenging á síðasta ári þegar rúmlega 46 þúsund laxar veiddust á stöng.

# illjarðs króna múrinn



Fréttablaðið/Vilhelm

**EGNT FYRIR LAXINN** Ætla má að lax- og silungsveiði á Íslandi styðji við um þúsund til tólf hundruð störf á ári á Íslandi. Lax gengur í um níutíu ár á landinu og eru flestar þeirra á Vestur- og Norðurlandi. Láta mun nærri að um 1.900 býli eigi veiðirétt, annað hvert býli á landinu.

Tekjur af stangaveiði voru misháar eftir landshlutum og bæjum og geta skipt miklu máli fyrir afkomu marga býla í landinu. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar er lax- og silungsveiði þau hlunnindi sem skila bændum hvað mestum tekjum.

Mest veiðist af laxi í ám á Vesturlandi og Norðurlandi vestra en minnst á Vestfjörðum. Tekjur veiðifélaga af laxveiði á Vesturlandi að frádregnum kostnaði voru 45 til 53 prósent af atvinnutekjum í landbúnaði. Þessar tekjur skipta bændur á svæðinu því mjög miklu máli. Í öðrum landshlutum er þetta hlutfall mun lægra.

Það hefur vakið athygli hvað veiði í Ytri og Eystri Rangá hefur vaxið frá því að í kringum sextíu laxar veiddust fyrir árið 1988. Hefur stóraukin fiskirækt og seiðasleppingar skilað þeim árangri að nú veiðast langflestir laxarnir í Rangánum; meira en sex þúsund í fyrrasumar. Fyrir vikið fjölgar stöngum í ánni stöðugt, um fjórar nú í sumar, og tekjur veiðifélagsins aukast. Árni Valdimarsson, formaður veiðifélags Eystri-Rangár, segir Einar Lúðvíksson eiga heiðurinn af þessu uppbyggingarstarfi. Þröstur Elliðason, sem var þar leigutaki í mörg ár, tók þátt í þessari uppbyggingu. Nú leigir Árni Baldursson í Lax-á ána.

### SKIPTING TEKNA AF STANGVEIÐI EFTIR LANDSHLUTUM




Heimild: Hagfræðistofnun HÍ

**Tekjur af laxveiði á Vesturlandi hafa verið um helmingur af atvinnutekjum í landbúnaði.**

### DEILA GENGISÁHÆTTUNNI

Aukin fiskirækt er dæmi um breyttar áherslur veiðirétthafa laxveiðiáa. Meiri áhersla er lögð á uppbyggingu ánna og nokkuð miklu af gönguseiðum sleppt ár hvert, sem upphaflega eru tekin úr ánum. Er þetta oft samvinnuverkefni leigusala og leigutaka enda hagsmunamál beggja að áin gefi vel. Er þá hluti af leigunni oft borgaður með þátttöku í fiskirækt.

Algengt er að leiga á ám tengist breytingu neysluverðsvísitölu. Einnig er leigugjaldið í sumum tilvikum tengt gengi Bandaríkjadollara og evru. Bændur og leigutakar segja hátt gengi íslensku krónunnar minnka tekjur þeirra þar sem hluti af þeim er í erlendum gjaldmiðlum. Vegna hás gengis fá þeir færri krónur fyrir hvern dollara eða evru. Með því að tengja leiguna við gengið er gengisáhættunni dreift á milli þessara aðila.



ÓLAFUR VIGFÚSSON

## Hvað kostar sportið?



„Verðlag á veiðibúnaði hefur lækkað gríðarlega hin síðari ár og mikið frá því á síðasta ári því við höfum að sjálfsögðu lækkað allar vörur nú þegar við flytjum þær inn á hagstæðu gengi," segir Ólafur Vigfússon, eigandi Veiðihornsins í Reykjavík. Kemur það til móts við hækkun á veiðileyfum síðasta ár.

Ólafur segir hægt að komast af með lágmarksútbúnað og margir bæti í safnið sitt á mörgum árum. En ef gengið er inn í Veiðihornið í dag og allur nauðsynlegur útbúnaður keyptur kostar sá ódýrasti um 66 þúsund krónur. Miðlungsgræjur kosta um 129 þúsund og lúxuspakkinn 231 þúsund.

| | |
|---|---|
| Öndunarvöðlur með skóm | 23.990 kr. |
| Vatnsheldur jakki með öndun | 16.900 kr. |
| Flugur, spúnar, taumar, önglar o.fl. | 20.000 kr. |
| Fluguveiðipakki* | 30.000 kr. |
| Maðk- og spónveiðipakki* | 20.000 kr. |
| Veiðivesti | 6.995 kr. |
| Taska | 5.995 kr. |
| Gleraugu | 4.890 kr. |
| Veiðibúnaður | 128.770 kr. |
| Veiðileyfi | 45.000 kr. |
| **Alls** | **173.770 kr.** |

*Stöng, hjól og lína



### FJÖLDI VEIDDRA LAXA

| | 2004 | 2003 | Meðaltal 1999-2004 | Meðaltal 1974-2003 |
|---|---|---|---|---|
| **Eystri Rangá** | 3.152 | 1.720 | | |
| **Ytri Rangá** | 2.930 | 1.723 | | |
| **Rangárnar** | 6.082 | 3.443 | 3.844 | 1.091 |
| **Miðfjarðará** | 2.268 | 577 | 974 | 1.200 |
| **Langá** | 2.242 | 2.263 | 1.695 | 1.347 |
| **Hofsá í Vopnafirði** | 1.864 | 1.483 | 1.326 | 1.027 |
| **Víðidalsá** | 1.770 | 588 | 927 | 1.114 |
| **Selá** | 1.691 | 1.558 | 1.394 | 912 |
| **Blanda** | 1.538 | 504 | 976 | 986 |
| **Laxá í Dölum** | 1.537 | 1.394 | 1.039 | 947 |
| **Laxá í Kjós** | 1.502 | 1.654 | 1.278 | 1.308 |
| **Norðurá** | 1.386 | 1.444 | 1.618 | 1.578 |
| **Þverá og Kjarrá** | 1.364 | 1.872 | 1.551 | 1.853 |
| **Grímsá og Tunguá** | 1.101 | 1.156 | 1.216 | 1.349 |
| **Laxá í Leirársveit** | 984 | 1.133 | 1.026 | 1.028 |
| **Vatnsdalsá** | 965 | 574 | 654 | 872 |
| **Laxá á Ásum** | 466 | 308 | 516 | 1.090 |
| **Samtals:** | **26.760** | **19.951** | **20.033** | **17.702** |

### LEIGUTEKJUR STÆRSTU LAXVEIÐIÁA ÍSLANDS

| Leigutekjur 2005 í kr. | Laxveiðiá | Laxar á stöng 2004 | Fjöldi stanga 2005 | Stangardagar 2005 | Verð í kr. á stangardag |
|---|---|---|---|---|---|
| 20.000.000 | **Laxá á Ásum** | 233 | 2 | 180 | 111.111 |
| 40.000.000 | **Vatnsdalsá** | 161 | 6 | 540 | 74.074 |
| 52.200.000 | **Víðidalsá** | 221 | 8 | 720 | 72.500 |
| 40.500.000 | **Miðfjarðará** | 227 | 10 | 900 | 45.000 |
| 31.000.000 | **Hofsá í Vopnafirði** | 233 | 8 | 720 | 43.056 |
| 54.000.000 | **Þverá og Kjarrá** | 97 | 14 | 1.260 | 42.857 |
| 26.500.000 | **Selá** | 242 | 7 | 630 | 42.063 |
| 52.000.000 | **Norðurá** | 99 | 14 | 1.260 | 41.270 |
| 37.000.000 | **Grímsá og Tunguá** | 110 | 10 | 900 | 41.111 |
| 36.000.000 | **Langá** | 224 | 10 | 900 | 40.000 |
| 22.000.000 | **Laxá í Leirársveit** | 141 | 7 | 630 | 34.921 |
| 18.000.000 | **Laxá í Dölum** | 256 | 6 | 540 | 33.333 |
| 40.000.000 | **Ytri Rangá** | 244 | 14 | 1.260 | 31.746 |
| 45.000.000 | **Eystri Rangá** | 197 | 18 | 1.620 | 27.778 |
| 25.000.000 | **Laxá í Kjós** | 150 | 10 | 900 | 27.778 |
| 16.000.000 | **Blanda** | 154 | 10 | 900 | 17.778 |
| **555.200.000 Heildarleigutekjur** | | **187 Meðaltal** | **154 Heildarfjöldi** | **13.860 Heildarfjöldi** | **45.398 Meðalverð** |

## FÓLK Á FERLI

**GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR** hefur verið ráðin þróunarstjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og sérfræðingur við Viðskiptadeild skólans. Guðrún er heilbrigðisrekstrarhagfræðingur að mennt en hún lauk MHA og BSPH prófgráðum frá University of North Carolina í Chapel Hill. Guðrún lauk jafnframt Associate Certified Coach prófréttindum frá CCU árið 2004. Guðrún hefur starfað við stjórnunarráðgjöf síðan 1998 einkum á sviði stefnumótunar, skipulags- og mannauðsmála og gæðastjórnunar. Hún var einn meðeiganda IMG ráðgjafar, áður Deloitte & Touche ráðgjöf. Hún var fræðslustjóri Ríkisspítala og forstöðumaður gæða- og þróunarskorar Landspítalans á árunum 1991 til 1998.



**JÓNAS BJÖRNSSON** hefur verið ráðinn sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Hann er rekstrarfræðingur að mennt og starfaði áður sem útibússtjóri útibús Íslandsbanka í Skútuvogi í ein fimm ár. Jónas tekur til starfa þann 27. apríl næst komandi en hann tekur við af Magnúsi D. Brandssyni.



**MATTHÍAS H. JOHANNESSEN** hefur verið ráðinn fjármálastjóri Actavis Group hf. og tekur hann til starfa í júlí. Matthías mun heyra undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs Actavis Group hf. og bera ábyrgð á fjármálastýringu samstæðunnar. Matthías mun taka sæti í stjórnum dótturfélaga Actavis-samstæðunnar. Matthías útskrifaðist með BSc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1999 og með MSc. gráðu í hagfræði og fjármálum frá Copenhagen Business School árið 2002. Undanfarið hefur Matthías starfað sem forstöðumaður hjá áhættustýringu KB banka. Áður starfaði hann hjá HSH Nordbank í Kaupmannahöfn. Áður en Matthías hóf nám í Kaupmannahöfn starfaði hann hjá greiningardeild Kaupþings á Íslandi.



Skandiahneykslið:

## Frumrannsókn lokið

Frumrannsókn á misferli fyrrum stjórnenda sænska fjármálafyrirtækisins Skandia er lokið.

Efnahagsbrotadeild sænsku lögreglunnar hefur skilað af sér sex þúsund blaðsíðna skýrslu um sviksamlega háttsemi stjórnenda fyrirtækisins. Alvarlegust meint brot stjórnenda beinast að forstjóra fyrirtækisins, Lars-Eric Petersson. Hann er ákærður fyrir gróf trúnaðarbrot, að hafa hækkað bónusa stjórnenda án samþykkis stjórnar og einnig greitt sjálfum sér hærri kaupauka en heimildir voru fyrir. Verði hann fundinn sekur gæti hann átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi, að sögn sænska viðskiptablaðsins Dagens Industri.

Auk Petersson eru alvarlegar ávirðingar á hendur fyrrum starfsmannastjóra og fjármálastjóra Skandia, auk nokkurra annarra stjórnenda fyrirtækisins.

Gengi bréfa Skandia varð hart úti í kjölfar þess að upp komst um kaupauka stjórnenda. Að undanförnu hafa íslensku fyrirtækin KB banki og Burðarás verið að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu, líklega á þeirri forsendu að félagið hafi lækkað mikið vegna neikvæðrar umræðu og undirliggjandi rekstur sé meira virði. - hh

# Myndlistin í sókn

**Tryggvi Páll Friðriksson** telur að markaður með myndlist sé vanmetinn og verð muni hækka. Málverk getur verið órjúfanlegur hluti af lífi einstaklings, segir hann í samtali við *Eggert Þór Aðalsteinsson*.

Eitt stærsta gallerí landsins er Gallerí Fold, sem rekur listmunasölur við Rauðarárstíg og í Kringlunni. Eigendur fyrirtæksins eru Tryggvi Páll Friðriksson og Elínbjört Jónsdóttir en þau hafa rekið það frá árinu 1992. „Upphaflega vorum við aðallega með grafík og minni verk en nú seljum við gömul og ný verk af öllum gerðum, stöndum fyrir listmunauppboðum, erum með sýningar og innrömmun. Einnig erum við í góðu samstarfi við forverðina í Morkinskinnu,“ segir Tryggvi.

Allir vita að markaðurinn með listaverk hefur ekki verið dans á rósum í langan tíma. „Það verður að segjast eins og er að þetta er búinn að vera erfiður bransi. Markaður með eldri verk hefur verið í hálfgerðri gíslingu í átta ár eða frá því að fölsunarmálin komu upp,“ segir hann. Á tímabili hættu menn svo að fjárfesta í myndlist og settu peningana sína í verðbréf. Erfiðar markaðsstæður hafi svo valdið því að sárafá gallerí verða langlíf. En margt bendir til að hlutirnir hafi loksins snúist við.

**Gallerí Fold**
Eigendur: Elínbjört Jónsdóttir og Tryggvi Páll Friðriksson.
Starfsemi: Sala og ráðgjöf á listaverkum, stendur fyrir uppboðum og sýningum og rekur innrömmun.
Fjöldi starfsmanna: 9, sumir í hlutastörfum.

### GÓÐ FJÁRFESTING

Tryggvi telur að margir séu farnir að hugsa aftur um myndlist sem fjárfestingu og bendir máli sínu til stuðnings á myndlistaruppboðin sem haldin eru þrisvar á ári. Á síðasta uppboði seldust mörg verk á hærra verði en matsverði og verður fróðlegt að fylgjast með gangi mála á næsta uppboði í maí.

„Það er tiltölulega gott að kaupa íslensk listaverk í dag. Þau hafa ekki fylgt þeirri verðþróun sem hefur orðið erlendis. Nú eru öll skilyrði fyrir því að verðið hækki,“ segir Tryggvi og tekur svo djúpt í árinni að segja að annað sé ómögulegt.

Greinilegt er að myndlistarkaup hafa aukist eftir að KB banki, í samvinnu við Reykjavíkurborg, galleríin og listamennina, hóf að veita vaxtalaus lán til kaupa á myndum eftir núlifandi listamenn. Hefur það verið mikil lyftistöng fyrir markaðinn. „Fólk lét verða af því að fá sér verk sem það hafði verið að hugsa um lengi og aðrir keyptu sér dýrari verk en þeir hefðu annars haft efni á.“ Tryggvi bendir á að í Hollandi hafi verið farin sama leið, að bjóða fjármögnum með vaxtalausum lánum, og tókst það vel til.

Fjárfesting í samtímalistaverki er alltaf ákveðið happdrætti, því engin getur sagt með vissu um vinsældir verksins í framtíðinni. „Ég mæli með því að fólk kaupi listaverk sem því finnst vera fallegt og notalegt að vera innan um. Vextirnir af listaverkum koma oftast fram í þeirri ánægju að vera innan um falleg verk. Fólk á að nota eigin dómgreind en ekki annarra til þess að velja verk,“ segir hann enn fremur.

Tryggvi gerði tilraun til að meta verðþróun á myndlist út frá uppboðunum. Síðar kom í ljós að tölurnar voru ómarktækar þar sem allt að þriðjungur verkanna var falsaður. Kjarvalsmynd, sem seldist á 800.000 krónur og síðar kom í ljós að var fölsuð, er einskis virði. „Það er erfitt að meta markað sem er svona lasinn en ég gæti trúað að markaðurinn velti yfir milljarði á ári og fari vaxandi,“ segir hann.

### FJÖLHÆFIR LISTAMENN

Tryggvi er spurður að því hvort einhver munur sé á viðhorfi fólks annars vegar til samtímamyndlistar og hins vegar verka eldri meistara. Honum finnst nokkuð sérstakt hversu almennur áhugi er meðal allra aldurshópa fyrir eldri verkum. Yngra fólk hefur sama áhuga á að eignast mynd eftir Ásgrím eða Kjarval og það eldra. Þegar kemur að nútímamyndlist er smekkurinn hins vegar mismunandi eftir aldurshópum. Yngra fólk hefur áhuga á ákveðnum listamönnum meðan það eldra hefur áhuga á öðrum. „Sumir listamenn eru tímalausir, þeir eru alltaf í tísku,“ segir Tryggvi án þess að nefna nöfn.

„Íslendingar eiga feikilega góða listamenn. Útlendingar eru hissa á því hvað við eigum marga, fjölhæfa listamenn. Skýringin gæti verið sú að margir af okkar listamönnum stunda nám erlendis og kynnast þar með straumum og stefnum héðan og þaðan,“ bætir hann við.

Myndlistarmenn gætu verið duglegri að koma sér á framfæri. Galleríin eiga að vera til þess að koma mönnum á framfæri en hér á landi verða þau að hafa víðfeðma starfsemi og geta því illa einbeitt sér að fáum listamönnum eins og tíðkast erlendis.

### HLUTI AF TILVERUNNI

Tryggva finnst merkilegt hvað listaverk geta verið stór hluti af lífi fólks. Þetta sést jafnan best á því þegar dánarbú eru gerð upp. „Erfingjunum finnst ekkert mál að skipta með sér verkum þegar selja á bílinn, hlutabréfin eða húsið en þegar selja á listaverkin þá vilja allir leggja hönd á plóg. Málverk, sem hefur kannski hangið uppi á vegg í marga áratugi, getur verið fastur þáttur í lífi svo margra,“ segir hann að lokum.



Fréttablaðið/Vilhelm

**ELÍNBJÖRT JÓNSDÓTTIR OG TRYGGVI P. FRIÐRIKSSON, EIGENDUR GALLERÍS FOLDAR** Markaður með myndlist er byrjaður að taka við sér eftir að málverkafölsunarmálunum lauk. Vaxandi áhugi er meðal almennings á að fjárfesta í myndlist og hafa viðtökur verið góðar við vaxtalausum lánum frá KB banka til kaupa á samtímamyndlist.

## BESTA RÁÐIÐ

# Ekki vera fyrirsjáanlegur

Sverrir Berg Steinarsson, forstjóri Dags Group, segir að besta ráð sem hann hafi fengið sé að forðast beri að vera útreiknanlegur. „Það að vera aldrei fyrirsjáanlegur er ráð sem mér finnst gott. Í viðskiptum er það þannig að um leið og maður verður fyrirsjáanlegur er maður búinn að vera. Þeir sem hafa skarað fram úr í viðskiptum eru ekki fyrirsjáanlegir og menn vita aldrei hverju þeir taka upp á næst,“ segir hann.

Dagur Group er fyrirtækið sem áður var þekkt undir nafninu Skífan en í nýju skipulagi hefur verið greint betur en áður milli margvíslegrar starfsemi og undirfélög verið stofnuð. Í sumum þeirra á heilræðið sérstaklega vel við.



**SVERRIR BERG STEINARSSON** Segir það til heilla bæði í viðskiptum og lífinu sjálfu að vera ekki fyrirsjáanlegur.

„Í því starfi sem ég er að vinna í dag, þar sem samkeppnin er mikil, er þetta mjög mikilvægt,“ segir hann og nefnir sérstaklega tölvuverslanirnar BT sem dæmi. „Þú veist aldrei hverju BT tekur upp á á morgun. Um daginn fóru menn út í það í BT að gefa mjólk, til að undirstrika það að þegar maður er í verðstríði þá gefur maður mjólk,“ segir hann.

En mottóið um að vera ekki fyrirsjáanlegur á líka við í lífinu sjálfu. „Leiðinlegasta fólk sem maður hittir er fólk sem er fyrirsjáanlegt,“ segir Sverrir Berg Steinarsson. - þk

Listaverkakaup fyrirtækja:

# Listmunasali gagnrýnir Símann

Hér á landi stunda nokkur fyrirtæki töluverð myndlistarkaup en einkum hafa bankarnir og Seðlabankinn beitt sér í þeim efnum. Sum fyrirtæki nota listverkakaup sem fjárfestingarstefnu, kaupa listaverk og selja þau svo aftur á hærra verði. Þannig verður markaður með listaverk virkari. Tryggvi Páll Friðriksson, eigandi Galleríis Foldar, telur að stór fyrirtæki ættu að verja ákveðnu fjármagni á hverju ári til myndlistarkaupa og gætu þau þar með eignast stórt safn á löngum tíma. Hann furðar sig á því að eitt stærsta fyrirtæki landsins, Síminn, skuli ekki eiga listaverkasafn sem nokkru nemur. „Fyrirtæki sem er með starfsemi úti um allt land og á sér 100 ára sögu á alls 24 listaverk. Þetta er ótrúlega menningarsnautt fyrirtæki.“ Hann telur eðlilegt að fyrirtæki eins og Síminn kaupi tíu listaverk á ári. Það sé ekki síður mikilvægt að huga að velferð starfsmanna en rannsóknir sýna að fólki líður betur innan um listaverk sem því líkar við. Ekki má heldur gleyma viðskiptavinunum.

Tryggvi telur að viðhorf manna geti oft verið smásálarleg. „Margir sjá ofsjónum yfir því að fyrirtæki eins og bankarnir verji fjármunum til kaupa á myndlist. Það er spurt hvað fyrirtæki eigi mörg listaverk en ekki hvað þau eiga af skrifstofubúnaði og tölvum.“

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að stefna Símans hafi aldrei beinst að því að safna málverkum. Hún staðfestir jafnframt að listaverkasafn Símans taki til um 20 verka. „Síminn gaf íslenska ríkinu nýverið fjarskiptasafn sitt við Suðurgötu. Inni í þeirri gjöf voru málverk af fyrrverandi póst- og símamálastjórum,“ segir hún.

Halldór Kristmannsson, forstöðumaður innri og ytri samskipta Actavis, segir að félagið leggi áherslu á samstarf af ýmsu tagi. Það er aðalstyrktaraðili Listasafns Íslands og hefur verið til fjölda ára. „Varðandi listaverkakaup þá höfum við ekki mótað okkur stefnu í þeim málum og kaupum ekki mikið magn,“ segir hann.

Penninn starfrækir listasjóð sem veitir styrki til ungra listamanna á hverju ári. Jafnframt kaupir fyrirtækið málverk í nokkrum mæli. **- eþa**



**MYNDLISTARKAUP**
Fyrirtæki hafa ólík viðhorf til listverkakaupa. Bankarnir eiga fjöldann allan af verkum en Síminn á aðeins um 20 verk. Tryggvi P. Friðriksson, eigandi Gallerís Foldar, finnst Síminn metnaðarlaus hvað þetta snertir.



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Vodafone Eurocall:
Sparnaður fyrir lengra komna!



Með því að skrá þig í **Vodafone Eurocall** talar þú á allt að 47% lægra verði þegar þú ferðast í Evrópu. Þjónustan er án aukagjalds.

Við skiptum Evrópu í tvö einföld verðsvæði, þannig að þú vitir alltaf á hvaða verði þú hringir.

Verðsvæði A
Upphafsgjald 0,1 €
VODAFONE NET 0,88 € á mín
ÖNNUR NET 1,00 € á mín

Verðsvæði B
Upphafsgjald 0,1 €
VODAFONE NET 1,55 € á mín
ÖNNUR NET 1,77 € á mín

Skráðu þig í **Vodafone Eurocall** með því að senda SMS skilaboðin **Eurocall** í síma 1900.

og vodafone
Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Flatir skattar njóta vaxandi hylli í heiminum.

# *Tími á nýja skattaumræðu*

**Hafliði Helgason**

Skattar eru hápólitískt mál og sjónarmiðin byggð á forsendum þess hvern menn telja höfuðtilgang þeirra.

Skattar eru tekjuöflunartæki ríkisins, en margir líta einnig til þeirra sem tekjujöfnunartækis. Tækis til þess að koma í veg fyrir að tekjubilið verði of mikið. Skattar eru einnig hagstjórnartæki og hversu mikið er innheimt af þeim hefur áhrif á heildareftirspurnina í hagkerfinu. Margir eru reyndar þeirra skoðunar að það sé ekki sniðugt að hringla með skattkerfi til þess að mæta sveiflum í hagkerfinu. Vextir Seðlabankans hafa fremur verið notaðir til slíks en skattkerfið. Lönd innan Evrópusambandsins hafa þó haft uppi tilburði til þess að beita skattprósentu í hagstjórnartilgangi, þar sem peningamálastefna evrusvæðisins er ein, en hiti í hagkerfunum getur verið mismunandi. Þannig reyndi sænska ríkisstjórnin að fá heimild til að breyta prósentu virðisaukaskatts í slíkum tilgangi, án þess að þingið þyrfti að samþykkja það, með þeim rökum að slík hagstjórnaraðgerð þyldi ekki þann aðdraganda sem þingleg meðferð hefði í för með sér. Almennt er sjónarmiðið það að ekki sé heppilegt að hringla með skattkerfið fram og til baka; að fólk og fyrirtæki viti að hverju þau gangi til lengri tíma.

**Einfaldara skattkerfi með lægri skattprósentu myndi gagnast best millitekjufólki sem lendir í jaðarskattagildru núverandi kerfis með tekjutekingu endurgreiðslu námslána, barnabóta og vaxtabóta.**

Fulltrúar atvinnurekenda hafa að undanförnu lagt mikla vinnu í rannsóknir á skattkerfinu og kynnt hugmyndir um breytingu til einföldunar á því. Þessi umræða er ekki bundin við Ísland. Þróun skatta í heiminum hefur verið í átt til þess að flatur skattur sé lagður á fólk og fyrirtæki. Þessi leið hefur verið valin af mörgum nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu. Tímaritið Economist fjallaði í síðustu viku ítarlega um flata skatta og telur blaðið reynsluna af slíku skattkerfi góða.

Verslunarráð Íslands kynnti á Viðskiptaþingi hugmyndir um fimmtán prósenta landið Ísland, þar sem skattprósentan væri ein hvort sem um væri að ræða tekjuskatt fyrirtækja eða einstaklinga, skatta á fjármagnstekjur og virðisaukaskatt. Að mati ráðsins væri slíkt til þess fallið að draga úr undanskotum frá skatti og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og þar með samfélagsins alls.

Samtök atvinnulífsins kynntu einnig í gær samanburð á skattbyrði fyrirtækja hér og í OECD-löndum. Ísland kemur ágætlega út úr þeim samanburði, þótt mismunandi sé milli atvinnugreina.

Einfaldara skattkerfi með lægri skattprósentu myndi gagnast best millitekjufólki sem lendir í jaðarskattagildru núverandi kerfis með tekjutekingu endurgreiðslu námslána, barnabóta og vaxtabóta. Einfaldara skattkerfi myndi einnig spara kostnað við eftirlit og innheimta í ríkari mæli skatta af þeim sem skjóta þeim undan nú.

Þróun í átt til flatra skatta í heiminum ætti að vera umræðunnar virði hér á landi. Slíkur skattur myndi skila sér í meiri samkeppnishæfni og bættum efnahag. Áhyggjur af misskiptingu í samfélaginu og sköttum sem tekjujöfnunartæki mega ekki verða til þess að menn missi af skilvirkasta kosti í skattkerfi. Hafi menn áhyggjur af slíku er nærtækara að leita annarra leiða til þess að tryggja öllum mannsæmandi tilveru.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is

# Kárahnjúkavandinn

ORÐ Í BELG

Andri Snær Magnason
rithöfundur



Það er mjög mikilvægt að eiga orð til að lýsa ástandi. Rétt orð skerpir hugsunina og auðveldar þar af leiðandi umræðu og skýrar lausnir á vandamálinu.

Bláa höndin er ágætt dæmi um orð sem hittir í mark. Hallærislegt fyrst en einhvernveginn nær það að orða hluti sem menn hafa ekki komið orðum yfir eða átt erfitt með að orða. Þetta verður hugtak sem er lýsandi og þá þurfa menn ekki að raða saman mörgum orðum vegna þess að þau felast öll í orðinu en það sem meira er: Með því að þjappa svona mörgum hugtökum saman í eitt orð verður til nýr veruleiki, hvort menn telja hann raunverulegan eða ekki er síðan annað mál.

Þetta hljómar kannski undarlega en það vill svo til að alvarlegt efnahagslegt ástand á Íslandi skortir skýrari orð til að auðvelda umræðuna. Ef barn fæðist á Austurlandi er það tengt við Kárahnjúkavirkjun og ef gras sprettur eða sólin skín þá er það tengt trúarlegri bjartsýni vegna Kárahnjúkavirkjunar, líka ef hús rísa, búðir opna eða göng eru boruð, jafnvel þegar flugvél lendir á Egilsstöðum. Þegar 30 manns eru ráðnir í vinnu þá kemst það á baksíður blaðanna sem jákvæð áhrif Kárahnjúkavirkjunar en þegar 300 manns eru ekki ráðnir vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar er það falið einhversstaðar inni í loðinni tölfræði hagfræðinga. Orðið Kárahnjúkavirkjun er eins og jólatré og á því hangir allskyns góðgæti eins og „uppgangur“, „áframhaldandi góðæri“ og „mikill hagvöxtur“ án þess að þau orð feli í sér að á sama tíma eru önnur fyrirtæki að verða veikari, nýgræðingar að deyja og kerfið í heild sinni að veikjast með hverjum deginum en einhver ímynduð „stoð atvinnulífs“ er að rísa.

En þegar illa gengur hjá útflutningsfyrirtækjum vegna hás gengis krónunnar er það vegna „hás gengis krónunnar“, þegar fyrirtæki segja upp eða ráða ekki fólk og lýsa því yfir að hundrað milljónir hafi tapast þá tala menn um „vegna gjaldeyrisumhverfis samkeppnigreinanna“, þar til alþýðan geispar en enginn á orð sem tengir timburmennina við vímuefnið: Kárahnjúkavandann. Krónan er óeðlilega há vegna Kárahnjúkavandans. Orðið hátt gengi krónunnar vísar ekki í heildarveruleikann á bak við hátt gengi krónunnar. Svona ættu fréttirnar að vera:

**JÖKULL Á RAUFARHÖFN SEGIR UPP 30 MANNS VEGNA KÁRAHNJÚKAVANDANS**

Að sögn stjórnenda fyrirtækisins var hagræðing nauðsynleg vegna Kárahnjúkavandans. Telja sérfræðingar að áður en yfir lýkur muni allt að 2.000 störf ekki skapast á landsbyggðinni vegna hagræðingar sem rekja má beint til Kárahnjúkavandans. Ætla má að Kárahnjúkavandinn kosti meðal togarasjómann milljón á ári og hafi auk þess afar slæm áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Sumir óttast að Kárahnjúkavandinn verði banabiti smæstu sjávarþorpanna. Bæir sem eiga allt sitt undir landvinnslu gætu orðið illa úti ef framkvæmdir halda áfram.

**KÁRAHNJÚKAVANDINN KEMUR ILLA VIÐ MAREL**

Að sögn forstjóra Marels gæti fyrirtækið þurft að segja upp miklu af hámenntuðu fólki eða færa hluta starfseminnar til útlanda vegna Kárahnjúkavandans. Ekki hefur orðið af ráðningu 50 starfsmanna sem stóð til að ráða í vetur. Samningur sem hefði gefið fyrirtækinu 90-100 milljónir króna skilar einungis um 60 milljónum vegna Kárahnjúkavandans. Að sögn forstjóra fyrirtækisins erum við að fórna doktorsprófum fyrir meirapróf en Kárahnjúkavandinn veldur fyrirtækinu kostnaðarauka sem jafnast á við að hver starfsmaður hefði fengið 40% launahækkun. Ég hefði frekar viljað hækka laun þeirra um 40% heldur en að takast á við Kárahnjúkavandann segir forstjórinn.

**FERÐAÞJÓNUSTAN LÍKIR KÁRAHNJÚKAVANDANUM VIÐ HAMFARIR**

Að sögn forsvarsmanna ferðaþjónustunnar bitnar Kárahnjúkavandinn illa á ferðaþjónustunni um allt land. Menn telja að tekjuskerðingin af þessum sökum sé allt að 30% á þessu ári og framtíðarhorfur eru dökkar enda munu þessar framkvæmdir standa yfir næstu tvö ár hið minnsta. Erlendir gestir kvarta yfir Kárahnjúkavandanum sem veldur dýrtíðinni og spyrja sig hvers vegna þeir þurfi að bera svo mikinn kostnað af stíflugerð á Austurlandi. Þegar ferðamenn komast að því að því að bjórinn kostar 10 dollara andvarpa þeir. All because of the Dam problem.

Talið er að hin meðalstóru sjávarútvegsfyrirtæki hafi tapað sem samsvarar 5 milljörðum á árinu vegna Kárahnjúkavandans, ferðaþjónustan öðru eins, og aðrar útflutningsgreinar álíka miklu. Hljómsveitin Sigur Rós fékk til dæmis greiddan milljón dollara samning um daginn, upphæðin hafði lækka' um 30 milljónir frá því að samningurinn var undirritaður. Núna getum við leyft okkur mun minna lífrænt grænmeti segir Jónsi.

Þetta er ágætt orð sem hver einasti forstjóri landsins ætti að nýta sér þegar hann þarf að útskýra uppsagnir, hagræðingu, niðurskurð eða óvænt áföll. Vegna Kárahnjúkavandans. Hagfræðingar samþykkja orðið. Hagfræðistofnun skrifar undir það. Látið það ganga.



**...ef gras sprettur eða sólin skín þá er það tengt trúarlegri bjartsýni vegna Kárahnjúkavirkjunar, líka ef hús rísa, búðir opna eða göng eru boruð, jafnvel þegar flugvél lendir á Egilsstöðum.**

UM VÍÐA VERÖLD

## *Sprækir í sportinu*

**Opinion Journal** | Stóru sjónvarpsstöðvarnar í Bandaríkjunum eiga stöðugt undir högg að sækja. Kapalstöðvarnar hafa náð til sín æ stærri hlut markaðarins enda er eftirspurn eftir fastmótuðum sjónvarpsdagskrám sífelllt minni. Í grein í netútgáfu Wall Street Journal fjallar Michael J. Wolf, sem starfar hjá ráðgjafafyrirtækinu McKinsey & Co., um horfurnar hjá stóru íþróttasamböndunum í Bandaríkjunum. Ólíkt því sem gildir um flesta aðra þætti skemmtanaiðnarins virðist sem NBA (körfubolti), NFL (amerískur fótbolti) og MLB (hafnarbolti) komi til með að halda sínum sessi eða jafnvel styrkjast þar. Ástæðan er sú að íþróttaaðdáendur sýna liðum sínum gríðarlega hollustu og eru tilbúnir að borga töluvert fyrir að fá tækifæri til að fylgjast með þeim í sjónvarpi. Framboðið af öðru sjónvarpsefni er hins vegar þess eðlis að lítið mál er fyrir áhorfendur að finna sér eitthvað nýtt ef eftirlætissjónvarpsþátturinn þeirra er tekinn af dagskrá eða þeir tíma ekki eða borga fyrir hann.

## *Nýr veruleiki með blogginu*

**Business Week** | Í vefútgáfu Business Week fjalla Stephen Baker og Heather Green um bloggbyltinguna í viðskiptum. Þau halda því fram að útbreiðsla vefdagbóka sé einhver stærsta breyting í samskiptum síðan internetið – eða jafnvel prentvélin – kom á sjónarsviðið. Þau segja að í viðskiptum í dag sé ómögulegt að horfa framhjá áhrifamætti bloggsíðna. „Það hefur tekið fyrirtæki margar aldir að finna leiðir til að hafa stjórn á almannatengslum. Nú er það hins vegar orðið ómögulegt á ný,“ segja þau. Orðspor og kjaftasögur um fólk, fyrirtæki og vörur geta nú komist til skila á skemmri tíma en nokkru sinni fyrr og því þurfa fyrirtæki að finna leiðir til að fylgjast með þeirri umfjöllun sem þau fá á bloggsíðum. Hin hliðin á peningnum er hins vegar sú að bloggið veitir innsýn í því hvað hundruð þúsunda einstaklinga eru að hugsa og þær upplýsingar geta gagnast óhemjuvel við markaðssetningu.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Samskipti Póllands og Íslands

Katrín Ólafsdóttir
skrifar

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Við fyrstu sýn virðast tengsl Póllands og Íslands á sviði efnahagsmála ekki mikil. Himinn og haf ber á milli þegar litið er til stöðu efnahagsmála í þessum tveimur löndum. Þannig er landsframleiðsla á mann þrisvar sinnum hærri hér á landi en í Póllandi. Því kemur ekki á óvart að laun eru mun hærri hér en í Póllandi. Það birtist skýrt í þeim fjölda Pólverja sem leita hingað til lands til vinnu. Nú er fimmti hver útlendingur sem býr hér á landi frá Póllandi. Annað merki þessa er að verð á þjónustu í Póllandi er mun lægra en sambærileg þjónusta á Íslandi.

Ég var á ferð í Póllandi um síðustu helgi og naut gestrisni Krakárbúa út í ystu æsar. Það er ekki annað að sjá en að Pólverjum hafi vegnað að mestu vel síðustu árin, þótt þeir eigi langt í land til að teljast meðal ríkari þjóða heims. Undanfarin ár hefur hagvöxtur verið kröftugur, eða á bilinu 4-5% sem telst mjög gott, þótt það séu heldur lægri tölur en við höfum séð hér á landi. Verðbólga er hófleg, svona rétt um 3%, og viðskiptahallinn um 2% af landsframleiðslu. Þetta bendir til þess að ágætis jafnvægi sé í þjóðarbúskap Pólverja.

Aftur á móti er staðan á vinnumarkaði ekki góð. Atvinnuleysi er mikið eða nálægt 20% af vinnuafli og við það bætist að atvinnuþátttaka er minni en víðast hvar annars staðar. Með meiri atvinnuþátttöku og minna atvinnuleysi gæti landsframleiðsla á mann aukist til muna.

Hvað gæti Ísland lagt af mörkum til að aðstoða Pólverja við að auka landsframleiðslu? Eflaust væri hægt að veita þróunaraðstoð í einhverri mynd, með beinum fjárframlögum, með aðstoð við ákveðin verkefni eða með kennslu. En í hagfræðinni er almennt mælt með því að láta markaðshagkerfið ráða, sé þess nokkur kostur. Besta leiðin gæti því verið ferðaþjónusta. Ég og ferðafélagar mínir heilluðumst af framleiðslu Pólverja, hvort sem um var að ræða leðurvörur, ullarvörur, skinnvörur eða kristal.

Með kaupum á pólskri framleiðslu styrkjum við framleiðslu á þeim vörum sem áhugi er fyrir að kaupa, aukum útflutning og um leið hagvöxt og eflum með því pólskt efnahagslíf til framtíðar. Neikvæða hliðin fyrir okkur er reyndar sú að viðskiptahalli okkar Íslendinga verður um tíma enn verri en hann er nú þegar.

Ég mun örugglega sækja Pólland heim aftur og er það einlæg ósk mín að fram að því fari hluti af hagvextinum í að laga gangstéttir Krakárborgar.

**Ég og ferðafélagar mínir heilluðumst af framleiðslu Pólverja, hvort sem um var að ræða leðurvörur, ullarvörur, skinnvörur eða kristal.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Straumur er draumur

Ég bíð eins og fleiri spenntur eftir því hvað gerist með Íslandsbanka á næstunni. Straumsmenn eru brjálaðir yfir sölunni á Sjóvá og láta örugglega sverfa til stáls. Ég skil vel að þeir séu svekktir. Karl Wernersson er með yfirburðastöðu eftir kaupin á Sjóvá.

Ég hélt reyndar fyrst eins og fleiri að Karl væri framlenging af Bjöggunum þegar hann keypti fyrst í Íslandsbanka. Þá sá maður fyrir sér að Kalli, Helgi og Orri væru að leppa bréf fyrir Landsbankann. Ég keypti slatta í bæði Landsbankanum og Íslandsbanka til að taka uppsvingið af sameiningu bankanna. Svo gerðist ekki neitt, en ég þurfti svo sem ekkert að kvarta. Spennan sá til þess að bréfin gerðu ekkert annað en að hækka. Ég vissi svo sem að það var lítil áhætta í kaupunum; hellingur í pípunum hjá öllum bönkunum.

Nú er ég búinn að koma mér vel fyrir í bæði Íslandsbanka og Straumi með von um að spennan nú búi til góðan skammtímahagnað. Straumur á bara tvo kosti núna. Annar er að ná sterkari stöðu með stuðningi Bjögganna og vina þeirra. Kæmi mér ekki á óvart að félagar Landsbankans í Sundi og TM kæmu til hjálpar. Hinn kosturinn er að gefast upp og finna kaupanda að bréfunum. Straumsmenn eru ekki líklegir til þess að leggja árar í bát. Til þess hafa þeir tekið of marga slagi á markaðnum. Ég spái því hasar og hasar þýðir að gengið hækkar.

Karl er í lykilstöðu og lætur hana ekki af hendi nema góður ágóði sé í boði. Hann er þegar búinn að taka út góðan hagnað af stöðu sinni í Íslandsbanka. Sennilega er hann að minnsta kosti búinn að fjórfalda eigið fé vegna eignarinnar í bankanum.

Spurningin sem Straumur þarf að spyrja sig er hvort og fyrir hversu hátt verð Karl og aðrir stórir eigendur í bankanum séu tilbúnir að selja hlut sinn í bankanum. Spurningin er þá jafnframt hvort hægt sé að fá verulegan framtíðarávinning út úr því verði sem gefur Straumi lykilstöðu í bankanum.

Karl, Einar Sveinsson og Jón Snorrason standa saman í bankanum, en þeir eru ekkert öðruvísi en ég að því leyti að ef verðmiðinn er nógu hár, þá selur maður. Ef það gerist fer ég út úr lyftunni á sömu hæð og þeir og leita að nýjum félögum til þess að græða með.

Spákaupmaðurinn á horninu




Ágætu viðskiptavinir!

Fjöltækni ehf hefur flutt að Súðarvogi 14, og býður pípurum á opnunarhátíð föstudagskvöldið
29. apríl eftir kl. 18.
(Gengið inn að vestanverðu).

FJÖLTÆKNI ehf.
Súðavogi 14, sími 568 7580

AURASÁLIN



# Góð afkoma – fyrir skatta

**Aurasálin fylgist vel** með atvinnulífinu og tekur sér það til fyrirmyndar í mörgu. Nú eru skuldsettar yfirtökur mjög í tísku og hefur Aurasálin fetað sömu braut og stórfyrirtækin í þeim efnum. Aurasálin fór til að mynda í skuldsetta yfirtöku á nýrri íbúð fyrir skemmstu. Viðskiptin gengu vel fyrir sig. Aurasálin fékk fjármögnun á góðum kjörum hjá banka en tók auk þess brúarlán til þess að styrkja skammtímastöðuna í verkefninu. Nú þegar hefur þessi yfirtaka skilað sér í auknu eigin fé Aurasálarinnar. Aurasálinni líður aldrei betur en þegar eigið fé hækkar.

**Aðrar skuldsettar** yfirtökur Aurasálarinnar hafa hins vegar ekki skilað sambærilegri ávöxtun. Til dæmis fór Aurasálin í skuldsetta yfirtöku á nýjum Audi fyrir tveimur árum. Fjármögnunin gekk vel í upphafi en ólíkt íbúðinni hefur þessi yfirtaka ekki skilað sér í auknu eigin fé Aurasálarinnar. Aurasálinni líður aldrei verr en þegar eigið fé lækkar.

**Þetta flúkt** í eigin fé veldur Aurasálinni því töluverðu hugarangri. Til þess að leiðrétta þessar geðsveiflur hefur hún því einbeitt sér að því að finna leiðir til þess að bæta stöðu sína á pappírunum og leitar því til hinna úrræðagóðu stórfyrirtækja, sem virðast hafa einkar gott lag á því að sjá alltaf hið jákvæða, sama hvernig þróun á eigin fé er. Aurasálin hefur tekið eftir því að fyrirtæki verða ánægðari og ánægðari eftir því sem skuldir hækka og eiginfjárhlutfall lækkar. Lágt eiginfjárhlutfall bendir til þess að bankar hafi trú á fyrirtækjum en hátt eigið fé bendir til sterkrar stöðu fyrirtækja.

**Aurasálin hefur því** ákveðið að hætta að velta fyrir sér eigin fé. Í staðinn ætlar Aurasálin að beita sjóðstreymisgreiningu á rekstur heimilisins, eða það sem betra er, að nota hina guðdómlegu EBITDA viðmiðun. Þetta kemur sér ótrúlega vel fyrir andlegt ástand Aurasálarinnar. Afkoma Aurasálarinnar fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði er nefnilega alveg geysilega góð um þessar mundir.

**Samkvæmt þessu módeli** er Aurasálin nefnilega að stórgræða bæði á bíl og íbúð – fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði. Mánaðarlegi launatékkinn skilar Aurasálinni nokkrum milljónum á ári – fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði. Mestu munar auðvitað um skattana. Afkoma aurasálarinnar fyrir skatta er frábær. Frábær, sérstaklega eftir að henni datt í hug að draga virðisaukaskattinn líka frá útgjöldunum. Það munar um minna.

# Hringiðan í miðbænum

**Arndís Björg Sigurgeirsdóttir stóðst ekki þá freistingu að láta drauminn um eigin rekstur rætast þegar við henni blasti autt hús í einu breiðgötu Reykvíkinga, Lækjargötunni. Hún lagði allt undir og stofnaði Iðu. *Hafliði Helgason* hitti hana hjá nágrannanum, Jómfrúnni, þar sem Hagkaup voru í gamla daga og Arndís hóf ferilinn í verslunarrekstri.**





**FÁIR VEIÐIDAGAR** Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Iðu, er ástríðuveiðimaður. Veiðidögunum hefur fækkað vegna anna í rekstri Iðu. Voru fjórir í fyrra, en 34 sumarið þar á undan.

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir sá möguleika í yfirgefnu húsi Top Shop í Lækjargötunni. Tómt húsið var æpandi áskorun og tæpu ári síðar ber Iða nafn með rentu. Þar er blandað saman bókabúð, veitingastað og fleiri skemmtilegri starfsemi sem eins og hún orðar það „styður hver við aðra“. Næsti nágranni er veitingastaðurinn Jómfrúin, sem býður upp á danskt smörrebröd af bestu sort. „Þetta er eini staðurinn af allri veitingaflórunni í Reykjavík sem kemst upp með það að loka klukkan sex á veturna. Svo hafa þeir opið lengur frá sumardeginum fyrsta. Samt er alltaf fullt að gera. Þeir hafa komið sér upp þessari sérstöðu og komast upp með að halda þessu svona,“ segir Arndís.

**RÁÐIÐ FRÁ BÓKUM**

Sjálf hefur Iða talsverða sérstöðu; sjálfstæð bókabúð á markaði þar sem ein stór keðja bókabúða ríkir yfir markaðnum. Sérstaðan felst líka í blöndu fyrirtækja í húsinu og þeirri sérstöku stemmningu sem hún myndar. „Ég myndi samt ekki þora að fara fram og til baka með opnunartímann.“ Hún sér líka opnunartímann sem vandamál fyrir miðborgina. „Opnunartími er of óreglulegur. Mér heyrist á kaupmönnum að þeir séu tilbúnir að fara að gera eitthvað í því. Langir laugardagar eiga að vera til tíu. Það er ekki langur laugardagur ef það er bara opið til fjögur.“ Við pöntum okkur smörrebröd og Arndís fær sér vatn en ég fæ mér pilsner. Bjór og smörrebröd passar náttúrlega vel saman, en maður er ekki vanur því að fá sér í tána í hádeginu eins og menn gera víða í löndunum í kringum okkur. „Ég verð aðeins vör við það í búðinni að fólk fær sér stundum bjór í hádeginu á föstudögum með matnum,“ segir Arndís um muninn á hádegisdrykkju hér og víða í Evrópu.

Arndís var framkvæmdastjóri hjá Máli og menningu í ár og þar áður stýrði hún verslunum Skeljungs í sex ár. „Margir réðu mér frá því að vera með bækur; það væri svo mikið mál og gæfi lítið af sér. Mér finnst að það eigi að vera hluti af svona búð. Við erum með allar bækur, gjafavöru og ritföng. Þetta passar vel saman og svo get ég leikið mér og verið með ýmislegt annað með, eins og hundafót og gert eitthvað öðruvísi til að skapa eitthvað sem er ekki eins og það sem aðrar búðir í miðbænum eru með.“ Borg eins og Reykjavík ber ekki sérverslanir í sama mæli og erlendar stórborgir, en í Iðu er hægt að koma ýmsu fyrir. „Það er möguleiki í svona búð að vera með eitthvað sem ekki stæði eitt og sér.“

**NÚ EÐA ALDREI**

Arndís segir tilurð rekstrarins þá að hana hafi lengi langað til þess að gera eitthvað sjálf. „Ég kolféll fyrir þessu húsnæði í miðbænum og sá þetta tækifæri til að blanda saman ýmsum rekstri sem hjálpaði og styddi hver annan. Ég hefði ekki þorað að stofna svona verslun á Laugaveginum.“ Hún segist hafa séð fyrir sér hvaða starfsemi ætti að vera í húsinu. Það var annað hvort að hrökkva eða stökkva. „Ef mann langar að gera eitthvað sjálfur gerir maður það ekkert mikið eftir fimmtugt.“

Arndís rekur sjálf bókabúðina Iðu, en aðrir sjá um rekstur veitingastaðarins og annarra verslana. Húsið hefur eigin stjórn sem sér um að reka það og sjá um samskipti við Stoðir, sem eiga fasteignina. „Rekstrarfélag hússins miðar að því að húsið reki sig á sléttu. Stjórn þess sér um að velja þá sem koma með starfsemi inn í Iðu. Það getur ekki hver sem er verið með rekstur hérna. Það verður að passa inn í hugmyndina um starfsemi hússins.“

**Arndís Björg Sigurgeirsdóttir**
Fæðingardagur: 11. október 1960
Maki: Bára Kristinsdóttir ljósmyndari
Á hundinn Lucky sem er 13 ára

Arndís setti sig í samband við Baug til að ræða hugmyndina og fyrirtækið ákvað að bakka hana upp. „Þeir lögðu þetta algjörlega í mínar hendur, þannig að þeir hafa ekkert komið nálægt þessu að öðru leyti en því að styrkja verkefnið og skapa forsendur fyrir hugmyndinni.“ Iða var opnuð 1. júlí í fyrra. „Hún er ennþá á bleyjunni.“ Samlíkingin við ungbörn passar ágætlega. Arndís hefur verið vakin og sofin yfir Iðu frá opnuninni. „Mesta vinnan er fyrstu þrjú árin,“ segir Arndís og viðurkennir að hún hafi brotið gegn fyrri predikunum þegar hún var hjá Skeljungi. „Þá lagði ég ríka áherslu á það við þá sem ráku Skeljungsverslanirnar að þeir yrðu að passa upp á frítímann sinn.“ Sjálf segist hún vera ástríðuveiðimaður og geta hugsað sér hvern dag yfir sumarið á árbakka með flugustöng. Fjöldi veiðidaga segir sína sögu um lítinn frítíma síðasta sumar. „Ég fór fjóra daga í veiði í fyrra en sumarið þar á undan fór ég 34,“ segir hún og brosir.

**HAGKAUP BESTI SKÓLINN**

Kúnnahópur Iðu breytist með hækkandi sól. Ferðamenn tölta um stræti og torg og túristavörurnar eru teknar fram og raðað í búðarhillurnar. „Meirihluti ferðamanna sem kemur til Íslands fer um miðbæinn. Þeir fara ekki í verslunarmiðstöðvarnar, þannig að það væri fáviska að vera ekki með túristavörur. Iða er samt fyrst og fremst hugsuð sem bóka- og ritfangaverslun fyrir Íslendinga, en þeir eru sjálfir í útlöndum eða uppi í bústað á sumrin og þá tökum við þátt í að hlúa að erlendum gestum okkar.“

Danska brauðið smakkast ljómandi vel. Rauðsprettan glæný og alveg mátulega steikt. Ég spyr Arndísi um samkeppni lítillar bókabúðar við Pennann, sem ræður langstærstum hluta bóksölumarkaðarins. „Ég finn fyrir geysilegum meðbyr. Það er fólk sem kemur til mín og segist kaupa hjá mér bæði vegna þess að það vilji styðja samkeppnina og halda lífi í miðbænum.“ Það sé þó ekki eina ástæðan, enda sé Iða vel samkeppnishæf í verði á bókum.

Miðbærinn hefur verið í lægð. „Fólk vill halda gamla bænum lifandi. Iða hóf starfsemi þegar verslun í miðbænum var í sögulegu lágmarki og margir töldu að þetta væri rangur tími til að opna búðina. Ég held að það hafi einmitt verið rétti tíminn.“

Jómfrúin er í húsi sem stendur á lóð fyrstu Hagkaupsbúðarinnar. Arndís byrjaði ung að vinna fyrir Hagkaup og hélt þar áfram eftir viðskiptanám í Gautaborg. „Ég hef alltaf sagt að námið í Hagkaupum hafi verið það besta sem ég hef komist í.“ Fyrsta atvinnuviðtalið var í Lækjargötunni fyrir rúmum tuttugu árum. „Það voru 96 sem sóttu um og fimm sem komust að. Ég fór í þrjú viðtöl. Það voru tveir sem yfirheyrðu mig. Annar þeirra heitir Magnús Ólafsson og hann vinnur með mér sem aðalbókari, þannig að við unnum fyrst saman árið 1983.“ Nú er frumkvöðullinn Arndís með rekstur á sama bletti og Pálmi í Hagkaup byggði upp stórveldi og hún sjálf steig sín fyrstu spor í verslunarstarfsemi. Segið svo að lífið fari ekki í hringi.

**„Ég finn fyrir geysilegum meðbyr. Það er fólk sem kemur til mín og segist kaupa hjá mér bæði vegna þess að það vilji styðja samkeppnina og halda lífi í miðbænum.“**

HÁDEGISVERÐURINN

## *Með Arndísi Björgu Sigurgeirsdóttur*

*framkvæmdastjóra Iðu*

### *Hádegisverður fyrir tvo á Jómfrúnni*

*H.C. Andersen:*
*Rúgbrauð með stökku beikoni, lifrarkæfu, púrtvínshlaupi, piparrót og steinselju.*
*Krabbasalat:*
*Ristað brauð með surimi, krabbasalati, spergli, eggjabátum, sítrónu og steinselju.*
*Rauðspretta:*
*Rúgbrauð með steiktri rauðsprettu, remolaði, laxarós með kavíar, handpilluðum úthafsrækjum, spergli og sítrónu.*

Drykkir
*Egils pilsner og vatn*
*Alls krónur 3.950*

MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
*settu þínar kröfur í réttar hendur*

## Dragnótaskip til sölu



Til sölu er Bjarmi BA-326, skr-1321 sem er eitt glæsilegasta og fullkomnasta dragnótarskip landsins.
Í skipinu er mjög öflugt og gott blóðgunar, slægingar og þvottakerfi úr rústfríu stáli frá 3x-stál ásamt ískrapaverksmiðju með forkælir. Krapakerfið afkastar 1100 lítrum á klukkustund af 40% þykkum ískrapa. Skipið afhendist fullbúið til veiða með nýju athugasemdalausu haffæriskírteini. Allar upplýsingar gefur, Níels A. Ársælsson í síma, 863-2692 og á e-mail: naa@simnet.is

## Netaskip til sölu



Til sölu er Steinunn Finnbogadóttir BA-325, skr-245. Skipið er eitt af bestu netaskipum landsins, mjög vel útbúið til netaveiða með nýlegu haffæriskírteini. Skipið er í fullum rekstri og er gert út frá Grindavík. Með skipinu fylgir allt netaúthald sem er um 180 pör af netum ásamt öllum búnaði sem er nánast nýr. Topp skip í fullkomnu standi. Allar upplýsingar gefur, Níels A. Ársælsson í síma, 863-2692 og á e-mail: *naa@simnet.is*

## Ertu í starfsmannaleit?



Viltu aðstoð?

Höfum mikinn fjölda af hæfu starfsfólki á skrá hjá okkur.

Veitum persónulega og góða þjónustu framkvæmda af fagfólki.

**www.radning.is**

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588-3309 • Fax: 588-3659
www.radning.is • radning@radning.is

# Við leitum að...

EJS

### Viðskiptastjóra

EJS leitar að viðskiptastjóra í fyrirtækjasölu. Sala á vörum og þjónustu EJS byggist á aðferðafræði viðskiptastjórnunar (Key Account Management). Viðskiptastjórar hjá EJS verða því í senn að þekkja vel afar fjölbreytt vöruúrval fyrirtækisins og þarfir sérhvers viðskiptavinar. Starf viðskiptastjóra í fyrirtækjasölu er krefjandi en jafnframt fjölbreytt og mikilvægt innan EJS.

**Starfssvið:**
- Stjórnun samskipta við lykilviðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Söluráðgjöf
- Tilboðs- og samningagerð
- Verkefnastjórnun
- Áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Reynsla af sölustörfum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking á tölvutækni
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

### Söluráðgjafa í Hýsingu

EJS/Hýsing leitar að söluráðgjafa. Söluráðgjafi er hluti af samhentum kjarna starfsmanna með mikla reynslu og breiða þekkingu. Söluráðgjafi verður að vera mjög kunnugur vöruframboði fyrirtækisins sem og þörfum viðskiptavina. Starf söluráðgjafa ef krefjandi en jafnframt fjölbreytt og mikilvægt innan fyrirtækisins.

**Starfssvið:**
- Söluráðgjöf
- Tilboðs- og samningagerð
- Áætlanagerð
- Verkefnastjórnun
- Vöruþróun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking á tölvutækni
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af hýsingar- og rekstrarþjónustu

### Gagnagrunnssérfræðing

**Starfssvið:**
- Viðhald og rekstur á Oracle og MSSQL gagnagrunnum og Oracle e-business suite, reglubundið eftirlit. EJS rekur og hýsir stærsta Oracle upplýsingakerfi á Íslandi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur/verkfræðingur eða sambærilegt
- Verður að hafa reynslu af gagnagrunnum
- Ríka þjónustulund og hæfni til að geta unnið sjálfstætt

### Microsoft sérfræðing

**Starfssvið:**
- Uppsetning netþjóna, hönnun og rekstur netkerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur, verkfræðingur eða sambærileg menntun æskileg. Lámarks krafa er menntun í rafeindavirkjun
- Reynsla af hönnun, uppsetningu og rekstri flóknari Microsoft lausna

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með störfunum hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# Viltu vera í sigurliði?

Stöð 2 óskar eftir að ráða **dagskrárstjóra** yfir erlendu efni.

**Starfssvið:**
- Umsjón með erlenda hluta dagskrár Stöðvar 2
- Innkaup á erlendu efni
- Virk þátttaka í að móta dagskrárstefnu Stöðvar 2 í heild sinni
- Uppröðun dagskrár

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun og/eða víðtæk reynsla á ofangreindu sviði
- Leiðtogahæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Stöð 2 er hluti af 365 - ljósvakamiðlum.

Dagskrárdeild Stöðvar 2 hefur yfirumsjón með dagskrárstefnu, framleiðslu og innkaupum á sjónvarpsefni fyrir Stöð 2.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# Hindranir eru viðfangsefni

**Félag kvenna í atvinnurekstri hélt ráðstefnu um samkeppnishæfni í breyttri heimsmynd. FKA er sex ára gamalt félag og er opið öllum þeim konum sem eiga og reka eða hafa átt og rekið fyrirtæki, einar eða með öðrum.**

Á ráðstefnu um samkeppnishæfni í breyttri heimsmynd talaði meðal annars Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, um mótlæti í viðskiptum. Hann sagði eitt af bestu ráðunum við óvæntum áföllum vera sveigjanleika í rekstri og að hindranir væru aðeins viðfangsefni. Hannes sagði stærstu hindranirnar vera innan fyrirtækjanna, svo sem framtíðarsýn og innviði þeirra. Hann sagði 11. september hafa verið lexíu í áhættustjórnun hjá Flugleiðum og að félagið hafi verið minnkað um 25 prósent með niðurskurði. Hannes sagði hagnað Flugleiða árið 2003 hafa verið jafn mikinn og samanlagðan hagnað allra flugfélaga í Bandaríkjunum.

Í máli Elínar Sigfúsdóttur, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans, kom fram að hlutverk bankanna væri fyrst og fremst að miðla fjármagni. Hún sagði vöxt fjármálafyrirtækja byggjast meðal annars á fjárþörf vaxandi fyrirtækja, fjármögnun vegna sameininga og verkefnum tengdum fjárfestingum íslenskra fyrirtækja erlendis. - dh



ÁHUGASAMIR HLUSTENDUR



**ÞAU STIGU Í PONTU** Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Katrín Óladóttir og Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals.



Markaðurinn/Valgarður

**KONUR FJÖLMENNTU Á FKA-RÁÐSTEFNUNA** Helga Björg Jónasardóttir, Anna Sigurborg Ólafsdóttir, Sigrún Guðjónsdóttir og María Másdóttir.







# Nýju húsnæði Samfélagsins fagnað

Samfélagið, eitt stærsta afþreyingarfyrirtæki landsins, fagnaði nýju húsnæði með góðum gestum. Samfélagið er rekstrarfélag Sambíóanna og Sammynda. Kvikmyndahús Sambíóanna eru sex talsins með 20 sölum. Sammyndir, sem áður hétu Sammyndbönd, annast dreifingu á DVD-diskum og myndböndum á myndbandaleigur og til sölu. Í tilkynningu frá félaginu segir að Sammyndir séu með um 60 til 70 prósent af smásölumarkaðinum hér á landi. Samfélagið er nú til húsa að Skógarhlíð 12 en hafði verið til húsa í Álfabakka í 23 ár. - dh



**GLATT Á HJALLA Í INNFLUTNINGSPARTÍ** Magnús Ólafsson, Júlíus Kemp, Árni Samúelsson og Þorvaldur Árnason.






# Oddi opnar í Borgartúni

Oddi hefur opnað verslun með skrifstofuvörur í Borgartúni. Skrifstofubyggingum hefur fjölgað hratt síðustu misseri í Borgartúni og næsta nágrenni og því segir fyrirtækið mikla þörf á verslun á þessum stað. Oddi hóf að selja pappír og rekstrarvörur til fyrirtækja árið 1985 og hefur með vörulista sínum, verslun og netverslun náð sterki stöðu á skrifstofu-markaðinum. Djúpvitur og fyndin spakmæli fólks sem hefur skarað fram úr í viðskiptum er að finna á veggjum verslunarinnar, á veggspjöldum, í auglýsingum og víðar. Meðal annars er vitnað til orða Walt Disney, John D. Rockefeller, Philip Kotler, Steve Jobs, Ingvar Kamprad og Richard Branson. - dh



**ÁHRIFAMENN ÚR VIÐSKIPTALÍFINU** Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar, Þorgeir Baldursson, forstjóri Odda, og Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans.



Markaðurinn/Páll

**STARFA HJÁ SPARISJÓÐI VÉLSTJÓRA** Anna Guðrún Jónsdóttir, Sighvatur Sigfússon og Gísli Elmar Halldórsson.



**FÖGNUÐU OPNUN ODDA** Ragnheiður Gunnarsdóttir og Sveinbjörn Egill Björnsson, stjórnarformaður Ofnasmiðjunnar.










# Rétti tíminn fyrir flata skatta

Verslunarráð Íslands hefur ætíð lagt áherslu á að kynna nýjar og oft byltingarkenndar tillögur um skipan þjóðfélagsmála. Verslunarráðið kynnti meðal annars nýlega áherslur sína í skattamálum þar sem lagt var til að tekinn yrði upp flatur skattur á Íslandi. Meðal annarra verkefna má nefna að Verslunarráðið sér um öflun gagna fyrir alþjóðlegar stofnanir sem mæla samkeppnishæfni þjóða.

**TÖLVUPÓSTURINN**
*Til Þórs Sigfússonar*
*framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands*



**Samkeppnisstaða Íslands í alþjóðlegum könnunum hefur farið síbatnandi. Hverjar eru að þínu mati helstu ástæður þessa?**
Hérlendis ríkir skilningur á að bæta samkeppnisstöðu Íslands og nokkur einhugur um að kraftmikil fyrirtæki og góð störf skapist í umhverfi þar sem eru lág skatthlutföll, lítil skriffinnska og einfalt kerfi. Nýverið buðum við hjá Verslunarráðinu (VÍ) ásamt Stofnun Sigurðar Nordal til landsins ísraelskum menningarfræðingi sem telur að rekja megi árangur okkar til þess að hér ríki athafnamenning; við hömpum athafnafólki á mörgum sviðum í stað þess að álasa því fyrir að fara ótroðnar slóðir eins og þekkist í mörgum öðrum löndum. Þess vegna erum við ein samkeppnishæfasta þjóð heims.

**Hvaða þýðingu hafa slíkar mælingar fyrir áhuga útlendinga á að stunda viðskipti á Íslandi?**
Þær hafa mikla þýðingu. Til fróðleiks má nefna að VÍ hefur tekið á móti um 30 blaða- og fréttamönnum síðastliðna þrjá mánuði sem hafa fjallað um Ísland og íslensk fyrirtæki í erlendum fjölmiðlum. Svo virðist sem allir þessir aðilar hafi vitneskju um sterka stöðu Íslands í erlendum samanburðarrannsóknum á samkeppnishæfi. Einmitt þess vegna hefur VÍ tekið að sér að vera bakhjarl World Competitiveness Report hérlendis og Doing Business sem Alþjóðabankinn gefur út.

**Hvaða skref geta stjórnvöld og athafnalíf tekið til að bæta enn samkeppnisstöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði?**
Ég er sannfærður um að stærsta einstaka breytingin sem ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa staðið fyrir og hafði afgerandi áhrif á fyrirtækjarekstur hérlendis var lækkun tekjuskatta fyrirtækja. Þá komst Ísland í fremstu röð og flótti fyrirtækja úr landi, sem víða hefur plagað háskattaþjóðir, varð aldrei til umræðu hérlendis.

**Nú hefur mikil umræða um flata skatta átt sér stað á síðustu vikum. Verslunarráðið kynnti hugmyndir um 15 prósent landið Ísland fyrir skemmstu. Telurðu einhverjar líkur á að slíkar breytingar verði gerðar á skattkerfinu á næstu árum?**
Það gefst gott færi á að hleypa þessum hugmyndum í framkvæmd. Á tíu ára ríkisstjórnarafmæli þeirra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar væri klókt af þeim að gera þetta að sínu helsta stefnumáli. Oft heyrist að skattalækkanir séu ekki skynsamlegar í góðæri. Ég vek hins vegar athygli á því að nær allar þær hugmyndir sem fram hafa komið um hvernig verja beri söluandvirði Símans snúast um að veita þessu fjármagni í opinber verkefni. Það er enginn grundvallarmunur á áhrifum þess á efnahagslífið að auka ríkisútgjöld annars vegar og að lækka skatta. Það virðist ennþá meiri pólitísk rétthugsun vera fólgin í því að tala um aukna fjármuni í heilbrigðismál eða rannsóknir fremur en að lækka skatta á launþega. Þessum viðhorfum verður að breyta. Nú gefst kjörið tækifæri til þess að lækka enn frekar skatta. VÍ hefur kynnt hugmyndir um 15% landið sem vöktu athygli hérlendis. Nú hefur tímaritið Economist gert flata skatta að forsíðuefni sínu, sem sýnir að VÍ var tímanlega með þessar hugmyndir. Íslendingar geta verið í fremstu röð á þessu sviði og hægt væri að verja söluandvirði Símans til að tryggja að róttæk breyting á skattkerfinu, sem fæli í sér lækkun virðisaukaskatts og tekjuskatts í 15% á árunum 2008-2010, kæmi til án þess að ríkissjóður yrði fyrir tekjutapi.

**Skilar aukin samkeppnishæfni Íslands sér til almennings í formi bættra lífskjara eða eiga atvinnurekendur meiri hagsmuni af þess háttar breytingum en almenningur?**
Atvinnurekendur og þjóðfélagið allt eru á sama báti. Ég held og vona að sá tími sé liðinn að litið sé á fyrirtæki og launþega sem andstæðinga. Samkeppnisstaða þjóðfélags ræðst mikið af því hvernig umhverfi bæði fólki og fyrirtækjum er búið. Það helst í hendur. Þannig munu skattar í auknum mæli hafa áhrif á það hvar fólk kýs að búa. Sem verður ekki bara spurning um þykkt launaumslagsins heldur líka um atvinnutækifærin.

**Erum við á réttri leið?**
Já, við erum á miðju blómaskeiði en hnignunartímabilið kann að vera handan við hornið ef við pössum okkur ekki. Við erum að sækja af krafti fram en um leið má benda á alvarleg dæmi um þröngsýni og andvaraleysi sem draga okkur niður. Í því sambandi má nefna aukna eyðslu ríkisins, hömlur á erlenda fjárfestingu hérlendis og þau sjónarmið að líta á Ísland sem gróskumikið landbúnaðarhérað sem ekki eigi að búa við heilbrigða samkeppni í innflutningi landbúnaðarvara.

# Stöðugleiki og markaðsfrelsi bæta stöðuna

Ísland er gjarnan í „topp tíu" þegar farið er yfir samkeppnishæfni þjóða og mat lagt á frelsi í efnahagslífinu. Staða Íslands sem vestrænt lýðræðisríki setur landið á ákveðinn stall en stöðugleiki, menntað vinnuafl og markaðsfrelsi ráða einnig miklu að mati **Sveins Agnarssonar**, sem ræddi við *Þórlind Kjartansson* um samkeppnishæfni þjóða.



Fréttablaðið/GVA

**SVEINN AGNARSSON, DOKTOR Í HAGFRÆÐI** Segir að staða Íslands sem vestræns lýðræðisríkis, stöðugleiki og aukið markaðsfrelsi hafi ýtt landinu ofar á lista yfir samkeppnishæfni þjóða.

Árlega koma út nokkrir listar yfir það sem kallað er samkeppnishæfni þjóða. Í þessum samantektum taka alþjóðlegar stofnanir, háskólar og fræðisetur saman gögn um margvíslega þætti sem snerta atvinnulífið og gefa þeim vægi. Að lokum er löndunum í könnuninni veitt heildareinkunn.

Á undanförnum árum hefur Ísland fikrað sig stöðugt ofar á slíka lista. Í síðustu könnun IMD-háskólans í Sviss var Ísland í fimmta sæti yfir samkeppnishæfni. Aðeins Bandaríkin, Singapúr, Kanada og Ástralía voru talin samkeppnishæfari en Ísland. Árið áður, í úttektinni 2003, var Ísland í áttunda sæti. Á lista World Economic Forum er Ísland nú í tíunda sæti en á þeim lista eru Finnar efstir, Bandaríkjamenn númer tvö og Svíar í því þriðja. Á listanum fyrir árið 2003 var Ísland í áttunda sæti og hefur því fallið um tvö sæti en það breytir ekki þeirri tilhneigingu að Ísland hefur óðum verið að festa sig í sessi sem eitt af þeim ríkjum sem árlega eru meðal þeirra efstu á slíkum listum.

Fræðimenn deila um mikilvægi og gagnsemi slíkra samantekta. Ekki hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að hagvöxtur sé betri í löndum sem koma vel út úr samanburði á samkeppnishæfni. Þetta segir þó ekki endilega alla söguna því lönd sem eru ofarlega á slíkum listum hafa flest skapað þegnum sínum mjög góð lífskjör í alþjóðlegum samanburði og svigrúm til kröftugs hagvaxtar því takmarkað.

**MÁLIÐ ER**
*Samkeppnishæfni Íslands*

Á lista bandarísku stofnunarinnar Heritage Foundation er löndum raðað eftir því hversu mikið efnahagslegt frelsi er til staðar. Þar er Ísland í áttunda sæti í ár og hefur einkunnina 1,76 (á þessum lista er betra að hafa lægra skor). Heritage Foundation skoðar ýmsa þætti efnahagslífsins og kemst að því að á Íslandi sé eignarréttur vel verndaður, spilling lítil, bankageirinn í góðu standi og stærstur hluti verðlagningar á markaði sé frjáls.

Það sem dregur Ísland helst niður í einkunn um efnahagslegt frelsi er stór hlutur ríkisvaldsins í landsframleiðslunni og háir skattar. Einkunn Íslands fyrir skattbyrði hefur þó batnað verulega á síðustu árum.

Sveinn Agnarsson, doktor í hagfræði, segir að mælingar á samkeppnishæfni hafi tvíþættan tilgang. Annars vegar gagnist þær stjórnvöldum til þess að átta sig á því á hvaða sviðum þurfi úrbætur og hins vegar geti upplýsingarnar gagnast fyrirtækjum sem þurfi að velja hvar þau vilji stunda viðskipti.

„Þetta eru mælikvarðar sem gefa til kynna hvernig lönd standa í samanburði við önnur lönd og hvort einhver hluti hagþróunarinnar hafi orðið eftir. Þessir mælikvarðar eru allir byggðir upp á ákveðnum þáttum en þá er hægt að átta sig á því hvort lönd eru að dragast aftur úr á ákveðnum sviðum. Eru lönd ekki nógu opin, þarf að laga eitthvað í tollakerfinu eða í fjármálakerfinu? Þarf að auka markaðsfrelsi eða eitthvað slíkt? Þannig get ég ímyndað mér að þetta geti verið gagnlegt fyrir stjórnvöld landa," segir hann.

Hins vegar getur þetta gagnast stjórnendum stórfyrirtækja sem eru að velta fyrir sér hvar þeir vilji setja niður fyrirtæki. „Þarna fá menn samanburð á tilteknum sviðum. Menn hafa kannski ekki áhuga á öllum þáttum en maður getur ímyndað sér að mælikvarðarnir nýtist fyrirtækjum þótt þau séu ekki endilega að horfa á heildina heldur tiltekin atriði," segir Sveinn.

Staða Íslands á flestum listum yfir samkeppnishæfni og efnahagsfrelsi er góð og hefur farið batnandi. Sveinn nefnir fjölmarga þætti sem stuðla að því. „Ef maður lítur á Ísland höfum við nokkur tromp á hendi. Í fyrsta lagi erum við vestrænt lýðræðisríki. Það þýðir að við erum með ákveðinn félagslegan og réttarfarslegan strúktúr eins og litla spillingu og réttarkerfi þar sem dómstólar eru óvilhallir og málsmeðferð er sanngjörn. Við erum aðilar að alþjóðastofnunum þannig að við erum þátttakendur á breiðum grundvelli í vestrænu lýðræðissamfélagi, sem setur okkur á ákveðinn pall," segir hann.

Þessu til viðbótar nefnir Sveinn að vinnuafl sé tiltölulega vel menntað á Íslandi, tölvunotkun sé útbreidd og innviðir, bæði í samgöngum og fjarskiptum, séu í góðu standi. Þá séu nálægð Íslands við hinn stóra evrópska markað og aðild að EES líklega kostir sem fjárfestar líti til.

„Ef við hugsum hvað hafi verið að gerast á síðustu árum er orðinn miklu meiri stöðugleiki en áður. Þessir tímar þegar verðbólgan var tuttugu til þrjátíu prósent eru vonandi fyrir bí að eilífu. Við erum með mjög skýra peningamálastefnu og við erum tiltölulega opið hagkerfi," segir Sveinn.

„Svo höfum við verið að taka allt fjármálakerfið. Við höfum selt ríkisbankana og stokkað upp það kerfi og gert það líkara því sem er í öðrum löndum. Ríkið hefur dregið sig mikið út úr atvinnurekstri. Við erum á mjög mörgum sviðum að fara meira inn á markaðsfrelsi og að láta markaðinn ráða. Óháð því hvaða pólitísku afstöðu menn hafa til þess er þetta þróun sem hefur átt sér stað í öðrum löndum og við eltum það," segir Sveinn Agnarsson.

**Það sem dregur Ísland helst niður í einkunn um efnahagslegt frelsi er stór hlutur ríkisvaldsins í landsframleiðslunni og háir skattar.**

# Gott að stofna fyrirtæki hér

Nýlega var einn af framkvæmdastjórum Alþjóðabankans hér á landi og kynnti samantektir bankans þar sem bornar eru saman aðstæður til atvinnurekstrar milli landa.

Í máli Simeon Djankov á fundi Verslunarráðs fyrr í mánuðinum kom fram að þótt gögn um Ísland hefðu enn ekki verið notuð í þessar rannsóknir bentu frumathuganir til að Ísland væri meðal þeirra tíu landa þar sem auðveldast væri að setja á fót og reka fyrirtæki. Hér er vitaskuld ekki átt við hvernig reksturinn sjálfur muni ganga heldur eingöngu ytri aðstæður. Jákvætt viðhorf stjórnvalda og almennings til nýsköpunar í atvinnulífi er talið mjög mikilvægt til þess að efnahagslífið sé þróttmikið. Í löndum þar sem mikil skriffinnska og tortryggni fylgir stofnun nýrra fyrirtækja er miklum mun ólíklegra að einstaklingar leggi það á sig að fara út í eigin rekstur og það hefur lamandi áhrif á efnahagslífið til langs tíma litið.

Á næsta ári verður Ísland í fyrsta sinn með á lista Alþjóðabankans og má gera ráð fyrir að stefnan verið sett á að halda sig í efstu tíu sætunum þar eins og á hinum listunum. - þk



**FRAMARLEGA Í FLOKKI** Keppni milli hagkerfa um vinnuafl og fjármagn er hörð og alþjóðlegur samanburður hjálpar bæði fjárfestum og stjórnvöldum við ákvarðanatöku.

# Atlantsskip kynna nýjan samstarfsaðila:

## FRANS MAAS GROUP

since 1890

Frans Maas  var stofnað árið 1890 og hefur það um 7.400 starfsmenn á 214 skrifstofum í 32 löndum. Frans Maas er eitt öflugasta forflutningsfyrirtækið í heiminum í dag og er helsti styrkleiki fyrirtækisins öflugt og traust flutningsnet þar sem sérhæfðar lausnir hvers viðskiptavinar eru hafðar að leiðarljósi í þjónustuframboði þess. Atlantsskip geta því boðið viðskiptavinum sínum góð verð og örugga þjónustu í gegnum flutningskerfi Frans Maas í framtíðinni.

ATLANTSSKIP

-FLYTJA VÖRUR-

Sími 591 3000 / www.atlantsskip.is

hausverk / SÍA / 5346

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**83.301** Eignarhlutur Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í Burðarási. Markaðsverðið er um 1,2 milljónir króna.

**24** Fjöldi listaverka í eigu Símans. Félagið hefur það ekki á stefnuskrá sinni að safna listaverkum.

**1** Fyrstu viðskiptin í ár með bréf Tækifæris áttu sér stað í Kauphöllinni í gær.

## BANKAHÓLFIÐ



## Ericsson frekar en Símann

Þegar þingmenn Framsóknarflokksins upplýstu um fjárhagsleg tengls sín í gær kom í ljós að enginn þeirra hefur séð ástæðu til að eiga hlutabréf í Símanum. Það er svo sem engin skylda að eiga hlutabréf í Landssíma Íslands en margir þingmenn sem sátu á þingi 2001, um það leyti er selja átti hlutabréf til almennings, voru hlessa á litlum áhuga fólks á fyrirtækinu.

Það vekur líka athygli að formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, á lítinn hlut í sænska símafyrirtækinu Ericsson. Velur hann því að fjárfesta í sænskum símaframleiðanda í stað íslenska símans. Þótt það gæti verið skynsamlegt er það ekki mjög framsóknarlegt.

Minnir þetta á frétt í Fréttablaðinu á sínum tíma þegar upplýst var að aðeins stjórnarformaður Símans sá ástæðu til að kaupa hlutabréf í útboðinu. Myndi slíkt fréttast á almennum markaði væri það til marks um að verðið væri allt of hátt eða þá að stjórnendurnir hefðu enga trú á rekstri fyrirtækisins.

## Ógeðfelld birting

**Skattstjórar hafa helst haft frumkvæðið að því að birta persónuupplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga. Er það gert með birtingu álagningar- og skattskráa ár hvert. Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði á þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna í Borgarfirði í september 2003 að slík birting væri út af fyrir sig ekki geðfelld. Hins vegar væri ekkert að því að þeir sem væru í framboði og sæktust eftir að gegna trúnaðarstörfum væru spurðir út í þessa hluti og gæfu upp ákveðna fjárhagsupplýsingar.**

## Kapítalistasöknuður

Það eru fleiri en Bretar sem undrast uppgang íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum. Blaðamaður Svenska Dagbladet gerði sér ferð til Íslands til þess að kanna jarðveginn sem þessir „ungu, óhræddu, múruðu og hungruðu“ íslensku viðskiptajöfrar, eins og það er orðað, eru sprottnir úr. Blaðamaðurinn sér merki þess að hér sé á ferðinni þjóð þar sem margt ríkmennið býr. „Fínir Benzar renna eftir götunum og borgarjeppunum fjölgar, sumir á risadekkjum,“ segir blaðamaðurinn. Hann kemst að því að opnun hagkerfisins og einkavæðing eigi stærstan þátt í undrinu og lítill heimamarkaður knýi útrásina. Undir lok ferðar sinnar hittir hann einn gagnrýninn sem er Steingrímur Sigfússon, sem segir honum að hann sakni gömlu kapítalistanna sem byggi upp sín fyrirtæki og fari vel með starfsfólkið.






*Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?*

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*

*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

## Líkamsrækt

Líkamsræktartæki nýleg og góð tæki. Hlauparbretti, hjól og o.fl fyrir fullbúna líkamsræktarstöð til sölu . Sjá myndir www.studiodan.is. Uppl. í s. 899 6698.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd gegn vöðvabólgu og streitu. Býð einnig upp á heilun. Lárus, nuddstofa, 698 0872.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Windows XP kerfisstjóranám. 63 st. á aðeins kr. 69.900. Hefst 3. maí. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

## Kennsla



Viltu upplifa ævintýri? Að sigla er ævintýri. Siglinganámskeið sumarsins ehefjast 18 maí, skráning er hafinn! Siglingaskólinn, s. 898 0599 & 588 3092

## Ökukennsla

Ásgeir Gunnarson kennir á Peugeot 407, árgerð 2005. Tek einnig í aksturs-mat og hjálpa við endurtökupróf. Sími 568 7327/862 1756.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Til sölu rúm 80*2cm. V. 2þ. Uppl. í s. 567 1203 / 898 1704.

Til sölu fallegt og vel meðfarið sófasett úr EXO, sófaborð og stór TV-skápur með góðum hirslum. Uppl. í s. 694 4170.

## Antík



**Sófasett og borð**
Glæsilegt hand-útskorið sófasett frá um 1950 (íslensk smíði) og sófaborð til sölu. Þriggja sæta sófi og tveir djúpir stólar. Nýlegt áklæði úr damaski og útskornir fætur og armar. Sófaborðið er innlagt, 95x55 cm, með bogadregnum fótum. Verð: 195.000. Upplýsingar í síma 664 8450 um helgar og eftir kl. 17:00 á virkum dögum.

## Heimilistæki

Nýr lítill ísskápur m.frystih.(H85 B55 D58) til sölu á kr.15.000. S. 661 6566

## Gefins

Svefnsófi og kommóða fást gefins. Hafið samband við Karólínu í síma 8678535.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Erum að taka upp mikið úrval af Diesel fatnaði á börn og unglinga! Athugið nýtt kortatímabil. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.



HREINGERNINGARDAGAR Í BARNAHEIM ALLT Á AÐ SELJAST 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM DISEL LEGO SKÓM RÚM OG KERRUM BARNAHEIMUR SÍÐURMÚLA 22

## Dýrahald



Nýtt kattadót frá CleoPet. Dýrabær - Hlíðasmára 9 - Kóp. sími 553-3062. Op. má - fö 13 - 18. lau 11 - 15.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Vegna flutninga þarf 7 mánaða hundur af blönduðu kyni að fá nýtt heimili. Helst í sveit. Uppl. í s. 840 4341 Kristinn.

Hundur fæst gefins á gott heimili. 1árs gamall blendingur ljúfur og góður. Uppl. gefur Ingi í s. 868 3454.

Tveir átta vikna kettlingar fást gefins, svartur högni og svört og hvít læða. Uppl. í síma 868 0375.

Boxer hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar, v. 100 þ. Uppl. í s. 845 3789 & 659 9696.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn

CORTLAND

Sérfræðingar í fluguveiði

Mælum stangir, splæsum línur og setjum upp.

Sportvörugerðin hf., Skipholt 5, s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is










## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Jörundur Jörundsson** **Áslaug Hreiðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**JÓN ODDGEIR GUÐMUNDSSON** Öll börn og unglingar á aldrinum 8 til 12 ára eru velkomin í sumarbúðirnar við Hólavatn í Eyjafirði og stendur skráning nú yfir.

**TÍMAMÓT**: SUMARBÚÐIRNAR VIÐ HÓLAVATN 40 ÁRA

# Fjörugt starf í fjörtíu ár

Ungir menn í KFUM á Akureyri höfðu forustu um að byggja hús undir sumarbúðir við Hólavatn í Eyjafirði fyrir 40 árum en búðirnar eru starfræktar af KFUM og K. Jón Oddgeir Guðmundsson á Akureyri hefur leitt starfsemina við Hólavatn undanfarna þrjá áratugi og segir hann starfið leggjast vel í sig á afmælisárinu.

Hólavatn er innarlega í Eyjafirði og eru sumarbúðirnar á skjólgóðu svæði en Jón Oddgeir og félagar hans í KFUM og K hafa gróðursett hátt í 30 þúsund skógarplöntur í nágrenni sumarbúðanna. Fyrirmyndin að búðunum var fengin frá Vatnaskógi og Vindáshlíð þar sem KFUM og K hafa rekið sumarbúðir til fjölda ára. Sumarbúðirnar við Hólavatn eru litlar og því persónulegri en stærri búðir og margir krakkanna koma ár eftir ár, segir Jón Oddgeir.

Starfið við Hólavatn hefst í júní ár hvert og stendur fram í lok júlí eða byrjun ágúst en það er ætlað piltum og stúlkum frá 8 til 15 ára. Hver hópur er viku í senn í búðunum og þar fer fram fræðsla um kristna trú og skemmtilegt umhverfi býður upp á fjölbreytta útivist. Krakkarnir stunda íþróttir, bátsferðir, veiða í Hólavatni og á heitum dögum er nokkurs konar baðstrandalíf við vatnið. Auk þess er mikið sungið í sumarbúðunum og hver dagur endar með kvöldvöku þar sem blandað er saman gamni og alvöru, segir Jón Oddgeir.

Þrátt fyrir aukið framboð af afþreyingu fyrir krakka og unglinga hafa sumarbúðirnar við Hólavatn haldið velli og verið starfræktar á hverju ári frá stofnun. Við erum nýbyrjuð að taka við skráningum fyrir sumarið og ég vona að fleiri beini börnum sínum til okkar. Við reynum að innræta börnunum góða siði og hvetjum þau til að stunda heilsusamlegt líferni og ég held að þau eigi öll að geta farið glöð og ánægð frá Hólavatni og heim til sín á ný, segir Jón Oddgeir.

kk@frettabladid.is

Kópavogslagið valið:

# Pylsa með öllu hlaut viðurkenningu

Lagið Hér á ég heima eftir Þóru Marteinsdóttur og Steinunni Önnu Sigurjónsdóttur hlaut fyrstu verðlaun í sérstakri lagasamkeppni sem efnt var til í tilefni af 50 ára afmæli Kópavogsbæjar þann 11. maí.

Kópavogslagið með hljómsveitinni Pylsa með öllu hlaut sérstaka viðurkenningu sem og Vorið í bænum eftir Jakob Viðar Guðmundsson.

Dómnefnd skipuðu Hrafnhildur Halldórsdóttir, Stefán Hilmarsson og Valgeir Skagfjörð.

Lögin ferða frumflutt á afmælishátíð Kópavogs sem haldin verður í Fífunni þann 8. maí.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**PYLSA MEÐ ÖLLU** Hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir lagið sitt Kópavogslagið.

Verða þar skemmtiatriði fyrir börn og fullorðna, ljósmyndasýning og afmæliskaka. ■

Félagsfræðingafélag Íslands:

# Foreldrahlutverk í atvinnulífinu

Viðhorf yfirmanna til fæðingarorlofs er almennt frekar neikvætt, segir Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, og einn frummælenda á opnum morgunverðarfundi sem haldinn verður af Félagsfræðingafélagi Íslands í fyrramálið á Grand Hóteli.

Er foreldrahlutverkið hindrun í atvinnulífinu – jafnvel fyrir pabba?, er yfirskrift fundarins, en þrír félagsvísindamenn munu kynna nýjar rannsóknir sínar um málefni fjölskyldunnar. Gyða Margrét fjallar um upplifun yfirmanna en einnig verður rædd fæðingarorlofstaka karla og álag í og utan vinnu. ■

CITROËN




■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.820.000 kr.
LEIGA ............. 32.300 kr.
LÁN ................ 21.837 kr.

# Mikið af því góða er best

# Veldu Citroën C4 á frönskum dögum

Gárungarnir segja franska menningu svo þróaða að orðið „magn" sé ekki lengur til í orðaforða Frakka. Þeir telja að þarna sé komin ástæða þess að franskar konur séu grannar ... og að franskir karlar góðir elskhugar. Pælingin er auðvitað orðspor Frakka um að þeir leggi meira upp úr gæðum en magni. Frakkarnir vita hinsvegar að gæði felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Og að gæði sé í raun annað orð yfir notagildi. Þess vegna eiga Frakkar Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën. Þetta skiljum við Íslendingar enda viljum við meina að mikið af því góða sé best. Hjá okkur eru mikil gæði (m)unaður. Komdu á franska daga í Brimborg. Veldu Citroën C4.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Staðalbúnaður:
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Akstурstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP spólvörn og stöðugleikastýring
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

**Komdu á franska daga í Brimborg. Upplifðu frönsk gæði. Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



■ C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö*
VERÐ......... 1.419.000 kr.
LEIGA ............. 26.900 kr.
LÁN ................ 17.056 kr.



■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö*
VERÐ......... 1.559.000 kr.
LEIGA ............. 28.200 kr.
LÁN ................ 18.845 kr.



■ C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.790.000 kr.
LEIGA ............. 31.800 kr.
LÁN ................ 21.479 kr.



■ C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.589.000 kr.
LEIGA ............. 28.600 kr.
LÁN ................ 18.606 kr.



■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.820.000 kr.
LEIGA ............. 32.300 kr.
LÁN ................ 21.837 kr.



■ Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*
VERÐ......... 1.859.000 kr.
LEIGA ............. 34.000 kr.
LÁN ................ 22.421 kr.



■ C5 X 5 gíra 1,8 117 hö*
VERÐ......... 2.060.000 kr.
LEIGA ............. 36.800 kr.
LÁN ................ 24.817 kr.



■ C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö*
VERÐ......... 2.999.000 kr.
LEIGA ............. 53.900 kr.
LÁN ................ 35.892 kr.

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.



**Heyrst hefur...**

... að Fylkismenn eigi von á tveim Argentínumönum frá argentínska liðinu Independiente í næstu viku. Leikmennirnir eru tvítugir og koma til reynslu en fá ekki strax samning þrátt fyrir langt ferðalag. Við skulum vona að Argentínuævintýri Fylkis gangi betur en hann hjá KR um árið.

**sport**

sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSLIÐ FYLKIS: LEIKMANNASÖFNUN GENGUR VONUM FRAMAR

# *Fimm sterkir leikmenn á leið í Fylki*

Það er mikið líf í Árbænum þessa dagana enda ætlar Fylkir að tefla fram meistaraflokki karla á næstu leiktíð. Gamla stórskyttan Sigurður Valur Sveinsson hefur verið ráðinn sem þjálfari hjá félaginu og Fylkir er í leikmannasmölun þessa dagana. Fjölmargir leikmenn hafa verið orðaðir við félagið á síðustu dögum en ekkert fengist staðfest.

Fréttablaðið hefur traustar heimildir fyrir því að fimm leikmenn hafi hug á að semja við Fylki og að þeir muni semja við félagið á næstu dögum. Leikmennirnir sem um ræðir eru Heimir Örn Árnason, Hlynur Jóhannesson, Ingólfur Axelsson, Guðlaugur Arnarsson og Arnar Þór Sæþórsson. Heimir og Hlynur koma frá Val en hinir þrír léku allir með Fram síðasta vetur. Nafn Valsarans Baldvins Þorsteinssonar hefur einnig verið nefnt í þessu sambandi en samkvæmt sömu heimildum gæti vel farið svo að hann gangi einnig í raðir Fylkis. Heimir Örn tilkynnti Valsmönnum í gær að hann væri hættur hjá félaginu og þegar Fréttablaðið spurði hann að því hvort hann væri á leið í Fylki var svarið einfalt: „No comment."

„Það hafa leikmenn lýst yfir áhuga á að spila með okkur en við höfum ekki samið við neinn leikmann enn sem komið er," sagði Sigurður Jensson, formaður handknattleiksdeildar Fylkis, sem fagnaði því að leikmenn sýndu áhuga á að koma til félagsins. Hann segir Fylkismenn ekki ætla að vera neina farþega í deildinni næsta vetur. „Það standa allir jafnfætis næsta vetur og nú er rétti tíminn til þess að taka þátt. Fylkishverfið fer sístækkandi og það ætti að vera grundvöllur fyrir því að reka öflugt handboltastarf hjá Fylki á komandi árum."



Það er ekki ódýrt að byggja meistaraflokk frá grunni en Sigurður segir að fjárhagslegar aðstæður séu í góðu lagi. „Við erum komnir með góða bakhjarla og viðhorfið gagnvart handboltastarfi í Árbænum er mjög jákvætt," sagði Sigurður.

**> Við mælum með ...**



... stórleik Chelsea og Liverpool í Meistaradeildinni í kvöld en það er ekki á hverjum degi sem við fáum að sjá Íslending í lykilhlutverki í undanúrslitum í stærstu knattspyrnukeppni Evrópu.

**> Við hrósum ...**



... kvennaliði Hauka í handknattleik sem sýndi Íslandsmeistaraform í gær er þær sigruðu ÍBV í Vestmannaeyjum en það hafa ekki mörg lið gert á síðustu árum. Haukastúlkur geta síðan hrifsað bikarinn af Eyjastúlkum á fimmtudag og vonandi mæta fleiri áhorfendur á þann leik en mættu á fyrsta leik liðanna í Hafnarfirði.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

APRÍL

24 25 26 **27** 28 29 30

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Ólíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Ólíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Ólíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Ólíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 17.15 **Ólíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 18.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Liverpool** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 21.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 22.00 **Ólíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 23,15 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Chelsea** og **Liverpool** í Meistaradeildinni í fótbolta.
- 00.55 **World Series of Poker** á Sýn.

# Liverpool mætir í Evrópugírnum

**Ensku liðin Chelsea og Liverpool mætast á Stamford Bridge í fyrri undanúrslitaviðureign sinni í Meistaradeildinni í kvöld. Eiður Smári Guðjohnsen verður væntanlega í byrjunarliði Chelsea í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Mikil eftirvænting ríkir á Englandi fyrir viðureign ensku liðanna í Meistaradeildinni í kvöld. Chelsea er af flestum talið mun sigurstranglegra liðið, ekki síst þegar horft er til þess að Lundúnaliðið hefur unnið alla þrjá leiki liðanna í vetur. Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir sína menn þó hvergi smeyka og segir þá munu mæta til leiks í Evrópugírnum, enda hefur liðið leikið mun betur í Meistaradeildinni en í deildakeppninni á Englandi.

**Nýtt mót**

Góðar fregnir hafa borist úr herbúðum Liverpool á síðustu dögum og nú er ljóst að liðið mætir til leiks með þá Milan Baros, Harry Kewell, Xabi Alonso og Luis Garcia í leikmannahópnum, en þeir voru allir taldir tæpir í leikinn vegna meiðsla.

„Okkur hefur gengið illa í síðustu leikjum í deildinni en Meistaradeildin er nýtt mót og þar skipta fyrri leikir engu máli. Þess vegna erum við ekki að hengja haus yfir því að við höfum tapað fyrir Chelsea í vetur, því þegar leikið er með útsláttarfyrirkomulagi eins og í Meistaradeildinni getur allt gerst. Mínir menn eru fullir sjálfstrausts eftir góðan sigur á Juventus og við ætlum okkur stóra hluti í keppninni," sagði Benitez.



**EIÐUR Á ÆFINGU** Eiður Smári GUðjohnsen sést hér teygja á æfingu með Chelsea í gær ásamt þeim Frank Lampard og John Terry. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hafði vonast til að lið sitt næði að tryggja sér enska meistaratitilinn áður en það mætti Liverpool í Meistaradeildinni, en honum varð ekki að ósk sinni. Hann sýndi hins vegar á sér nýja hlið þegar hann var spurður út í framhaldið í keppninni.

„Ef svo færi að við dyttum út myndi það gleðja mig ef Benitez og hans menn sigruðu í keppninni. Ég virði Benitez og hef átt gott samband við hann," sagði Mourinho. John Terry, fyrirliði Chelsea, á von á erfiðum leik í kvöld.

„Liverpool er gott lið með frábæra leikmenn innanborðs. Liverpool-menn hafa líka síðari leikinn á heimavelli, sem er gott fyrir þá því þar hafa þeir áhorfendur sína sem sinn tólfta mann. Vörn þeirra er líka sterk, en við höfum verið að skora mikið upp á síðkastið og því hef ég engar áhyggjur af þessum leik," sagði Terry, nýkjörinn leikmaður ársins á Englandi.

**baldur@frettabladid.is**

**LEIKIR GÆRDAGSINS**

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| AC MILAN–PSV | 2–0 |

1–0 Andriy Shevchenko (42.), 2–0 Jon Dahl Tomasson (90.).

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| WBA–BLACKBURN | 1–1 |

1–0 Kieran Richardson (32.), 1–1 Brett Emerton (64.)

*Deildabikar karla*

| | |
|---|---|
| KR–ÍBV | 2–0 |

1–0 Bjarnólfur Lárusson (43.), 2–0 Grétar Ólafur Hjartarson (81.). **KR** er komið í undanúrslit.

*DHL-deild kvenna í handbolta úrslitaeinvígi*

| | |
|---|---|
| ÍBV–HAUKAR | 24–25 (13-14) |

**Mörk ÍBV:** Alla Gokorian 9/4, Anastasia Patsiou 6, Tatjana Zukovska 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 2, Darinka Stefanovic 2, Eva Björk Hlöðversdóttir 1/1.
**Varin skot:** Florentina Grecu 23/2 (af 48/4, 48%).
**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 11, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Erna Þráinsdóttir 2, Harpa Melsted 2, Martha Hermannsdóttir 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 1.
**Varin skot:** Helga Torfadóttir 13/1 (af 27/4, 48%), Kristina Matuzeviciute 2 (af 12/2, 17%).

**Eyjakonur** töpuðu 13 boltum í seinni hálfleik og þar á meðal misstu þær boltann fimm sinnum á sjö mínútna kafla eftir miðjan hálfleikinn þegar Haukar breyttu stöðunni úr 19–19 í 19–21.

**Hanna Guðrún Stefánsdóttir** skoraði þrjú af fjórum mörkum sínum í leiknum á þriggja mínútna kafla í upphafi seinni hálfleiks og öll komu þau úr hraðaupphlaupum.

**Ramune Pekarskyte** í liði Hauka koraði öll 9 mörk sín í leiknum úr langskotum þar af komu fimm þeirra á fyrstu 11 mínútum leiksins.

Haukastúlkur komnar með aðra hendi á Íslandsmeistaratitilinn eftir góðan sigur í Vestmannaeyjum í gær:

# Fyrsti sigur Hauka í Höllinni í Eyjum

**HANDBOLTI** Haukastúlkur geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli á fimmtudag eftir að þær gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í Eyjum í gær, 24-25. Þær leiða einvígið 2–0. Leikurinn var æsispennandi allan leikinn en Haukar voru alltaf skrefinu á undan, náðu nokkrum sinnum þriggja marka forustu á meðan ÍBV komst aldrei yfir í leiknum.

„Ég er fyrst og fremst ánægður með góða baráttu í mínu liði. Við erum búnar að brjóta ísinn og vinna hérna í Eyjum, það var kominn tími til og þetta var rétta augnablikið til þess. ÍBV eru með hörkulið og eru í úrslitum af því að þær eiga að vera þar.

Við sýndum sterkan leik hérna í dag en þetta er alls ekki búið en þær þurfa að vinna þrjá leiki í röð á meðan okkur nægir einn sigur svo það má segja að við séum með yfirhöndina. Þetta er samt hættulegt augnablik hjá okkur og það er mikilvægt að klára heimaleikinn næst," sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka, en kollegi hans hjá ÍBV var ekki eins kátur.

„Við fórum illa og klaufalega með tækifæri til að koma okkur yfir í þessu leik hérna síðustu 15 mínúturnar. Við fengum hraðaupphlaup, víti og tvö, þrjú dauðafæri sem við nýttum ekki.

Svo erum við ekki að fá einn einasta dóm síðasta korterið, annars þetta góða par bara færði Haukunum þetta á silfurfati – það er einfalt mál.

Ég get tekið dæmi þegar Alla skýtur í slá er klárlega ýtt á bakið á henni og það hefði átt að vera tvær mínútur. Það er bara hver dómurinn á fætur öðrum sem er alveg fáránlegur, gjörsamlega fáránlegt," sagði Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV.

**- jiá**



**FRÁBÆR FRAMMISTAÐA** ÍBV réð ekkert við stórskyttuna Ramune Pekarskyte í Eyjum í gær en Pekarskyte skoraði 11 mörk í öllum regnbogans litum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

AC Milan í fínum málum í Meistaradeildinni:

# Lagði PSV á heimavelli

**FÓTBOLTI** AC Milan er komið með annan fótinn í úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir góðan 2–0 heimasigur gegn PSV Eindhoven.

Það voru Andriy Shevchenko og Jon Dahl Tomasson sem skoruðu mörk Milan í leiknum en mark Danans Tomasson er sérstaklega dýrmætt enda kom það á lokamínútu leiksins.

Daninn stóri var mjög sáttur í leikslok enda var AC Milan fjarri sínu besta í leiknum og mátti þakka fyrir sigurinn.

„Þetta eru frábær úrslit fyrir okkur og ef allt er eðlilegt í seinni leiknum þá förum við í úrslit," sagði Tomasson sem aldrei þessu vant skoraði ekki með skalla.

„PSV lék frábærlega í þessum leik og var betra en við. Það verður bara að játast. Bæði lið fengu ágætis tækifæri en við vorum ekki eins sterkir og þeir í kvöld. Það vantaði einhvern neista og ég veit ekki af hverju. Það virðist bara vera að ítölskum liðum henti illa að leika gegn hollenskum liðum."



**ÓTRÚLEGUR** Andriy Shevchenko var enn eina ferðina á skotskónum fyrir AC Milan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópudeild FIBA:

# Jón Arnór spilar í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson leikur í kvöld með Dynamo St. Petersburg í undanúrslitum í Evrópukeppni FIBA en liðin sem mætast á morgun eru Dynamo St. Petersburg gegn Khimki (Rússlandi) og BC Kyiv (Úkraínu) gegn Fenerbache (Tyrklandi).

Leikirnir fara fram í Istanbul í Tyrklandi og spilar Dynamo fyrri leikinn sem hefst kl. 15:45 að íslenskum tíma. Úrslitaleikurinn fer síðan fram á fimmtudag.

# Frumsýning á Evrópugerð af Grand Cherokee 2005






2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð

**Eigum á lager nokkra Jeep Grand Cherokee árg. 2005, Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð**

## Verð frá kr. 4.680.000.-

DODGE Jeep CHRYSLER Mercedes-Benz MASERATI FIAT

**Studiobilar ehf**. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 Smiðsbúð 2
210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

**www.studiobilar.is**



# Felix H. Cortez

**frá Mexíkó talar í Boðunarkirkjunni, Hlíðasmára 9, Kópavogi,**
föstudaginn 29. apríl kl 20;
laugardaginn 30. apríl kl 11;
sunnudaginn 1. maí kl 16
og miðvikudaginn 4. maí kl 20.
Felix er kröftugur ræðumaður með hrífandi boðskap sem snertir alla. Það eru allir alltaf velkomnir í Boðunarkirkjuna.
Hefur þú stillt á
**Útvarp Boðun, FM 105,5?**



**Guggu ráð:**

*Nú er rétti tíminn fyrir*



Casoron

**Heldur trjábeðum og gangstígum lausum við illgresi**

GARÐHEIMAR
ALLT Í GARÐINN
60 ÁRA REYNSLA

Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

HUGTÖK





FISKBÚÐIN HAFBERG

Nýr stór humar
Nýlagað sushi





Glæsilegt úrval fiskrétta - tilbúnir á grillið
Opið frá 10-18:15

fiskbúð sælkerans! GNOÐARVOGI 44



HARD FUN REAL LIFE

Multimedia Designer

Upplýsingafundur
Reykjavík 26. apríl
15:00 á Hótel Sögu



www.noma.nu

+45 79 320 200 - contact@noma.nu
Skovvangen 28 -DK 6000 Kolding
NORDIC MULTIMEDIA ACADEMY
NOMA


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Þrjár ógnir sumarsins

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ER EKKI HRIFIN AF GASGRILLUM.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég var búin að gleyma ógnum sumarsins. Ógnir sumarsins eru þrjár: Köngulær, geitungar og gasgrill. Ég flokkast algerlega undir allar skrækjandi stúlkukindurnar sem þola varla að sjá kónguló og hvað þá geitunga. Ég tryllist svo sem ekkert þegar ég sé könguló en þegar geitungur nálgast mig á ég það til að missa stjórn á útlimunum, fæturnir taka á rás og hendurnar sveiflast. Þetta eru bara mannleg viðbrögð, held ég. Geitungar geta jú stungið og ég hef heyrt að það sé skrambi sárt.

Varðandi gasgrillin er það kannski eitthvað sem færri kannast við. Ég þjáist af gasgrillafóbíu og höndla ekki að sjá um að kveikja á þeim. Það er eitthvað við gasið og þá staðreynd að gaskútar geta sprungið. Lengi vel sagði ég bara: „Ég kem ekki nálægt þessum skratta!“ – og þar við sat.

Ég hef hins vegar komist að því að stundum er nauðsynlegt að sigrast á fóbíunni. Það ætlaði ég mér að gera í fyrrasumar þegar foreldrar mínir hringdu heim og báðu mig um að kveikja á gasgrillinu. Úff, ég fékk alveg sting í magann en ákvað að haga mér samkvæmt aldri mínum. Móðir mín gaf mér ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig skal kveikt á gasgrilli. Jæja, ég gerði allt eins og hún sagði, skrúfaði frá gasinu, beið smá, fór svo og kveikti í og PÚFFF!! Ég get svarið það að ég sá logana sleikja mig alla í framan og hárið í um sekúndubrot.

Móðir mín hafði gleymt að segja mér að hafa grillið ekki lokað á meðan ég skrúfaði frá gasinu. Það fyrsta sem ég hugsaði var hvort ég væri búin að steikja á mér andlitið og yrði eins og skrímsli í framan það sem eftir væri. Svo var ekki en sviðalyktin var alveg ógeðsleg – minnti mig á þegar faðir minn brennir fjaðrirnar af jólagæsinni. Fullt af brenndum litlum hárum á hausnum á mér, svona krulluð. Ég fór inn í sjokki og hét því að snerta ekki þetta verkfæri djöfulsins aftur. Stærsta ógn sumarsins, að ég tel. ■

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



SJÓNVARP

# Gekkst undir nýrnaígræðslu

Gamanleikarinn George Lopez, sem hefur gert garðinn frægan í samnefndum sjónvarpsþáttum, gekkst undir nýrnaígræðslu í síðustu viku. Það var eiginkona hans, Ann, sem gaf honum nýrað sitt og eru þau hjónin að jafna sig um þessar mundir á heimili sínu í Los Angeles. Talið er að þau muni bæði ná sér aftur að fullu.

George og Ann hafa verið gift í tólf ár og eiga eina dóttur. Áður en Lopez fór í aðgerðina lauk hann tökum á sjónvarpsþáttunum auk þess sem hann lék í kvikmyndinni The Adventures of Shark Boy & Lava Girl. ■



**GEORGE LOPEZ** Gamanleikarinn úr samnefndum sjónvarpsþáttum er að jafna sig eftir nýrnaígræðslu.

FÓLK

# Hið konunglega hjónaband vinsælast

Það eru ekki Beckham-hjónin sem eru vinsælasta gifta parið meðal Breta heldur Karl Bretaprins og Camilla Parker Bowles. Þessi niðurstaða kemur heldur á óvart því fyrir fram var ekki búist við því að Karl og Camilla myndu ná miklum vinsældum miðað við þá umfjöllun sem hjónaband þeirra hefur fengið. Annað óvænt par, ofarlega á lista, er athyglissjúklingarnir Jordan og Peter Andre. Þau virðast óhemjuvinsæl meðal Bretanna þrátt fyrir að enginn virðist vita af hverju. Þau deila öðru sætinu með Madonnu og Guy Ritchie en fast á hæla þeirra koma Gwyneth Paltrow og Chris Martin, sem eru í fjórða sætinu ásamt Jude Law og Siennu Miller. Í sjötta sætinu eru síðan Cheryl Tweedy og Ashley Cole, fótboltakappi úr Arsenal. ■



**KARL BRETAPRINS OG CAMILLA** Bretarnir telja hjónaband Karls og Camillu vera mikilvægast.




**BRITNEY OG KEVIN** Spjallsíður vestanhafs eru uppfullar af vangaveltum um hvað barnið þeirra komi til með að heita

# Britney er ekki tilbúin

Það er fátt meira rætt vestanhafs en barneign Britney Spears og Kevin Federline. Britney og Kevin hafa verið önnum kafin við að neita sögusögnum um kyn barnsins síns eftir að blaðamannafulltrúi poppdívunnar gaspraði því að það væri stúlka sem Spears bæri undir beltinu. Vefsíður og spjallsvæði eru uppfull af hugmyndum um nöfn á barnið. Hafa tilgátur eins og Lynn eftir móður Spears, Vegas eftir staðnum þar sem barnið kom undir eða Miriam vegna kabbalah áhuga söngkonunnar, heyrst.

Ekki eru þó allir á eitt sáttir við þessa ráðstöfun hjónanna og hefur Shar Jackson, fyrrverandi eiginkona Kevins opinberað áhyggjur sínar vegna þessa. Segir hún Britney engan vegin tilbúna fyrir slíka ábyrgð og ber því við að börn séu engir hundar sem hægt sé að láta frá sér við minnstu erfiðleika. Þá segir hún Kevin ekki alveg vera jafn hamingjusaman yfir þessu öllu og Britney. „ Hann er búinn að skilja á árinu og eignast eitt barn. Þá er hann nýgiftur og finnst þetta vera komið nóg á einu ári,“ lét Shar hafa eftir sér í viðtali nýverið en hún virðist vera í góðu sambandi við manninn sinn fyrrverandi. ■


HELOSAN
RAKAKREM
fyrir alla fjölskylduna




EINN, TVEIR OG ÞRÍR 360.009

Mýkjandi og rakagefandi



# Olíudreifing til verktaka



Bílstjórar Atlantsolíu eru frá vinstri: Skarphéðinn Sverrisson, Sigurjón Tómasson, Rósar Aðalsteinsson, og Rögnvaldur Kristbjörnsson.



Atlantsolía býður verktökum þjónustu sína með bæjarbílum.

Með einu símtali færð þú samband við bílstjórann þinn og pöntun liggur fyrir. Atlantsolía hefur yfir að ráða úrvals bílstjórum og bílaflota.

**Pöntunarsími:**

**825-3100**

hausverk / SÍA / 5376

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

**!** **Kl. 16.15**
*Málstofa verður haldin í Kennaraháskóla Íslands þar sem fjallað verður um* ***menntunarhlutverk sögunnar****.* ***Jón Árni Friðjónsson*** *framhaldsskólakennari og doktorsnemi við KHÍ flytur erindi um „Menntun og sögulega vitund“.* ***Þorsteinn Helgason*** *dósent í sagnfræði og kennslu samfélagsgreina við KHÍ flytur erindi um „Sögu mína og heimsins“.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sumartónlist í Skálholti

Dagskrá Sumartónleikanna í Skálholti næsta sumar hefur nú verið kunngerð og kennir þar fjölskrúðugra grasa eins og jafnan áður. Fyrsta tónleikahelgin verður 2. og 3. júlí, en síðan verður haldið áfram næstu fjórar helgar og síðustu tónleikarnir verða sunnudaginn 7. ágúst.
Sigurður Halldórsson sellóleikari hefur tekið við af Helgu Ingólfsdóttur sem tónlistarstjóri hátíðarinnar, en Helga hafði gegnt því hlutverki í þrjátíu ár þegar hún kaus að hætta á toppnum síðastliðið sumar.
Á tónleikunum í ár verður sérstaklega minnst tveggja alda ártíðar tónskáldsins Luigis Boccherinis, en staðartónskáld í ár verða þau Anna S. Þorvaldsdóttir, Gunnar Andreas Kristinsson, Hugi Guðmundsson og Þóra Marteinsdóttir ásamt Jórunni Viðar.
Meðal flytjenda má nefna söngvarana Ágúst Ólafsson, Eyjólf Eyjólfsson, Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur, Hlín Pétursdóttur og Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur, breska blokkflautukvintettinn Fontanella, sönghópana Hljómeyki og Voces Thules, að ógleymdri Bachsveitinni í Skálholti sem hefur verið ein af helstu skrautfjöðrum sumartónleikanna allt frá því hún var stofnuð árið 1986 fyrir tilstilli Helgu Ingólfsdóttur.



### EKKI MISSA AF…

... leiksýningunni **Mýrarljósi** í Þjóðleikhúsinu með **Halldóru Björnsdóttur** í aðalhlutverki. Leikritið er eftir írska höfundinn **Marinu Carr**, en leikstjóri er **Edda Heiðrún Backman**.

... **Híbýlum vindanna**, leikgerð **Bjarna Jónssonar** eftir Vesturfarasögu **Böðvars Guðmundssonar** í Borgarleikhúsinu.

... tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** annað kvöld þar sem **Kristinn Sigmundsson** syngur hlutverk Mefistófelesar í **Fordæmingu Fásts** eftir Berlioz.






**EKKI MAÐUR HELDUR DÍNAMÍT** Margrét Vilhjálmsdóttir og Hilmir Snær Guðnason í hlutverkum sínum.

# Nietzsche og systir hans

„Hún er eins og allar nornirnar í Grimmsævintýrunum samanlagt, þessi hryllilega kona,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona um Elísabetu, systur heimspekingsins Friedrichs Nietzsche. Margrét fer með hlutverk hennar í leikritinu Dínamít sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

„Hún falsaði pappíra eftir bróður sinn, breytti heimildum og tekur alla hans heimssýn og snýr upp á hana þannig að hún verður ágætis fóður fyrir nasismann og fasismann í Evrópu.“

Leikritið Dínamit er nýjasta afurð Birgis Sigurðssonar, sem er eitt fremsta núlifandi leikskáld okkar. Nafn leikritsins er fengið úr setningunni „Ég er ekki maður. Ég er dínamit,“ sem Nietzsche skrifaði einhvers staðar. Byltingarkenndar hugmyndir hans um trúarbrögð, siðferði og heimspeki höfðu gífurleg áhrif á komandi kynslóðir.

Verk Birgis fjallar um manninn á bak við hugmyndirnar, ólgandi lífsást hans, sársauka og snilld og afdrifaríkt afskipti systur hans, Elísabetar, af lífi hans og starfi.

Með hlutverk Nietzsches fer Hilmir Snær Guðnason, en leikstjóri er Stefán Baldursson.

„Auðvitað er líka ótrúlega gaman að leika þetta illmenni,“ segir Margrét, og tekur fram að Elísabet hafi hreint ekki verið ein um að misskilja hugsun Nietzsches á sínum tíma. Hann var langt á undan sínum tíma££ og svo eru þeir alltaf í samræðum hver við annan, þessir heimspekingar. Ef fólk hefur ekki kynnt sér allar þessar stefnur þá er ekkert auðvelt að átta sig á því hvað hann var að fara.“

Leikhópurinn hefur í undirbúningi sínum kynnt sér töluvert hugsun Nietzsches, lesið verk hans og meðal annars horft á gagnmerka heimildarmynd frá bresku sjónvarpsstöðinni BBC, þar sem fjallað er um Elísabetu og áform eiginmanns hennar um að stofna þýska nýlendu í Paragvæ.

„Hún hélt til Paragvæ ásamt manni sínum og það varð kveikjan að þessu leikriti. Við fylgjumst með Elísabetu bæði fyrir og eftir þessa ferð.“

Með önnur hlutverk í sýningunni fara Brynhildur Guðjónsdóttir, Björn Thors, Baldur Trausti Hreinsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Guðrún S. Gísladóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ívar Örn Sverrisson, Kjartan Guðjónsson, María Pálsdóttir og Jóhannes Haukur Jóhannesson sem leikur nú sitt fyrsta hlutverk í Þjóðleikhúsinu. ■




BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Fi 28/4 kl 20 - UPPSELT,
Fö 6/5 kl 20 - AUKASÝNING,
Fö 20/5 kl 20 - AUKASÝNING,
Fö 27/5 kl 20 - AUKASÝNING,
Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 1/5 kl 14 - UPPSELT Su 1/5 kl 17,
Fi 5/5 kl 14, Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14,
Lau 14/5 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

TERRORISMI
e. Presnyakov bræður
Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20, Fö 6/5 kl 20,
Fi 12/5 kl 20,

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Fö 29/4 kl 20 - UPPS., Lau 30/4 kl 20 - UPPS.,
Su 1/5 kl 20 - UPPS., Mi 4/5 kl 20 - UPPS.,
Fi 5/5 kl 20 - UPPS., Fö 6/5 kl 20 - UPPS.,
Lau 7/6 kl 20 - UPPS., Su 8/5 kl 20 - UPPS.,
Fi 12/5 kl 20

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fi 28/4 kl 20 - Aukasýning

RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ
e. Önnu Reynolds.
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.
Lau 30/4 kl 20, Fö 6/5 kl 20, Lau 7/5 kl 20

DANSLEIKHÚSIÐ
fjögur tímabundin dansverk
Su 1/5 kl 19:09 Síðasta sýning

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

# Örn Árnason syngur einsöng

Karlakórinn Þrestir í Hafnarfirði heldur vortónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði bæði í kvöld og annað kvöld. Þriðju tónleikarnir verða síðan á laugardaginn í Neskirkju.

Jón Kristinn Cortez, stjórnandi kórsins, segir að þetta séu hefðbundnir karlakórstónleikar. Þeir byrji á alíslensku efnisvali sem er fram að hléi en eftir hlé er efnisval mun léttara og eftir ýmsa höfunda, innlenda sem erlenda.

Örn Árnason leikari og Spaugstofukarl kemur fram sem einsöngvari með kórnum, „þó ekki sem Bogi róni, því Örn syngur þar á alvarlegri nótum, svo sem í rússneska þjóðlaginu Ökuljóð.“

Síðasta ár var mjög viðburðaríkt hjá Karlakórnum Þröstum. Kórinn fór á kóramót í Wales í júnímánuði og síðan tóku við strangar æfingar vegna ferðar til New York þar sem sungið var „Elija“ eftir Mendelssohn í Carnegie Hall ásamt fleirum flytjendum undir stjórn Garðars Cortes. ■



**KARLAKÓRINN ÞRESTIR Í NEW YORK** Spaugarinn Örn Árnason syngur einsöng á vortónleikum karlakórsins Þrasta.

# Sjaldheyrð píanótónlist

„Ég hef verið að læra hjá Halldóri Haraldssyni. Ég held að hann hafi kennt flestöllum íslenskum píanóleikurum,“ segir Helgi Heiðar Stefánsson píanóleikari, einn þeirra níu tónlistarnema við Listaháskólann sem eru að útskrifast í vor. Útskriftartónleikar hans verða í kvöld í Salnum í Kópavogi, þar sem hann flytur verk eftir Bach, Mozart, Chopin, Scriabin, Prokofief og Liszt.

„Ég valdi bæði verk sem ég hef gaman af og svo ákvað ég líka að taka alveg óþekkt verk sem hafa sennilega aldrei verið flutt á Íslandi áður.“

Þessi sjaldheyrðu verk eru eftir Scriabin og Prokofief, en á tónleikunum má einnig heyra alþekktar tónsmíðar á borð við Prelúdíu og fúgu í e-moll eftir Bach, Vals í ges-dúr eftir Chopin og Liebestraum eftir Lizst.

Að lokinni útskrift fara flestir nemendur áfram til útlanda í framhaldsnám, en Helgi Heiðar segist vera svolítið tvístígandi með það.

„Ég er að sækja um kennaranámið við Listaháskólann og verð í því næsta vetur. Eftir það sé ég til hvort mig langar í frekara nám. Það eru ekkert endilega allir sem vilja vera einhverjir stórsnillingar.“

Helgi Heiðar er fæddur árið 1980. Hann kláraði Tónlistarskólann á Akureyri með einleikstónleikum 2001 og stundaði svo nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík í einn vetur. Haustið 2002 innritaðist hann í Listaháskóla Íslands þaðan sem hann útskrifast nú í maí. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HELGI HEIÐAR STEFÁNSSON PÍANÓLEIKARI** Heldur útskriftartónleika sína í Salnum í kvöld.

# Aldrei fleiri í Borgarleikhúsið

Aðra vikuna í röð hefur verið sett nýtt aðsóknarmet í Borgarleikhúsinu. Í síðustu viku komu 5.410 gestir í húsið og hafa aldrei fleiri gestir komið í húsið á einni viku. Alls höfðu gestir úr 26 mismunandi viðburðum að velja í leikhúsinu þessa viku.



Auk fjölsóttra sýninga á Stóra sviðinu sem eru Híbýli vindanna, Héri Hérason og Draumleikur hóf Kalli á þakinu eftir Astrid Lindgren göngu sína og fylltu áhorfendur hans Stóra salinn fjórum sinnum.

Þá voru fimm uppseldar sýningar í röð á einleik Eddu Björgvinsdóttur, Alveg brilljant skilnaður, í kaffileikhúsinu á þriðju hæðinni.

Dansleikhúsið frumsýndi fjögur tímabundin dansverk á Nýja sviðinu og þar voru einnig sýningar á Segðu mér allt og Terrorisma, sem leikhúsið hefur nýlega hafið sýningar á. Á Litla sviðinu voru Ausa, Svik og Riðið inn í sólarlagið. Einnig var þar uppskeruhátíð hjá Leik- og söngskólanum Sönglist, sem starfræktur eru í Borgarleikhúsinu.

Vorið er sömuleiðis uppskerutími hjá ballettskólum og langflestir þeirra hafa sínar nemendasýningar í Borgarleikhúsinu, en Ballettskóli Sigríðar Ármann var einmitt með tvær sýningar á Stóra sviðinu í síðustu viku. ■






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

24 25 26 **27** 28 29 30

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Karlakórinn **Þrestir** í Hafnarfirði heldur vortónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði. **Örn Árnason** leikari syngur einsöng með kórnum, en stjórnandi er **Jón Kristinn Cortez**.

☐ 20.00 Þriðju útskriftartónleikar tónlistardeildar Listaháskóla Íslands í vor verða í Salnum í Kópavogi. **Helgi Heiðar Stefánsson** píanóleikari flytur verk eftir J.S.Bach, Mozart, Chopin, Scriabin, Prokofiev og Liszt.

☐ 20.30 Vortónleikar **Álafosskórsins** verða haldnir í samkomusal Varmárskóla í Mosfellsbæ. **Helgi R. Einarsson** stjórnar, **Viktor Guðlaugsson** syngur einsöng og **Arnhildur Valgarðsdóttir** leikur á píanó.

☐ 22.30 **Mike Pollock** spilar og syngur á Café Rosenberg.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Dínamít**, nýtt verk eftir **Birgi Sigurðsson** um heimspekinginn Friedrich Nietzsche, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Fjöllistadúettinn **Hundur í óskilum** treður upp á Næsta bar. Það eru þeir **Hjörleifur Hjartarson** og **Eiríkur Stephensen** sem prýða þennan dúett.

### FUNDIR

☐ 16.15 **Jón Árni Friðjónsson** og **Þorsteinn Helgason** flytja erindi á málstofu um **menntunarhlutverk sögunnar**, sem haldin verður í Skriðu, fyrirlestrasal Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð.

### SAMKOMUR

☐ 20.00 Útgáfu **Árbókar Ferðafélags Íslands** 2005 verður fagnað hjá Ferðafélaginu í Mörkinni 6. Þá verður kynning á Árbókinni í máli og myndum, þar sem **Hjörleifur Guttormsson** höfundur bókarinnar fer yfir svæðið sem bókin fjallar um.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




Vornámskeið hefst 30. apríl

Upplýsingar í síma: 561 5620

Ballettskóli Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Félag íslenskra listdansara

Vatnsmýri :skipulag

Aðferð og nálgun við gerð skipulags

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Opinn fundur stýrihóps um skipulag Vatnsmýrar

Ávarp borgarstjóra
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Staða skipulags í Vatnsmýri
Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi

Tillaga að vinnu- og samráðsáætlun
Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs

Höfuðborg nýrrar aldar, skipulagssýning
Ágústa Kristófersdóttir, Listasafni Reykjavíkur

Hugmyndir um form á samkeppni
Pétur Ármannsson, arkitekt

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjórn
Salvör Jónsdóttir, sviðstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur

Tjarnarsalur Ráðhússins, kl. 17:00 fimmtudaginn 28. apríl 2005

:Hátækni
:Þekking
:Miðborg
:Mannlíf

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

29. apríl kl. 20 - Frumsýning
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning
Ath. Aðgangur ókeypis

DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar
Otello eftir Verdi
Laugardaginn 30. apríl kl.14.00-17.30. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang).
Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

KERAMIK fyrir íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

2 x 5 daga námsk. 17.-21.maí og 12.-16. sept. 2005. Kennt daglega kl.9-15. 78 kennslustundir - 3 einingar á framhaldsskólastigi.

Þetta námskeið er ætlað byrjendum í faginu en fólk sem nokkra tilsögn hefur hlotið getur einnig nýtt sér námskeiðið.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nánari upplýsingar í s:5511990 og á heimas. www.myndlistaskolinn.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

DÍNAMÍT
FRUMSÝNING Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson
Tónlist: Jóhann Jóhannsson Myndvinnsla: Arna Valsdóttir Lýsing: Páll Ragnarsson Búningar: Filippía I. Elísdóttir Leikmynd: Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir Leikstjóri: Stefán Baldursson
Leikendur: Hilmir Snær Guðnason, Margrét Vilhjálmsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Björn Thors, Baldur Trausti Hreinsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Guðrún S. Gísladóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ívar Örn Sverrisson, Kjartan Guðjónsson, María Pálsdóttir og Jóhannes Haukur Jóhannesson.
Frumsýning í kvöld mið. 27/4 uppselt, 2. sýn. fös. 29/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 1/5 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 5/5 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 6/5 örfá sæti laus, 6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus.

MÝRARLJÓS - Marina Carr
Fim. 28/4 örfá sæti laus, sun. 8/5 örfá sæti laus.
Aðeins þessar tvær sýningar eftir!

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Lau. 30/4 uppselt, lau. 7/5 uppselt, fim. 12/5 uppselt, fös. 13/5 uppselt, fös. 20/5, sun. 22/5. Sýningum fer fækkandi í vor.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Sun. 1/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, mán 2/5. kl. 13:00 uppselt, sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 uppselt, lau. 28/5 kl. 14:00.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
Fim. 28/4 örfá sæti laus, fös. 29/4 nokkur sæti laus, sun. 1/5. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh
Fös. 29/4 nokkur sæti laus, aukasýning sun. 1/5, fim. 5/5 örfá sæti laus, fös. 6/5 örfá sæti laus, mið. 11/5 nokkur sæti laus, lau. 28/5 uppselt.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200
















■ SJÓNVARP



**FYRRVERANDI HJÓN** Jennifer Aniston gekk í gegnum erfiðan skilnað á dögunum við Brad Pitt.

# Vinkonur verða nágrannar

Leikkonan Jennifer Aniston, sem er þekktust sem Rachel úr sjónvarpsþáttunum Friends, hefur keypt sér nýtt hús við hliðina á vinkonu sinni Courteney Cox Arquette, sem lék Monicu í sömu þáttum.

Húsið er staðsett á Malibu og kostaði Aniston litlar 600 milljónir króna. Aniston hefur verið að jafna sig undanfarið eftir erfiðan skilnað við leikarann Brad Pitt og hefur Cox stutt dyggilega við bakið á vinkonu sinni. „Þær hafa alltaf verið nánar en undanfarið hefur Courteney passað vel upp á hana. Fyrir það verður Jen ævinlega þakklát,“ sagði heimildarmaður dagblaðsins Grazia. ■

■ SJÓNVARP

# 350. þátturinn í loftið

350. þátturinn um Simpson-fjölskylduna verður sýndur í Bandaríkjunum á sunnudag. Um þessar mundir er að ljúka 16. þáttaröðinni um þessa fyndnu fjölskyldu og virðast vinsældirnar síður en svo vera að dvína. Hafa þeir leikarar sem ljá persónum þáttarins raddir sínar þegar skrifað undir samning um að gera þrjár þáttaraðir til viðbótar.

Áður en þetta ár verður á enda mun Simpson-fjölskyldan komast fram úr sápuóperunni Dallas sem endaði í 357 þáttum á sínum tíma. Enn á fjölskyldan þó eftir að slá út þættina My Three Sons sem endaði í 380 þáttum og The Adventures of Ozzie & Harriet sem náði 434 þáttum. ■



**THE SIMPSONS** Simpson-fjölskyldan hefur notið gríðarlegra vinsælda undanfarin ár.







# Stuð á kamrinum

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**



**OUT HUD**
LET US NEVER SPEAK OF IT AGAIN

**NIÐURSTAÐA**: Þrír liðsmenn !!! (tjikk, tjikk, tjikk) starfa líka í þessari sveit Out Hud sem var að gefa út aðra breiðskífu. Elektróník fyrir þenkjandi fólk sem veit ekkert betra í heiminum en að tapa sér í dansi.

Aðdáendur !!! (borið fram sem tjikk, tjikk, tjikk) fá óvæntan glaðning með sveitinni Out Hud. Fyrir þá sem ekki vita þá er nafn sveitarinnar enska heitið yfir kamar. Í fyrra gaf !!! út partíplötu ársins og núna snúa þrír liðsmenn sveitarinnar aftur með þetta stórkostlega hliðarverkefni sitt sem er víst örlítið eldri sveit.

Það fer ekkert á milli mála að þetta er smíðað í sama skúr og !!! starfar í. Hljómurinn er eins, aðallega vegna þess að í þessari sveit er sami frábæri bassaleikarinn, forritarinn og annar gítarleikaranna. Auk þeirra eru tvær skvísur sem spila á selló, hljómborð og syngja til skiptis. Svo er víst trommumaskína í sveitinni sem liðsmenn kalla Phyllis.

Þetta er ekki jafn sveitt tónlist og fyrsta plata !!!, Louden Up Now, er. Hér er meiri áhersla lögð á melódíu og skringilegheit. Þannig er hægt að segja að það sé meira um íslenskt krútt hér, þó svo að grúfið hér sé ennþá jafn dáleiðandi. Þau minna líka töluvert meira á sænsku sveitina The Knife eða jafnvel Moloko. Þetta er tónlist ekki ýkja langt frá því sem Trabant eru að gera hér heima.

Hér er augljóslega mikil vinna á bakvið við hvert lag og það er búið að láta þessa elsku liggja vel í tunnunum áður hún var látin í flöskur. Þess vegna er hún svona svakalega bragðgóð og áhrifin stuðandi. Skyldueign.

**Birgir Örn Steinarsson**






| ÁLFABAKKI | |
|---|---|
| SAHARA | KL. 3.30-6-8-10.30 |
| SAHARA VIP | KL. 4.45-8-10.30 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 4-6-8-10 |
| SVAMPUR SVEINSSON enskt tal | KL. 4-6-8.30-10.30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4-6 |
| THE PACIFIER | KL. 4-6-8-10 |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 8-10.30 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SAHARA | KL. 8 |
| BOOGEYMAN | KL. 8-10 |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | KL. 10.30 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SAHARA | KL. 6-8-10.20 | |
| SVAMPUR SVEINSSON | KL. 6 | |
| GARDEN STATE | KL. 8 | B.I. 16 |
| THE MOTORCYCLES DIARIES | KL. 10 | |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| THE ICE PRINCESS | KL. 6-8-10 | |
| SAHARA | KL. 6-8-10.30 | |
| BOOGEYMAN | KL. 8.30-10.30 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 6 | |

SAMBÍÓIN

Iceland International Film Festival
7. – 30. apríl 2005
Háskólabíó




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| The Motorcycle Diaries | kl. 5.30 og 8 | | A Hole in my Heart | kl. 10.30 | b.i. 16 |
| 9 Songs | kl. 10.30 | b.i. 16 | Maria Full of Grace | kl. 6 og 10 | b.i. 14 |
| Garden State | kl. 5.45 og 8 | b.i. 16 | Napoleon Dynamite | kl. 8 | |
| Beautiful Boxer | kl. 10.15 | | Don't Move | kl. 10.20 | b.i. 16 |
| Beyond the Sea | kl. 5.30 | | Million Dollar Baby | kl. 5.30 | b.i. 14 |
| Vera Drake | kl. 8 | | Life and Death of Peter Sellers | kl. 8 | |


## KVIKMYNDIR



**HITCHCOCK** Alfred Hitchcock er þekktur sem meistari spennumyndanna.

# Fuglar Hitchcock fljúga á ný

Viðræður eru í gangi um að endurgera hina klassísku kvikmynd Alfreds Hitchcock, The Birds, frá árinu 1963. Framleiðandinn Universal Pictures er að undirbúa myndina sem verður byggð á samnefndri smásögu eftir Daphne Du Maurier, þeirri sömu og meistari spennumyndanna var undir áhrifum frá á sínum tíma.

Tippi Hedren sem fór með aðalhlutverkið í fyrri myndinni sem fjallaði um hóp illvígra fugla sem lagði heilan smábæ undir sig og gerði íbúunum þar lífið leitt. Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Universal endurgerir mynd eftir Hitchcock, sem á sínum tíma var á samningi hjá fyrirtækinu. Árið 1998 leikstýrði Gus Van Sant endurgerð á Psycho fyrir Universal en á sama ári sendi Warner Bros. og Koppelson Entertainment frá sér myndina A Perfect Murder sem var byggð á samnefndu leikriti sem Hitchcock notaði sem innblástur fyrir mynd sína Dial M for Murder. Warner Bros. er einnig að undirbúa endurgerð myndarinnar Strangers on a Train um þessar myndir. Sú mynd verður byggð á bók Patriciu Highsmith, sem Hitchcock notaðist einnig við á sínum tíma. Svo virðist sem spennumyndir séu vinsælar í Hollywood um þessar mundir því myndin The Amityville Horror hefur halað inn mikinn fjölda áhorfenda á fyrstu tveimur vikum sínum á hvíta tjaldinu. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin **Jamiroquai** mun spila á sínum fyrstu tónleikum í fjögur ár í júlí. Ásamt henni koma fram Amy Winehouse, Har Mar Superstar og Paul Oakenfeld. Ný plata hljómsveitarinnar, Dynamite, kemur út þann 20. júní. Smáskífan Feels Just Like It Should kemur út þann 6. júní.





**Jude Law** hefur kýlt niður sögusagnir þess eðlis að hann ætli sér að flytja til New York með unnustu sinni, **Siennu Miller**. Slúðurblöð sögðu nýlega frá því að parið hygðist flytja til New York til þess að flýja bresku pressuna. Jude segist hins vegar aldrei munu flytja frá Bretlandi því hann gæti ekki hugsað sér að búa í öðru landi en börnin sín þrjú, Rafferty, Iris og Rudy. „Ég á börn í London sem ég elska og vil vera nálægt. Af hverju í ósköpunum ætti ég að flytja til New York?“ sagði hann.


Keramik fyrir alla

**Barnaafmæli**
**Bekkjarferðir**



**Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.**
**Tilboðspakkar**
**Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.**
**Hópstærð 8-25**
**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

!
Talstöðin
FM 90,9


## SJÓNVARP

# Síðasta Ópið í kvöld

Síðasti Óp-þátturinn í bili verður í Ríkissjónvarpinu í kvöld og verður hann í þetta skiptið allur í beinni útsendingu. Þeir sem hafa komið fram í þættinum í vetur hafa fengið boð um að vera viðstaddir útsendingu þáttarins, sem verður á dagskrá klukkan 21.00.

Í þættinum verður meðal annars vinsælasta lagið sem hefur verið samið í vetur verðlaunað en netkosning hefur staðið yfir undanfarið og liggja nú úrslitin fyrir. Að sögn Þóru Tómasdóttur, eins af umsjónarmönnum þáttarins, verður reynt að smala þeirri hljómsveit saman sem ber sigur úr býtum og hún látin spila sigurlagið. Einnig verður haldin danskeppni þar sem færustu og efnilegustu dansarar landsins koma fram auk þess sem sigursveit Músíktilrauna, Jakobínarína, stígur á stokk.

Þóra játar að gaman hafi verið að vinna við Ópið í vetur. „Þetta er búið að vera rosalega skemmtilegt. Það hefur verið gaman að fá að hrærast í því sem er að gerast í unglingamenningunni,“ segir Þóra, sem mun starfa á fréttastofu útvarps í sumar.

Meðstjórnendur Þóru í þættinum, þau Ragnhildur Steinunn og Kristján Ingi, hafa líka fundið sér starfsvettvang. Ragnhildur verður í leikritinu Kalli á þakinu og Kristján Ingi mun að öllum líkindum starfa fyrir Kópavogsbæ. ■



**ÓP** Síðasti Óp-þátturinn verður í Ríkissjónvarpinu í kvöld. Meðal annars verður vinsælasta lagið verðlaunað.


BÍÓTILBOÐ
Frá kl. 8 til 11 á kvöldin






# VIÐ TÆKIÐ

## Flökkueðlið og fjarstýringin

**FREY GÍGJU GUNNARSSYNI** FINNST FJARSTÝRINGIN VERA ÓMISSANDI HLUTUR AF SJÓNVARPSMENNINGUNNI

Fjarstýringin er ómissandi hlutur af sjónvarpsmenningunni. Eflaust muna margir eftir mömmu Axels í Sódómu Reykjavík sem varla gat hugsað sér að draga andann án hennar. Hún hótaði að sturta niður fiskunum hans ef fjarstýringin fyndist ekki. Myndin er gott dæmi um það hversu illa fer ef fjarstýringin týnist.

Ég á vin sem haldinn er flökkueðli. Ekki í þeim skilningi að hann haldist ekki á einum stað heldur þarf hann sífellt að vera á flakki milli stöðva. Þetta fór einu sinni úr böndunum þegar hann taldi sig búa yfir þeirri skyggnigáfu að geta séð fyrir hvenær eitthvað var að gerast í fótboltaleik. Hann var á flakki milli stöðva þegar Eiður Smári skoraði þrennu í leik. Okkur tókst ekki að sjá eitt af mörkunum. Hann tók sig á eftir það og hefur lagast stórlega. Er samt enn haldinn flökkueðlinu með fjarstýringunni.

Skjár Einn býður upp á tilvalda æfingu fyrir þá sem eru haldnir þessu eðli. Þar eru þættirnir nefnilega truflaðir með auglýsingum. Þeir sem hafa náð hvað mestu valdi á þessari tækni geta skipt með ótrúlegri nákvæmni án þess að missa brot úr þættinum sem þeir eru að horfa á. Fyrir byrjendur getur þetta reynt á þolinmæði þeirra sem eru að horfa á sjónvarpið með þeim. Mikilvæg atriði geta farið forgörðum. Þeir ættu því að æfa sig í einrúmi.

Ég er ekki haldinn mikilli fjarstýringaráráttu en viðurkenni að þegar gesti ber að garði vill ég vera með hana. Líður einfaldlega best þannig. Flökkueðlið hjá mér brýst fram þegar ég veit að ekkert er í sjónvarpinu. Þá felst skemmtunin fyrir framan sjónvarpið ekki í sjónvarpsglápinu heldur flakkinu.



**FJARSTÝRINGIN** Tækið getur gert sjónvarpsglápið skemmtilegt þegar ekkert er í sjónvarpinu



▶ **20.10** *Spenna*

**ER. Starfsfólkið á bráðavaktinni er eins misjafnt og það er margt en vinnur saman við að hjálpa fólki.**



▶ **21.15** *Drama*

**Kevin Hill. Kevin Hill getur ekki kvartað yfir lífinu þangað til hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.**



▶ **21.00** *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Norelle á mjög erfitt með að venjast lífinu í Japan.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.05** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (1:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (18:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (30:42)

**18.30** **Sögur úr Andabæ (4:14)** (Ducktales)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
▶ **20.10** **Bráðavaktin (21:22)** (ER) Bandarískur myndaflokkur um starfsfólk og sjúklinga á slysadeild sjúkrahúss í bandarískri stórborg.
**20.55** **Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins.
**21.25** **Litla-Bretland (4:8)** (Little Britain) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.40** **Stóra stökkið** (The Making of 1 Giant Leap) Mynd um gerð heimildarmyndarinnar 1 Giant Leap sem var nefnd til tvennra Óskarsverðlauna árið 2003.

**23.50** Mósaík **0.30** Kastljósið **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Two and a Half Men (24:24) (e) **13.25** The Osbournes (29:30) (e) **13.45** Whose Line is it Anyway **14.10** Life Begins (6:6) (e) **15.00** Summerland (7:13) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Medium (7:16)** (Miðillinn) Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Allison nær sambandi við hina framliðnu og getur líka séð atburði fyrir. Bönnuð börnum.
▶ **21.15** **Kevin Hill (4:22)** (Snack Daddy) Kevin Hill nýtur lífsins í botn. Hann er í skemmtilegri vinnu, býr í flottri íbúð og vefur kvenfólkinu um fingur sér. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf. Hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.
**22.00** **William and Mary (6:6)** (William and Mary 2) Hann er útfararstjóri og hún ljósmóðir. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en vegir ástarinnar eru óútreiknanlegir.
**22.45** **Oprah Winfrey**

**23.30** Sister Mary Explains It All **1.00** Medical Investigations (3:20) **1.45** Fréttir og Ísland í dag **3.45** Ísland í bítið **5.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Everybody Loves Raymond (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **8.20** The Swan – lokaþáttur (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist **17.55** Cheers – 2. þáttaröð (16/22)

**18.20** Innlit/útlit (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **Everybody loves Raymond (e)**
**20.00** **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllun sinni um það sem hæst ber hverju sinni.
▶ **21.00** **America's Next Top Model** Farið er með stúlkurnar á testofu þar sem þeim er kennt að sjóða te og bera fram. Norelle á enn erfitt með að venjast lífinu í Japan og það sést.
**22.00** **Law & Order: SVU** Sérfræðingur í glæparannsóknum er sakaður um að hafa nauðgað og myrt nema. Rannsóknin beinist að prófessor sem Cragen handtók mörgum áratugum áður fyrir svipaða glæpi.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (16/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Cats & Dogs **8.00** Catch Me If You Can **10.15** Einkalíf **12.00** Bruce Almighty **14.00** Cats & Dogs **16.00** Catch Me If You Can **18.15** Einkalíf **20.00** Bruce Almighty **22.00** Pirates of the Caribbean: The **0.20** Clay Pigeons (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Primary Suspect (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Pirates of the Caribbean

### OMEGA

**8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna **12.00** Freddie F. **12.30** Dr. David **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Vatnaskil **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Sherwood C. **17.30** Maríusystur **18.00** Joyce M. **18.30** Ron P. **19.00** Daglegur styrkur **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **20.30** Níubíó **23.15** Korter

### ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: UEFA Cup **13.30** Snooker: World Championship Sheffield **16.30** Olympic Games: Olympic Magazine **17.00** All sports: WATTS **17.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.30** Equestrianism: World Cup Las Vegas United States **21.30** Golf: U.S. P.G.A. Tour Shell Houston Open **22.30** Golf: the European Tour Johnnie Walker Classic **23.00** All Sports: Wednesday Selection **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Really Wild Show **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **23.00** Renaissance **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** After the Genome

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Marine Machines **15.00** Leopard Seals – Lords of the Ice **16.00** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Leopard Seals – Lords of the Ice **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Marine Machines **22.00** Inside the Britannic **23.00** Forensic Factor **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** A Herd of Their Own **13.00** Predator Bay **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Wildlife Specials **19.00** Ferocious Crocs **20.00** Miami Animal Police **21.00** Wildlife Specials **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Return of the Cheetah **1.00** Dolphinmania

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Machines **13.00** Weapons of War **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Giant Cranes **17.00** A Racing Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Conspiracies on Trial **19.30** Storms of War **20.00** Zero Hour **21.00** Mummy Autopsy **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Sniper School

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Behind the Music **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Ross's BBQ Party **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Sex Tips for Girls **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Jackie Collins Presents **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** 101 Most Starlicious Makeovers **23.00** E! News **23.30** Extreme Close-Up **0.00** 101 Most Starlicious Makeovers

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.30** Star Wars: Clone Wars **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.30** Hot Paint **15.00** Thief of Paris, the **17.00** X – 15 **18.45** Foxes **20.30** High Tide **22.10** Honor Betrayed **23.45** Scalphunters, the **1.30** Shatterbrain, the

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### THE MAKING OF 1 GIANT LEAP *Sjónvarpið kl. 22.40*

*Myndin 1 Giant Leap fær 6,6 í einkunn á imdb.com.*

### *Samhljómur í margbreytileika*

Stóra stökkið er heimildamynd um gerð myndarinnar 1 Giant Leap sem var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna árið 2003.

Tveir ungir tónlistarmenn, Jamie Catto og Duncan Bridgeman, fóru til tuttugu landa í fjórum heimsálfum í leit að samhljómnum í margbreytileikanum. Þeir höfðu með sér upptökutæki og tóku upp það sem tónlistarmenn, hugsuðir og rithöfundar á hverjum stað höfðu fram að færa.

Í myndinni koma fram margir heimsþekktir tónlistarmenn og spekingar eins og Neneh Cherry, Brian Eno, Michael Stipe og Robbie Williams.



Michael Stipe.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða bíómynd var sagt:

**„A good body with a dull brain is as cheap as life itself."**

**Svar:** Batiatus úr kvikmyndinni Spartacus frá árinu 1960.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegu nótunum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af draumum

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00**Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30** *Íþróttir*

**Meistaradeild Evrópu. Bein útsending frá undanúrslitum í Meistaradeildinni.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

**18.30** **UEFA Champions League** (Chelsea – Liverpool) Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleik Chelsea og Liverpool. Liverpool komst síðast í undanúrslit keppninnar fyrir 20 árum en Chelsea náði jafn langt í Meistaradeildinni í fyrra.

**21.00** **World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Nú er röðin komin að keppninni 1986. Jón Páll var sterkastur 1984 en varð að sætta sig við annað sæti árið eftir. Jón Páll mætti öflugur til leiks, staðráðinn í að endurheimta titilinn. Bretinn Geoff Capes sigraði 1985 og var mættur aftur.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**22.30** **David Letterman**

**23.15** UEFA Champions League (Chelsea – Liverpool) **0.55** World Series of Poker

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** I Bet You Will **19.30** Tvíhöfði (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Ren & Stimpy 2 **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

**TCM**

**19.00** Lolita **21.30** The Outrage **23.05** Rogue Cop **0.35** Ride, Vaquero! **2.05** All the Fine Young Cannibals

**HALLMARK**

**13.15** Best of Friends **14.15** Broken Vows **16.00** Early Edition **16.45** Dinotopia **18.30** Larry McMurtry's Dead Man's Walk **20.00** Law & Order Vi **20.45** Cavedweller **22.30** Larry McMurtry's Dead Man's Walk **0.00** Law & Order Vi **0.45** Pals **2.15** Cavedweller

**BBC FOOD**

**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** New Scandinavian Cooking **13.30** Kitchen Takeover **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** A Cook On the Wild Side **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Capital Floyd **16.30** Sophie's Sunshine Food **17.00** The Naked Chef **17.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Street Cafe **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.10** Fra parcelhus til dr¢mmebolig **12.25** Fordomme – go home **12.50** Mit ¢mme punkt **13.20** Den nye have **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Braceface **15.30** Junior **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar – Ikke i min baggård **18.35** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Indokina **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Boogie

**SV1**

**12.20** Mu-mu **14.00** Rapport **14.05** Plus **14.35** Familjen Anderson **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Mitt i naturen **19.00** State and Main **20.45** Cirkeln som slutade läsa **21.10** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.30** Inför ESC 2005 **22.30** En röst i natten **23.20** Sändningar från SVT24


# 8-vikna námskeið

**Berglind Ósk Ólafsdóttir,**
28 ára, nemi
Ég fór á námskeið fyrir nokkru og sá árangur sem ég náði þar hefur hvatt mig áfram. Ég er búin að léttast um 13 kíló og mér hefur aldrei liðið betur. Aðhald námskeiðanna er tvímælalaust aðalsmerki þeirra og lykillinn að góðum árangri þátttakenda. Ég mæli svo sannarlega með námskeiðunum í Hreyfingu.

**Kristín Jóhanna Hirst,**
43 ára, nemi
Ég fór á námskeið í Hreyfingu í vetur og óhætt er að segja að það hafi farið fram úr mínum björtustu vonum. Aðhaldið var það sem ég þurfti og tryggði góðan árangur. Vellíðanin sem fylgir reglulegri þjálfun er minn hvati til að halda áfram og ekki spilla kílóin 7 sem hurfu. Hreyfing er hluti af mínum lífsstíl.

**Gná Guðjónsdóttir,**
41 árs, lögreglufulltrúi
Það er ekki spurning að námskeiðin í Hreyfingu eru frábær kostur fyrir konur sem vilja komast í betra form. Það að vera hluti af hóp sem stefnir að sömu markmiðum er stór þáttur í þeim árangri sem ég hef náð. Þjálfunin er nauðsynlegur þáttur í lífi mínu og gerir mig skipulagðari í leik og starfi.

**Betra Form**



**Byrjum 2. maí**

**Í betra form fyrir sumarið!**

FABRIKAN

Gott aðhald, mikil fræðsla og stuðningur eru lykilþættir námskeiðsins sem skila þeim árangri sem þátttakendur sækjast eftir. Það er ekki aðeins að kílóunum fækki heldur bæta þátttakendur heilsu sína til muna, líkamlegt þrek og andlega líðan.

*Í boði eru:*
*Morgunhópar*
*Kvöldhópar*
*Framhaldshópar*

**Innifalið í námskeiðunum er eftirfarandi:**
- Þjálfun þrisvar til fimm sinnum í viku
- Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi Sæmundssyni næringarfræðingi
- Fitumælingar og vigtun
- Matardagbók
- Mjög mikið aðhald
- Vinningar dregnir út í hverri viku
- Fimm heppnar og samviskusamar vinna 3ja mánaða kort í lok námskeiðs
- Allir sem fara á byrjendanámskeið fá hina vönduðu bók, Í form á 10 vikum, eftir Ágústu Johnson. Bókin er að verðmæti 4.290 kr.

**Skráning er í síma 568-9915**
**eða með tölvupósti:**
**hreyfing@hreyfing.is**

HREYFING
Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is



## HRÓSIÐ

*...fær Grímur Hákonarson, sem er á leið á kvikmyndahátíðina í Cannes með stuttmyndina Skafti skítur.*

## ÞRÍR SPURÐIR

HVERNIG LÍST ÞÉR Á NÝJA PÁFANN?



*Sigríður Beinteinsdóttir söngkona.*

**Mættu fá einhvern yngri**

Mér er svosum sama hver hann er þessi páfi en þeir mættu alveg fá einhvern yngri. Þessir gömlu kallar eru svo hrikalega íhaldssamir og það sem maður hefur lesið um hann þá virkar hann mjög íhaldssamur sem er auðvitað ekki nógu gott. Þeir verða að reyna að setja sig aðeins meira inn í nútímann þessir kallar. En ég er svosum ekki kaþólikki svo þetta snertir mig ekki persónulega.



*Heiðar Austmann þáttastjórnandi.*

**Of íhaldssamur**

Hann kemur náttúrulega frá nasistaæskunni eða því en það er víst lítill nasisti í honum. En hann er allt of íhaldssamur, á móti hjónaböndum samkynhneigðra sem og getnaðarvörnum. Tímarnir breytast og þessar gamaldags skoðanir páfanna ættu líka að gera það. Þeir á vefsíðu Sun áttu góða fyrirsögn sem var sett saman úr nafninu hans Ratzinger og papa sem þýðir einmitt páfi á ítölsku. Úr því fengu þeir orðið Papa-Ratzi sem mér fannst mjög fyndið.



*Margrét Eir Hjartardóttir söngkona.*

**Ekkert hjartans mál**

Ég er nú ekki sjálf kaþólsk svo þetta er mér svosum ekkert hjartans mál. Mér skilst að þeir hafi farið hefðbundnu leiðina og valið eldri mann sem er víst ekkert rosalega opinn fyrir tuttugustu öldinni. Vinkona mín sem bjó á Ítalíu sagði að þeir hefðu aldrei tekið sénsinn á einhverjum sem væri opinn fyrir nýjungum eða fylgjandi samkynhneigð eða eitthvað.



**Lárétt:** 1 lán, 5 stefna, 6 niðursuðuverksmiðja – a, 7 gól – l, 8 veitingastaður, 9 kraft, 10 kyrrð, 12 farfa, 13 flýtir, 15 sólguð, 16 hrap, 18 uppistöðu.
**Lóðrétt:** 1 orka hugans, 2 herma, 3 tveir eins, 4 reifst, 6 samdir, 8 grænmeti, 11 reykja,14 slæm, 17 ull.

**Lausn**

**Lárétt:** 1 happ, 5 upp, 6 or, 7 ga, 8 krá, 9 mátt, 10 ró, 12 lit, 13 asi, 15 ra, 16 fall, 18 lóni.
**Lóðrétt:** 1 hugarafl, 2 apa, 3 pp, 4 þráttaði, 6 orti, 8 kál, 11 ósa, 14 ill, 17 ló.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Heather Conley.
2. 300 þúsund.
3. Fjarðaál Team Village, FTV.








**VIGNIR SNÆR VIGFÚSSON** Segir lagið ekki vera stolið en uppbygging þess sé vissulega undir áhrifum frá einni hljómsveit.

VIGNIR SNÆR: BLÆS Á ALLAR SÖGUSAGNIR

# Eurovisionlagið er ekki stolið

Fá ef einhver lög eru jafn mikið undir smásjánni og Eurovisionlög okkar Íslendinga. Einhverjir tónlistarspekingar telja sig hafa fundið lag sem þeir telja að *If I Had Your Love*, sem Selma Björnsdóttir flytur í Kænugarði, sé stolið frá. Það er lagið *We Are All to Blame* með bandarísku pönkrokkgrúppunni Sum 41.

Vignir Snær Vigfússon, annar höfundur Eurovisionlagsins, kom af fjöllum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég keypti mér reyndar tvo diska með sveitinni og fannst fyrstu lögin ágæt en svo hefur mér þótt þau full einhæf. Það er ekki hægt að semja endalaust mörg lög með sama hljómaganginum," sagði hann og hló. Hann viðurkenndi reyndar að uppbygging lagsins væri undir áhrifum frá einni hljómsveit en laglínan væri ekki stolin, að minnsta kosti ekki meðvitað. „Menn eru yfirleitt ekki að gera neitt nýtt þegar kemur að popptónlist. Hljómarnir sem slík tónlist býður upp á eru ekki það margir að það er auðvelt að detta niður á kunnuglegan hljómagang," sagði Vignir Snær og bætti því við að ef tónlistarmanni tækist að semja lag sem einhverjum fyndist hljóma kunnuglega en væri samt ekki stolið væri hann með poppsmell.

Páll Óskar Hjálmtýsson, Eurovisionsérfræðingur Íslands, kvaðst ekki hafa heyrt lagið með Sum 41. Sjálfum þótti honum strengjakaflinn í íslenska laginu vera undir áhrifum frá *Toxic* með Britney Spears, fannst hann hafa heyrt einhverja tengingu við þýsku Eurovisonhljómsveitina *Ghengis Khan* og eitthvað smá frá *Die Another Day* með Madonnu. „Annars getur þú tekið hvaða popplag sem er, borið það saman við öll önnur popplög og fundið einhverja hliðstæðu," sagði hann og leyfði sér að efast um að tónlistarmaður sem velti því sífellt fyrir sér hvort hann væri að stela eða ekki gæti náð langt.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Bubbi Morthens** mun brátt senda frá sér nýja plötu sem hann hefur unnið með **Barða Jóhannssyni** úr Bang Gang. Samstarf þeirra félaga hefur víst gengið vel en vinátta þeirra hefur þó ekki alltaf verið dans á rósum. Þeir kynntust fyrst í söngvakeppni MR árið 1994 þar sem Barði var meðal keppenda en Bubbi dómari. Barði söng lagið **Sumarið er tíminn,** sem hljómsveitin **GCD** gerði vinsælt, af mikilli innlifun til að byrja með, við góðar undirtektir áhorfenda og dómara. Eitthvað fór honum þó að leiðast þófið og í stað þess að syngja **„mér finnst það í góðu lagi„,** eins og segir í upprunalega textanum, söng hann **„þetta er nú meira helvítis lagið„.** Eitthvað fór þessi afbökun á textanum í skapið á Bubba og lá við að hann gengi út.





**Umræðan** um Eurovision er komin í hámæli enda styttist óðfluga í keppnina í Kænugarði. Framlag okkar Íslendinga hefur fengið góða dóma en miklar vangaveltur hafa verið uppi um hvort lagið sé hugsanlega stolið og þá frá hljómsveitinni Sum 41. Lag piltanna í Sum 41 er þó langt því frá að vera heilagt en það líkist að mörgu leyti laginu *Chop Suey* með **System of a Down** af plötunni *Toxicity*. Það gæti því allt eins hafa verið Toxicity platan sem hljómaði í bíl þeirra **Þorvalds Bjarna** og **Vignis Snæs** þegar þeir héldu í sumarbústaðaferðina frægu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sá síðarnefndi með stórt og mikið rokkhjarta þótt hann spili mestmegnis popptónlist.








# Ragnhildur Steinunn kynnir stigin

Milljónir marglitra augna munu stara á Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur sjónvarpskonu og háskólanema þegar hún kynnir íslensku stigagjöfina í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva að kvöldi 21. maí.

„Yfirmenn innlendrar dagskrárdeildar báðu mig um að vera kynnir og ég sló til," segir Ragnhildur Steinunn sem sjálf fékk aukinn áhuga á Eurovision þegar Birgitta Haukdal vinkona hennar keppti fyrir Íslands hönd.

„Ég held það verði sérlega gaman að fylgjast með keppninni í ár, ekki síst Selmu sem verður örugglega með flott „show". Eftir að pólitík fór að lita keppnina þurfa keppendur að leggja enn meira á sig til að vekja athygli, og verður spennandi að sjá þá fara með þetta alla leið."

Ragnhildur segist ekki vitund stressuð fyrir stóru stundina, enda vön sviðsljósinu. „Mér hefur alltaf þótt skrýtið að mikla fyrir sér áhorfendafjölda, því ég vil skila mínu til hvers og eins. Í mínum huga er hver einasti áhorfandi mikilvægur og þótt Ópið hafi talsvert minni áhorfendahóp ber ég engu minni virðingu fyrir honum. Pressan er auk þess á Selmu, en ekki mér," segir Ragnhildur sem mun kynna stigin á ensku. „Ég kann ekki orð í frönsku og má skila þessu frá mér á ensku, en annars hefði ég ekki mátt vera að þessu. Ég hef engan tíma í frönskukennslu núna, er á fullu í Kalla á þakinu, þarf að klára Ópið og taka próf í Háskólanum," segir Ragnhildur sem þykir það leitt að stigagjöfin í Eurovision sé komin út í samantekin ráð og baktjaldamakk. „En við Íslendingar erum ekkert saklausari en hinir og sjálf sek um að gefa grönnum okkar stig. Ég veðja á að Svíþjóð nái langt þetta árið."



**RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR** Kynnir íslensku stigagjöfina í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva þann 21. maí og segist allt eins vilja standa í snjógalla uppi á jökli við þá athöfn. Hún spáir Svíum góðu gengi í keppninni, eins og Selmu okkar Íslendinga.

thordis@frettabladid.is


Verðstríð
alla daga
TILBOÐIN GILDA TIL OG MEÐ 28. APRÍL 2005
Láttu ekki ljúga að þér! Við erum ódýrari!
BT MEÐ MÆLI
4.499
1.499
ÓDÝRAST Á ÍSLANDI!
22 ÞÆTTIR!
3.499
GREFILL
EÐAL-ROKK!
2.499
CLOONEY OG FÉLAGAR
1.599
1.999
1.999
1.999
1.999
Tökuvél
BT Bestu kaupin
MiniDv videóvél NVGS17B
Panasonic
ÓTRÚLEGT VERÐ!
3.299**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.588 STAÐGREITT
Heildarverð er 41.528 krónur.
Klipptu sjálfur í tölvu
WINDOWS MOVIE MAKER
Klippistúdíó
Með heimilistölvunni og panasonic tökuvélinnni ertu komin með fullkomið klippistúdíó.
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
PS2 tilboð
4.999
4.999
4.999
Veldu einn leik í kaupbæti
BESTA VERÐIÐ
BT
13.999
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Síðan 1991
Þakviðgerðir Pace®
Málarameistari sér um þakið
555 7500



BAKÞANKAR

SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

# Ekki borða í rúminu

Ég veit það ekki en held að það sé ekki hollt að borða í rúminu, í það minnsta ekki fyrir svefninn. En hætturnar eru svo sem fleiri en hvað varðar meltinguna og það allt saman. DV sagði frá raunum hjóna við Kleppsveg í gær – raunum sem þau rötuðu í einmitt vegna þess að þau voru að borða í rúminu. Afleiðingar máltíðarinnar eru það miklar að héraðsdómur fjallar um málið, ekki vegna þess að hjónin voru að borða í rúminu. Það getur nefnilega verið stórhættulegt að borða í rúminu, einkum og sér í lagi ef hnífapör eru við hendina.

**HÚSBÓNDINN** segir við DV hvað bar út af. Gefum honum orðið: „Við vorum að borða uppi í rúmi og ég hlýt að hafa sagt eitthvað móðgandi við hana.“ Það er málið, það er ekki sniðugt að móðga konur í rúminu og alls ekki ef verið er að snæða. Enda lét húsfrúin á Kleppsveginum bóndann ekkert eiga hjá sér. Greip hnífinn og stakk í bak bónda sínum sem meiddist nokkuð, gat kom á lunga sem féll saman. Löggan komst í málið og hjónin vilja ekkert frekar en yfirvöld hætti að skipta sér af.

**HÚSBÓNDINN** vildi ekkert segja helsærður eftir hnífstunguna. Enda ekki karlmannlegt að klaga konur, ekki einu sinni fyrir að stinga sig í bakið. Húsbóndinn barðist enda vildi hann ekki, þótt særður væri, segja til konunnar: „Fyrst þegar löggan spurði mig hvað hefði komið fyrir vildi ég ekkert segja, en eftir að hafa fengið mjög sterk verkjalyf gaf ég mig og sagði hvað hafði komið fyrir.“ Hann er sannur kavalér og vill alls ekki að konan fari í fangelsi þótt hún hafi brugðist fullhart við móðguninni á sínum tíma.

**HÚSBÓNDINN** hefur öðlast reynslu sem við karlmenn getum allir dregið nokkurn lærdóm af. Ekki borða í rúminu, ekki móðga konur og alls ekki í rúminu og ekki þiggja óþekktar verkjatöflur, hvorki veikar né sterkar, því þá er hætta á að lausmælgi geri vart við sig og komi jafnvel ástvinum illa. Samt er einu ósvarað og það verður sennilega aldrei leitt í ljós. Hvað sagði húsbóndinn sem var svona móðgandi? „Ég veit ekki alveg af hverju hún stakk mig.“ Það var og.



VINNUR ÞÚ FERÐ FYRIR FJÓRA Á U2 Í LONDON?
Ef þú sækir um EGO kortið fyrir 1. maí gætirðu unnið ferð fyrir fjóra til London á tónleika með stórsveitinni U2 í sumar!


ÞAÐ ER EITTHVAÐ BOGIÐ VIÐ EGO KORTIÐ!
- Hvað er EGO kortið? Nýtt magnað kreditkort sem hentar ungu fólki!
- Eru árgjöld? Á EGO kortinu eru engin árgjöld og engin færslugjöld.
- Hvað græði ég á að nota EGO kortið? Þú færð fullt af sértilboðum og góða afslætti hjá flottum fyrirtækjum.
- Hvar get ég sótt um EGO kortið? Á www.ego.is
...og ekki má gleyma að þegar þú sækir um EGO kortið færðu 5000 kr. ferðaávísun frá MasterCard.
- Allt um sértilboð og afslætti á www.ego.is
spron
ego
Lækjarbrekka
Tapas Restaurant/Bar
Office 1 Superstore
BLEND
Hreyfing
S·K·Í·F·A·N
Retro Rak
La Senza
Erluís, Fákafeni
PRAVDA
smart
TONI&GUY
Hard Rock Cafe Reykjavík
BTnet
Aðal ökuskólinn
perlan
Lindarsól
Skólavörubúðin
SPA fegurð
Efnalaugin Hreint og klárt
Fiton/SÍA

ÓKEYPIS ÍSETNING Í BÍLINN


Pioneer DEH-1700R
• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW
• 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur
Verð kr. 17.900.-


Pioneer DEH-3700MP
• 4 X 45 W magnari • Spilar MP3 /WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW
• 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangar
Verð kr. 23.900.-
ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu